

## XI. VIÐAUKI

**Prófunarskilyrði fyrir eftirvagna með rafknúin hemlakerfi**

1. ALMENNT
  - 1.1. Í eftirfarandi ákvæðum teljast rafknúnir hemlar vera aksturshemlakerfi sem samanstendur af stjórnbúnaði, rafvélrænum yfirfærslubúnaði og núningshemlum. Rafknúni stjórnbúnaðurinn, sem stjórnar spennu fyrir eftirvagninn, skal staðsettur á eftirvagninum sjálfum.
  - 1.2. Eftirvagninn fær þá raforku, sem þarf fyrir rafknúna hemlakerfið, frá vélknúna ökutækinu.
  - 1.3. Rafknúnum hemlakerfum skal beitt með því að virkja aksturshemlakerfi vélknúna ökutækisins.
  - 1.4. Málspennan skal vera 12 volt.
  - 1.5. Hámarksstraumnotkun skal ekki fara yfir 15 amper.
  - 1.6. Raftenging rafknúins hemlakerfis við vélknúna ökutæki skal framkvæmd með sérstakri tengingu með kló og innstungu sem samsvarar . . . <sup>(1)</sup> og má klóin ekki passa í innstungur í ljósabúnaði ökutækisins. Klóin og kapallinn skulu vera á eftirvagninum.
2. SKILYRÐI VARDANDI EFTIRVAGNINN
  - 2.1. Ef rafgeymir er í eftirvagninum sem fær orku frá aflgjafabúnaði vélknúna ökutækisins skal hann aftengjast frá hleðsluleiðslunni þegar aksturshemlum eftirvagnsins er beitt.
  - 2.2. Á eftirvögnum, þar sem massi án hleðslu er innan við 75% af hámarks massa þeirra, skulu hemlunarkraftar stilltir sjálfkrafa eftir því hver hleðsluskilyrði eftirvagnsins eru.
  - 2.3. Rafknúin hemlakerfi skulu vera þannig að jafnvel þótt spenna í tengileiðslum lækki niður í 7 volt haldist hemlunarvirkni sem samsvarar 20% af (samanlögðum) hámarksþunga kyrrstæðs eftirvagns.
  - 2.4. Stjórnbúnaður, sem stillir hemlunarkrafta og bregst við halla í akstursátt (kólfur, gormamassakerfi, vökvatregðurofi), skal tengdur við undirvagn ef eftirvagninn hefur fleiri en einn ás og dráttarbúnað sem hægt er að stilla lóðrétt. Á eftirvögnum sem hafa einn ás og eftirvögnum með ásum sem eru nálægt hver öðrum, þar sem ásbil er undir einum metra, skal stjórnbúnaðurinn vera með búnaði sem gefur til kynna lárétta stöðu eftirvagnsins (t.d. hallamáli) og stillast handvirkt svo að hægt sé að stilla búnaðinn á láréttan flöt í samræmi við akstursteftnu ökutækisins.
  - 2.5. Rafliði, sem virkjar hemlastraum í samræmi við lið 2.2.1.20. í I. viðauka og er tengdur við virkjunarleiðslu, skal vera á eftirvagninum.
  - 2.6. Hafa verður gerviinnstungu fyrir klóna.
  - 2.7. Tengja skal gaumljós við stjórnbúnaðinn sem lýsir í hvert sinn sem hemlum er beitt og gefur til kynna að rafknúna hemlakerfi eftirvagnsins starfi eðlilega.
3. AFKÖST
  - 3.1. Rafknúin hemlakerfi skulu svara hraðaminnkun á samsetningunni dráttartæki/eftirvagn sem nemur ekki meira en  $0,4 \text{ m/s}^2$ .


<sup>(1)</sup> Í athugun. Þar til eiginleikar þessa sérstaka tengis hafa verið ákvarðaðir munu innlend yfirvöld, sem annast viðurkenningu, segja til um hvaða gerð skuli nota.

- 3.2. Hemlunarvirkni má byrja við upphafshemlunarkraft en hann má hvorki vera meiri en 10% af (samanlögðum) hámarksstöðuáspunga né meiri en 13% af (samanlögðum) hámarksstöðuáspunga eftirvagnsins án hleðslu.
- 3.3. Einnig má auka hemlunarkrafta í þrepum. Ef hemlunarkraftar eru stærri en um getur í lið 3.2 skulu þessi þrep hvorki vera meira en 6% af (samanlögðum) hámarksstöðuáspunga né meira en 8% af (samanlögðum) hámarksstöðuáspunga eftirvagnsins án hleðslu. Ef um er að ræða eftirvagna með einn ás og með hámarks massa undir 1,5 tonnum má fyrsta þrep þó ekki fara yfir 7% af (samanlögðum) hámarksstöðuáspunga eftirvagnsins. Aukning gildisins um 1% á milli þrepa er leyfileg (dæmi: fyrsta þrep 7%, annað þrep 8%, þriðja þrep 9% o.s.frv.; frekari þrep mega ekki fara yfir 10%). Tviása eftirvagnar með hjólhaf undir einum metra flokkast sem eftirvagnar með einn ás hvað þessi ákvæði varðar.
- 3.4. Tilskilinn hemlunarkraftur eftirvagns, sem er a.m.k. 50% af hámarksstöðuáspunga hans, verður að nást við hámarks massa þegar um er að ræða meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar samsetningarinnar dráttartæki/eftirvagn á ekki meira en  $5,9 \text{ m/s}^2$  þegar um er að ræða einása eftirvagna og á ekki meira en  $5,6 \text{ m/s}^2$  á margása eftirvögnum. Eftirvagnar með ása sem eru nálægt hver öðrum, þar sem ásbil er undir einum metra, flokkast einnig sem eftirvagnar með einn ás að því er þetta ákvæði varðar. Að auki skal virða þau mörk sem skilgreind eru í viðbætinum við þennan viðauka. Ef hemlunarkraftur er stilltur í þrepum skulu þau liggja innan sviðsins sem er sýnt í viðbætinum við þennan viðauka.
- 3.5. Prófunina skal framkvæma á byrjunarhraðanum 60 km/klst.
- 3.6. Sjálfvirk hemlun eftirvagnsins á að vera möguleg í samræmi við skilyrði liðar 2.2.2.9 í I. viðauka. Ef raforka er nauðsynleg til að sjálfvirk hemlun eigi sér stað skal tryggja hemlunarkraft eftirvagns, sem er a.m.k. 25% af samanlögðum hámarksáspunga hans, í a.m.k. 15 mínútur til að uppfylla framangreind skilyrði.

Viðbætur

Samhæfi hemlunarhlutfalls eftirvagnsins og meðalgildis fullþróaðrar hraðaminnkunar samsetningarinnar dráttartæki/eftirvagn

(Eftirvagn með og án hleðslu)



Athugasemdir:

- Mörkin, sem gefin eru upp á línuritinu, eiga við eftirvagna með og án hleðslu. Þegar massi eftirvagns án hleðslu fer yfir 75% af hámarksmassa hans eiga mörkin einungis við skilyrði „með hleðslu“.
- Mörkin, sem gefin eru upp á línuritinu, hafa ekki áhrif á ákvæði þessa viðauka varðandi tilskilin lágmarkshemlaafköst. Ef hemlaafköst sem fást við prófun, í samræmi við ákvæði sem gefin eru upp í lið 3.4 hér að framan, eru meiri en kraftur er skal þó ekki farið yfir mörkin sem gefin eru upp á línuritinu hér að framan.

TR = samanlagðir hemlunarkraftar við jaðar allra hjóla eftirvagnsins.

PR = samanlagt hornrétt stöðugagntak vegaryfirborðs á hjól eftirvagnsins.

J = meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar samsetningarinnar dráttartæki/eftirvagn.

## XII. VIÐAUKI

## Prófunaraðferð með tregðuafmæli fyrir hemlaborða

1. ALMENNT
  - 1.1. Hægt er að nota aðferðina sem lýst er í þessum viðauka ef breytingar verða á ökutækjagerðum við það að hemlaborðar af annarri gerð eru settir í ökutæki sem hafa fengið viðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun.
  - 1.2. Kanna skal þær gerðir hemlaborða sem um er að velja með því að bera afköst þeirra saman við afköstin sem fengust með þeim hemlaborðum sem voru í ökutækinu þegar það var viðurkennt og voru í samræmi við íhluti sem er lýst í viðeigandi upplýsinga-skjali sem gefin er fyrirmynd af í XVIII. eða XIX. viðauka.
  - 1.3. Tæknifyrvöld, sem sjá um að framkvæma viðurkenningarprófanir, geta krafist þess að gerður verði samanburður á afköstum hemlaborðanna í samræmi við viðeigandi ákvæði í II. viðauka.
  - 1.4. Framleiðandi ökutækisins, eða viðurkenndur fulltrúi hans, skal sækja um viðurkenningu á grundvelli samanburðar.
  - 1.5. Með „ökutæki“ er í þessum viðauka átt við ökutækjagerð sem viðurkennd er í samræmi við þessa tilskipun og skal samanburður fyrir hana teljast fullnægjandi.
2. PRÓFUNARBÚNAÐUR
  - 2.1. Nota skal aflmæli með eftirfarandi eiginleika:
    - 2.1.1. hann skal geta myndað þá tregðu sem krafist er í lið 3.1 í þessum viðauka og geta uppfyllt þær kröfur sem mælt er fyrir um í liðum 1.3 og 1.4 í II. viðauka með tilliti til prófana I, II og III, sem eru prófanir á minnkandi hemlun;
    - 2.1.2. hemlarnir, sem eru notaðir við prófunina, skulu vera eins og þeir sem voru á umræddri upphaflegri ökutækjagerð;
    - 2.1.3. ef ökutækið er með loftkælingu skal hún vera í samræmi við lið 3.4 í þessum viðauka;
    - 2.1.4. tækjabúnaður fyrir prófunina skal geta leitt í ljós eftirfarandi upplýsingar að minnsta kosti:
      - 2.1.4.1. samfellda skráningu á snúningshraða diska og skála;
      - 2.1.4.2. snúningsfjölda við eina hemlun með sundurgreiningu sem er ekki meira en einn áttundi úr snúningi;
      - 2.1.4.3. hemlunartíma;
      - 2.1.4.4. samfellda skráningu þess hitastigs sem mælist á miðju svæðisins sem borðinn strýkst við eða við miðja þykkt diska, skála eða borða;
      - 2.1.4.5. samfellda skráningu þrýstings eða krafts í stýrileiðslu við beitingu hemla;
      - 2.1.4.6. samfellda skráningu hemlunarvægis.
3. PRÓFUNARSKILYRÐI
  - 3.1. Aflmælir skal stilltur, með  $\pm 5\%$  frávik, sem næst þeirri snúningstregðu sem svarar til þess hluta af heildartregðu ökutækisins sem hemlaður er með viðkomandi hjóli eða hjólum í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$I = MR^2$$

þar sem:

I = snúningstregða ( $\text{kgm}^2$ )

R = veltiradíus hjólbarða (hreyfifræðilegur) (m)

M = sá hluti af hámarksmassa ökutækisins sem er hemlaður með viðkomandi hjóli eða hjólum.

Þegar um er að ræða einenda aflmæli skal reikna þann massa út frá hönnunardreifingu hemlunarkrafts þegar hraðaminnkun vélknúinna ökutækja samsvarar viðeigandi gildi sem gefið er upp í lið 2.1.1.1.1 í II. viðauka; þegar um er að ræða eftirvagna skal gildið M samsvara þunga á jörð fyrir viðkomandi hjól þegar ökutækið er í kyrrstöðu og með hlaðið að hámarks massa.

- 3.2. Byrjunarsnúningshraði tregðuafmælis skal samsvara línulegum hraða ökutækisins eins og mælt er fyrir um í II. viðauka og grundvallast af veltiradíusi hjólbarðans.
- 3.3. Hemlaborðarnir skulu snertast á a.m.k. 80% snúningsflatarins og mega ekki hafa hitnað yfir 180°C við að slípa sig saman; annars má, að beiðni framleiðanda ökutækisins, slípa snúningsfletina saman í samræmi við tilmæli hans.
- 3.4. Heimilt er að nota kæli loft sem fer yfir hemlana í stefnu sem er hornrétt á snúningsásinn. Hraði kæli loftsins, sem fer yfir hemlana, skal ekki vera meiri en 10 km/klst. Hitastig kæli loftsins skal vera umhverfishiti.

#### 4. PRÓFUNARAÐFERÐ

- 4.1. Nota skal fimm sýnishorn af hemlaborðasamstæðum fyrir samanburðarprófun. Þau skulu borin saman við fimm hemlaborðasamstæður sem samrýmast upphaflegu íhlutunum sem eru tilgreindir í upplýsingaskjalinu varðandi fyrstu viðurkenninguna á viðkomandi ökutækjagerð.
- 4.2. Jafngildi hemlaborða skal grundvallast á samanburði á niðurstöðum sem fengust með þeim prófunaraðferðum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka og í samræmi við eftirfarandi kröfur:

##### 4.3. *Prófun 0 á afköstum með köldum hemlum*

- 4.3.1. Hemlum skal beitt þrisvar við byrjunarhitastig fyrir neðan 100°C. Hitastigið skal mælt í samræmi við ákvæði liðar 2.1.4.4.
- 4.3.2. Ef um er að ræða hemlaborða, sem nota á í ökutækjum í flokkum M og N, skal hemla með byrjunarsnúningshraða sem samsvarar þeim sem gefinn er upp í lið 2.1.1.1.1 í II. viðauka og skal hemlinum beitt til að ná fram meðalkraftvægi sem samsvarar tilskildu meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar samkvæmt þeim lið. Að auki skal framkvæma prófanirnar á mismunandi snúningshraða þar sem sá lægsti er 30% af hámarkshraða ökutækisins og sá hæsti 80% af þeim hraða.
- 4.3.3. Ef um er að ræða hemlaborða, sem nota á í ökutæki í flokki O, skal hemla með byrjunarsnúningshraða sem samsvarar 60 km/klst. og skal hemlinum beitt til að ná fram meðalkraftvægi sem samsvarar því sem mælt er fyrir um í lið 2.2.1 í II. viðauka. Framkvæma skal viðbótarprófun á afköstum með köldum hemlum á byrjunarsnúningshraða sem samsvarar 40 km/klst. til samanburðar við niðurstöður prófunar I eins og lýst er í lið 2.2.1.2.1 í II. viðauka.
- 4.3.4. Meðalhemlunarvægi, sem skráð er við framangreinda prófun á afköstum með köldum hemlum á borðunum sem eru prófaðir til samanburðar, skal við sömu inntaksgildi vera innan prófunarmarkanna  $\pm 15\%$  af meðalhemlunarvægi sem skráð er fyrir hemlaborða sem eru í samræmi við íhlutinn sem er tilgreindur í viðeigandi umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutæki.

##### 4.4. *Prófun I:*

- 4.4.1. Með endurtekinni hemlun
- 4.4.1.1. Hemlaborðar fyrir ökutæki í flokkum M og N skulu prófaðar í samræmi við þær aðferðir sem gefnar eru í lið 1.3.1 í II. viðauka.
- 4.4.2. Með samtengdri hemlun
- 4.4.2.1. Hemlaborðar fyrir eftirvagna í flokki O skulu prófaðar í samræmi við lið 1.3.2 í II. viðauka.

- 4.4.3. Afköst með heitum hemlum
- 4.4.3.1. Þegar prófununum, sem krafist er í lið 4.4.1 og 4.4.2 hér að framan, er lokið skal framkvæma prófun á afköstum með heitum hemlum eins og tilgreint er í lið 1.3.3 í II. viðauka.
- 4.4.3.2. Meðalhæmlunarvægi, sem skráð er við framangreinda prófun á afköstum með heitum hemlum á borðunum sem eru prófaðar til samanburðar, skal við sömu inntaksgildi vera innan prófunarmarkanna  $\pm 15\%$  af meðalhæmlunarvægi sem skráð er fyrir hæmlaborða sem eru í samræmi við íhlutinn í viðkomandi umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutæki.
- 4.5. *Prófun II*
- 4.5.1. Þessarar prófunar er einungis krafist ef núningshemlar á umræddu ökutæki eru notaðir í prófun II.
- 4.5.2. Hæmlaborðar fyrir vélknúin ökutæki í flokkum M<sub>3</sub> og N<sub>3</sub> (að undanskildum þeim sem krafist er í lið 2.2.1.19 í I. viðauka að settir séu í prófun IIA) skulu prófaðar í samræmi við þær aðferðir sem eru gefnar upp í lið 1.4.1 í II. viðauka. Eftirvagnar í flokki O<sub>4</sub> skulu prófaðar í samræmi við þær aðferðir sem eru gefnar upp í lið 1.6 í II. viðauka.
- 4.5.3. Afköst með heitum hemlum
- 4.5.3.1. Þegar prófuninni, sem krafist er samkvæmt lið 4.5.2 hér að framan, er lokið skal framkvæma prófun á afköstum með heitum hemlum eins og tilgreint er í lið 1.4.3 í II. viðauka.
- 4.5.3.2. Meðalhæmlunarvægi, sem skráð er við framangreinda prófun á afköstum með heitum hemlum á borðunum sem eru prófaðir til samanburðar, skal við sömu inntaksgildi vera innan prófunarmarkanna  $\pm 15\%$  af meðalhæmlunarvægi sem skráð er fyrir hæmlaborða sem eru í samræmi við íhlutinn sem er tilgreindur í viðkomandi umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutæki.
- 4.6. *Prófun á minnkandi hæmlunarvirkni (Prófun I)*
- 4.6.1. Með endurtekinni hæmlun
- 4.6.1.1. Hæmlaborðar fyrir ökutæki í flokki O<sub>4</sub> skulu prófaðir í samræmi við þær aðferðir sem gefnar eru í lið 1.6 í II. viðauka við þessa tilskipun.
- 4.6.3. Afköst með heitum hemlum
- 4.6.3.1. Þegar prófununum, sem krafist er í liðum 4.6.1 og 4.6.2 í þessum viðauka, er lokið skal framkvæma prófun á afköstum með heitum hemlum eins og tilgreint er í lið 1.6.2 í II. viðauka við þessa tilskipun.
- 4.6.3.2. Meðalhæmlunarvægi, sem skráð er við framangreinda prófun á afköstum með heitum hemlum á borðunum sem eru prófaðar til samanburðar, skal við sömu inntaksgildi vera innan prófunarmarkanna  $\pm 15\%$  af meðalhæmlunarvægi sem skráð er fyrir hæmlaborða sem eru í samræmi við íhlutinn í viðkomandi umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutæki.
5. EFTIRLIT MEÐ HEMLABORÐUM
- 5.1. Hæmlaborðar skulu skoðaðar sjónrænt að loknum prófununum sem lýst er hér að framan svo kanna megi hvort þeir séu í fullnægjandi ásigkomulagi fyrir áframhaldandi notkun í venjulegum akstri.

## XIII. VIÐAUKI

**Hemlunar- og fráviksprófun ökutækja sem eru með bráðabirgðavarahjól/-hjólbarða**

1. ALMENN SKILYRÐI
- 1.1. Tilraunabrautin skal vera svo til lárétt og yfirborðið með góðu veggripi.
- 1.2. Prófunin skal gerð þegar ekki er hætt á að vindur hafi áhrif á niðurstöðurnar.
- 1.3. Ökutækið skal hlaðið að hámarks massa samkvæmt skilgreiningu í lið 1.14. í I. viðauka.
- 1.4. Áspungi vegna hleðslu í samræmi við lið 1.3. í þessum viðauka skal vera í réttu hlutfalli við hámarksáspunga samkvæmt skilgreiningu í lið 1.2.1.2.1 í II. viðauka.
- 1.5. Dæla ber lofti í hjólbarða uns þeim þrýstingi er náð sem framleiðandi mælir með fyrir ökutækjagerðina.

## 2. HEMLUNAR- OG FRÁVIKSPRÓFUN

- 2.1. Prófunin skal gerð með bráðabirgðavarahjól/-varahjólbarða sem komið er fyrir ýmist í stað annars framhjólans eða annars afturhjólans. Ef notkun bráðabirgðavarahjólans/-varahjólbarða er takmörkuð við tiltekinn ás skal prófunin aðeins gerð með því að koma bráðabirgðavarahjólunu/-varahjólbarðanum fyrir á þeim ás.
- 2.2. Prófunin skal gerð með því að nota aksturshemlakerfið frá byrjunarhraðanum 80 km/klst., með hreyfilinn frátengdan.
- 2.3. Hemlunarvegalengdin skal ekki vera meiri en gildið sem eftirfarandi formúla <sup>(1)</sup> gefur:

$$s \leq 0,1 v + \frac{v^2}{150}$$

þar sem:

s = hemlunarvegalengd í metrum

v = byrjunarhraðinn 80 km/klst.

Krafturinn sem beitt er á stjórnþúnaðinn skal ekki vera meiri en 500 N.

Meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar í prófuninni skal ekki vera minni en 5,8 m/s<sup>2</sup>.

- 2.4. Prófanirnar skal gera fyrir alla möguleika á staðsetningu bráðabirgðavarahjólans/-hjólbarðans sem tilgreindir eru í lið 2.1. í þessum viðauka.
- 2.5. Ná skal fram tilskildum hemlunarafköstum án þess að hjólin læsist, án þess að ökutækið viki frá fyrirhugaðri akstursstefnu, án óeðlilegs titrings og óeðlilegs slits á hjólbörðum í prófuninni eða án óhóflegrar stýrileiðréttingar.

<sup>(1)</sup> Þetta er sama jafnan og notuð er fyrir afköst aksturshemlakerfis ökutækja í flokki M<sub>1</sub> í lið 2.1.1.1.1 í II. viðauka.

## XIV. VIÐAUKI

## Önnur aðferð við prófun læsivarinna hemlakerfa (ABS) fyrir eftirvagna

1. ALMENNT
- 1.1. Sleppa má prófun á eftirvagni í samræmi við X. viðauka við þessa tilskipun, þegar hann er tekinn til gerðarviðurkenningar, ef læsivarða hemlakerfið uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar.
2. UPPLÝSINGASKJAL
- 2.1. Framleiðandi læsivarða hemlakerfisins skal afhenda tækniþjónustunni upplýsingaskjal um kerfið (kerfin) sem óskað er eftir viðurkenningu á. Í skjalinu skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
  - 2.1.1. Almenn  
    - 2.1.1.1. Nafn framleiðanda
    - 2.1.1.2. Heiti kerfis
    - 2.1.1.3. Kerfisútfærslur
    - 2.1.1.4. Samskipanir kerfis (svo sem 2S/1M, 2S/2M o.s.frv.)
    - 2.1.1.5. Skýring á grunnstarfsemi kerfisins og/eða grunnhugmyndinni að baki því.
  - 2.1.2. Umsóknir  
    - 2.1.2.1. Skrá yfir gerðir eftirvagna og samskipanir læsivarinna hemlakerfa.
    - 2.1.2.2. Skýringarmyndir af samskipunum kerfisins sem setja skal á eftirvagnana sem um getur í lið 2.1.2.1., að meðtöldum eftirfarandi breytum:
      - Staðsetningar skynjara
      - Staðsetningar mótara
      - Lyftiásar
      - Stýrðir ásar
      - Rör: gerð — borvídd(ir) og -lengd(ir)
    - 2.1.2.3. Hlutfall hjólumfangs og tannafjölda mögnunarhjólans ásamt frávikum.
    - 2.1.2.4. Frávik í hjólumfangi tiltekins áss og annars áss sem er með sömu gerð af mögnunarhjóli.
    - 2.1.2.5. Notkunarsvið með tilliti til gerðar fjöðrunarbúnaðar, svo sem vélrænn með jafnvægisbúnaði o.s.frv., með tilvísun í framleiðanda og tegund/gerð.
    - 2.1.2.6. Tilmæli varðandi mismun (ef einhver er) á inntakskraftvægi hemla í tengslum við samskipan læsivarða hemlakerfisins og eftirvagnshjólasmæðuna.
    - 2.1.2.7. Leggja skal fram prófunargögn sem gera kleift að ákvarða hvaða áspungi reynist verst við prófun á orkunotkun. Þetta er gert með röð prófana þar sem áspungi fer stigvaxandi. Hámarksorkunotkun er ákvörðuð fyrir áspunga á bilinu  $\pm 10\,000\text{ N}$  og þurfa minnst fimm niðurstöður að liggja á þessu bili. Auk þess skal gefa upp niðurstöður sem sýna leitnina utan þess bils sem hámarksorkunotkun liggur á. Á grundvelli framangreindra upplýsinga skal hlaða eftirvagninn (-vagnana), sem er til prófunar, með þeim hætti sem sýnt er að reynist verst.



- 2.1.2.8. Viðbótarupplýsingar (ef við á) við umsókn um viðurkenningu á læsivarða hemlakerfisins.
- 2.1.3. Lýsing á íhlut
- 2.1.3.1. Skynjari/skynjarar
- Hlutverk
  - Auðkenni (svo sem númer hlutarins (eitt eða fleiri))
- 2.1.3.2. Stillir/stillar
- Almenn lýsing og hlutverk
  - Auðkenni (svo sem númer hlutarins (eitt eða fleiri))
  - Bilunarhamir eins og skilgreint er í lið 4.1. í X. viðauka.
  - Aðrir eiginleikar (svo sem hamlarastýring, sjálfvirk samskiptan, færíbreytur, greiningarkerfi)
- 2.1.3.3. Mótari/mótarar
- Almenn lýsing og hlutverk
  - Auðkenni (svo sem númer hlutarins (eitt eða fleiri))
  - Takmarkanir (svo sem mesta afkastarúmtak) sem hægt er að stjórna
- 2.1.3.4. Rafmagnsbúnaður
- Stýrirásateikning(ar)
  - Aðferðir við aflgjöf
  - Fylgd viðvörunarljósers
- 2.1.3.5. Loftrásir
- Teikningar af hemlakerfi með samskiptunum læsivarða hemlakerfisins fyrir eftirvagnsgerðirnar sem eru skilgreindar í lið 2.1.2.1.
  - Takmarkanir á stærðum og lengdum röra/leiðslna sem hafa áhrif á afköst kerfisins (svo sem milli mótara og hemlastrokks)
- 2.1.4. Rafsegulsamhæfi (EMC)
- 2.1.4.1. Kröfurnar í lið 4.6. í X. viðauka teljast uppfylltar, að því er varðar rafsegulsamhæfi viðvíkjandi næmni og útgeislun, þegar lögð er fram tæknimappa eða skjal um viðurkenningu samkvæmt viðurkenndum staðli <sup>(1)</sup>. Í tæknimöppunni eða viðurkenningarskjalinu skal veita ítarlegar upplýsingar um prófunaraðferð, samskiptanir, sem voru prófaðar, og niðurstöðurnar sem fengust.
3. SKILGREINING Á ÖKUTÆKJUM TIL PRÓFUNAR
- 3.1. Tækniþjónustan skal, á grundvelli upplýsinganna í upplýsingaskjalinu, einkum um gerðir eftirvagna sem eru skilgreindur í lið 2.1.2.1, gera prófanir á dæmigerðum eftirvögnum með allt að þrjá ása og búna læsivarða hemlakerfinu/samskiptaninni sem óskað er eftir viðurkenningu á og er skilgreind í lið 2.1.2.1 í þessum viðauka. Auk þess skal við val á eftirvögnum til að meta hafa í huga breytur í eftirfarandi málsgreinum.

<sup>(1)</sup> Sýna skal fram á þetta með samræmi við tækniröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 72/245/EBE (Stjtið. EB nr. L 152, 6.7.1972, bls. 15), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/54, Stjtið EB L 266, 8. 11. 1995, bls. 1).

## 3.1.1. Gerð fjöðrunarbúnaðar

Aðferðin við að meta afköst læsivarins hemlakerfis í tengslum við gerð fjöðrunarbúnaðar er valin með eftirfarandi hætti:

Festivagnar: Meta skal dæmigert ökutæki fyrir hvern flokk fjöðrunarbúnaðar, svo sem flokkur vélræns fjöðrunarbúnaðar með jafnvægisstillingu o.s.frv.

Tengivagnar: Meta skal dæmigert ökutæki fyrir hvaða flokk fjöðrunarbúnaðar sem er.

## 3.1.2. Hjólhaf

Hjólhaf er ekki takmarkandi þáttur fyrir festivagna en þegar um tengivagna er að ræða skal meta það ökutæki sem er með stysta hjólhafið.

## 3.1.3. Hemlagerð

Viðurkenningin takmarkast við hemla með þenjara en komi fram aðrar hemlagerðir kunna að verða gerðar kröfur um samanburðarprófun.

## 3.1.4. Hleðslustýrður hemlajöfnunarloki

Nýtanlegt veggrip skal ákvarða með hleðslustýrða hemlajöfnunarlokann stilltan á „hleðslu“ eða „án hleðslu“. Til að tryggja að læsivarða hemlakerfið fari í gang að fullu er hleðslustýrður hemlajöfnunarlokinn stilltur þannig að stöðubrýstingur í hemla-strokk sé einu bari hærra en hæsti gangbrýstingur læsivarða hemlakerfisins.

## 3.1.5. Virkjun hemla

Mismunur í virkjunarstigi hemla er skráður til að unnt sé að meta hann við prófanir til að ákvarða nýtanlegt veggrip. Nota má niðurstöður úr prófunum á einum eftirvagni á aðra eftirvagna sömu gerðar.

## 3.1.6. Orkunotkun

Velja skal þannig eftirvagn(a) til að meta læsivarða hemlakerfið að unnt sé að setja þungu á ásana sem reynist verst eins og skilgreint er í lið 2.1.2.7.

3.2. Fyrir hverja gerð eftirvagns, sem prófuð er, skal leggja fram skjöl til sönnunar á samhæfi hemla, eins og skilgreint er í viðauka við II. viðauka (2. og 4. skýringarmynd), til að sýna fram á samræmi.

3.3. Að því er varðar viðurkenningu teljast festivagnar og eftirvagnar með miðlægum ási til sömu gerðar ökutækja.

## 4. TILHÖGUN PRÓFUNAR

4.1. Tæknipjónustan skal gera eftirfarandi prófanir á ökutækjunum, eins og skilgreint er í 3. lið þessa viðauka, fyrir hverja samskipan læsivarða hemlakerfisins (sjá lið 2.1.4.), þar sem höfð er hliðsjón af skránni sem er skilgreind í lið 2.1.2.1. Milli-vísanir í dæmi um hvers konar áþungi reynist verst geta þó komið í stað tiltekinna prófana. Ef versta tilvik er beinlínis prófað ber að geta þess í prófunarskýrslunni.

## 4.1.1. Nýtanlegt veggrip

Gera skal prófanir í samræmi við aðferðina, sem er skilgreind í lið 6.2, fyrir hverja samskipan læsivarða hemlakerfisins og hverja gerð eftirvagns, sem um getur í upplýsingaskjalinu (sjá lið 2.1.2.1).

## 4.1.2. Orkunotkun

4.1.2.1. Áspungi — Þungi á ása eftirvagnsins, sem verið er að meta, skal vera sá sem reynist verst með tilliti til orkunotkunar (liður 2.1.2.7).

4.1.2.2. Prófun á orkunotkun — Gera skal prófun í samræmi við aðferðina, sem skilgreind er í 6. lið X. viðauka, fyrir hverja samskipan læsivarða hemlakerfísins.

4.1.2.3. Til að gera það kleift að kanna hvort eftirvagnar, sem afhentir eru til viðurkenningar, samræmist kröfum um orkunotkun læsivarða hemlakerfísins (sjá lið 6.1. í X. viðauka) skal sannprófa eftirfarandi:

4.1.2.3.1. Áður en prófun á orkunotkun hefst (sjá lið 4.1.2.2) skal ákvarða sambandið  $R_l$  milli færslu útiherluarms hemlastrokkssins  $s_T$  miðað við lengd hemlaarms  $l_T$  við 6,5 bara hemlastrokkspýsting.

Dæmi:  $l_T = 130$  mm,  $s_T = 22$  mm

$$R_l = \frac{s_T}{l_T} = \frac{22}{130} = 0,169$$

4.1.2.3.2. Ef hleðslustýrður hemlajöfnunarloki er stilltur á „hleðslu“ og upphafsorkumagn er stillt samkvæmt lið 6.1.2 í X. viðauka skal lokað fyrir frekari færslu lofts til orkusafnbúnaðarins. Hemlum er beitt með 6,5 bara þrýstingi í stýrileiðslu við slöngutengi og þeim síðan sleppt. Beiting hemla er endurtekin þar til þrýstingur í hemlastrokkum er sá sami og fæst þegar fylgt er prófunarferlinu sem er skilgreint í liðum 4.1.2.1 og 4.1.2.2. Skrá skal hversu oft þarf að beita hemlunum  $n_c$  í þessu skyni.

## 4.1.3. Prófun á núningi á tvískiptu yfirborði

Þegar skilgreina á læsivarið hemlakerfi sem kerfi í A-flokki skulu allar slíkar samskipanir læsivarinna hemlakerfa falla undir kröfur um afköst í lið 6.3.2. í X. viðauka.

## 4.1.4. Afköst á litlum og miklum hraða

4.1.4.1. Eftirvagninn skal stilltur fyrir mat á nýtanlegu veggripi og afköst á litlum og miklum hraða sannprófuð samkvæmt lið 6.3.1 í X. viðauka.

4.1.4.2. Þegar ákveðinn munur er á tannafjölda mögnunarhjól og hjólumfangs skal framkvæma virkniprófanir við mesta frávik í samræmi við lið 6.3 í X. viðauka. Þetta má gera með því að nota hjólbarða í mismunandi stærðum eða með því að framleiða sérstök mögnunarhjóla til að herma eftir ystu gildum tíðnisviðsins.

## 4.1.5. Viðbótarprófanir

Gera skal eftirfarandi viðbótarprófanir með dráttarökutækið óhemað og eftirvagninn án hleðslu:

4.1.5.1. Hjól, sem stjórnað er beint, skulu ekki læsast þegar ás/hjólasmastæða fer frá yfirborði með miklu veggripi ( $k_H$ ) yfir á yfirborð með litlu veggripi ( $k_L$ ), þar sem  $k_H \geq 0,5$  og  $k_H/k_L \geq 2$ , með 6,5 bara þrýstingi í stýrileiðslu við slöngutengi. Aksturshraði og augnablikið þar sem hemlum eftirvagnsins er beitt eru reiknuð þannig að þegar læsivarða hemlakerfið er í fullum gangi á því yfirborði sem hefur mikið veggrip skulu skiptin frá öðru yfirborðinu yfir á hitt yfirborðið eiga sér stað á hraða sem er um það bil 80 km/klst. og 40 km/klst.

4.1.5.2. Þegar eftirvagn fer frá yfirborði með litlu veggripi ( $k_L$ ) yfir á yfirborð með mikið veggrip ( $k_H$ ), þar sem  $k_H \geq 0,5$  og  $k_H/k_L \geq 2$ , með 6,5 bara þrýstingi í stýrileiðslu við slöngutengi skal þrýstingur í hemlastrokkum ná hæfilega háu gildi innan eðlilegra tímamarka og eftirvagninn skal ekki víkja frá upprunalegri akstursstefnu. Aksturshraði og augnablikið þar sem hemlum eftirvagnsins er beitt er reiknað þannig að þegar læsivarða hemlakerfið er í fullum gangi á því yfirborði sem hefur lítið veggrip skulu skiptin frá öðru yfirborðinu yfir á hitt yfirborðið eiga sér stað á hraða sem er um það bil 50 km/klst.

## 4.1.6. Herming bilunarhams

Skoða skal prófunarökutæki eða hermibúnaði með tilliti til utánaliggjandi lagna og samræmis við lið 4.1. í X. viðauka.

## 5. VIÐURKENNINGARSKÝRSLA

5.1. Semja skal viðurkenningarskýrslu sem inniheldur þau atriði sem eru tilgreind í 1. viðbæti við þennan viðauka.

## 6. SANNPRÓFUN

6.1. *Sannprófun íhluta og lagna*

Sannprófa skal hvort forskriftir læsivarða hemlakerfísins, sem komið hefur verið fyrir á eftirvagninum sem á að gerðarprófa, uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:

	Atriði	Viðmiðun
6.1.1.	a) Skynjari/skynjarar	Engin breyting leyfð
	b) Stillir/stillar	Engin breyting leyfð
	c) Mótari/mótarar	Engin breyting leyfð
6.1.2.	Bor/Rörvíddir- og lengdir	
	a) Aðfærsla frá orkugeymi til mótara Minnsta borvídd Mesta heildarlengd	Má auka Má minnka
	b) Aðfærsla frá mótara til hemlastrokks Borvídd Mesta heildarlengd	Engin breyting leyfð Má minnka
6.1.3.	Fylgd viðvörumerkis	Engin breyting leyfð
6.1.4.	Mismunur á inntakskraftvægi hemla í hjólasamstæðu	Aðeins leyfður viðurkenndur mismunur (ef einhver er)
6.1.5.	Aðrar takmarkanir: sjá 4. þátt í prófunarskýrslunni (sbr. 1. viðbæti þessa viðauka)	Uppsetning skal vera innan skilgreindra takmarkana — engin frávik leyfð

6.2. *Sannprófun geymisrýmdar*

6.2.1. Þar eð notuð eru margs konar hemlakerfi og aukabúnaður á eftirvagna er ekki unnt að gera töflu yfir ráðlagða geymarýmd. Til að sannreyna að komið sé fyrir nægilegri orkugeymslurýmd er hægt að gera prófun samkvæmt 6. lið X. viðauka eða fylgja eftirfarandi verklagsreglu:

6.2.1.1. Hemlarnir skulu stilltir þannig að þeir séu dæmigerðir fyrir aðstæður á prófunareftirvagni eða -eftirvögnum sem hafa verið viðurkenndir með tilliti til eins eða fleiri læsivarinna hemlakerfa. Á eftirvagninum, sem er afhentur til viðurkenningar, skal stilla færslu úthiersluarms hemlastrokksins við 6,5 bara þrýsting í hemlastrokki á gildi sem er reiknað með eftirfarandi formúlu:

*Athugasemd:* Til að öruggt sé að geymslurýmnd fyrir orku sé nægileg er reiknað með 20% öryggisstuðli.

$$S_v = l_v \times 1,2 \times R_1$$

Dæmi:

$$l_v = 150 \text{ mm}, R_1 = 0,169$$
$$S_v = 150 \times 1,2 \times 0,169 = 30,4 \text{ mm}$$

6.2.1.2. Þegar hemlarnir eru stilltir samkvæmt lið 6.2.1.1, hleðslustýrði hemlajöfnunarlokinn stilltur á „hleðslu“ og upphafsorkumagn stillt samkvæmt lið 6.1.2 í X. viðauka skal lokað fyrir frekari aðfærslu lofts til orkusafnbúnaðarins; ef eftirvagninn er búinn sjálfvirkum stillibúnaði vegna slits skal frátengja þennan búnað við prófunina eða setja upp jafngildan handstýrðan stillibúnað. Hemlunum er beitt með 6,5 bara þrýstingi í stýrileiðslu við slöngutengi og þeim síðan sleppt. Hemlum er beitt/sleppt endurtekið, alls  $n_c$ -sinnum, þar sem  $n_c$  er ákvarðað í prófinu sem gert er í samræmi við lið 4.1.2.3.2. Við hemlunina skal þrýstingur í þeirri rás, sem er í notkun, vera nægileg til að gefa samanlagðan hemlunarkraft við jaðar hjólanna sem er að minnsta kosti 22,5% af hámarksþunga á hjól í kyrrstöðu, án þess að nokkuð hemlakerfi, sem er ekki stýrt af læsivarða hemlakerfinu, fari sjálfvirkt í gang.

6.3. *Sannprófun á virkni*

6.3.1. Sannprófun á virkni takmarkast við hreyfivirkniþrófun á læsivarða hemlakerfinu. Til að tryggja að það fari í fullan gang kann að vera nauðsynlegt að stilla hleðslustýrða hemlajöfnunarlokann eða nota yfirborð með lítið veggrip.

*1. viðbætur***Viðurkenningarskýrsla um læsivarið hemlakerfi fyrir eftirvagna**

Viðurkenningarskýrsla nr. . . .

**1. Auðkenni**

1.1. Framleiðandi læsivarða hemlakerfisins (nafn og heimilisfang):

1.2. Heiti/tegund kerfis:

**2. Viðurkennt kerfi (eitt eða fleiri) og uppsetning**

2.1. Viðurkennt samskipan eða samskipanir læsivarða hemlakerfisins (svo sem 2S/1M, 2S/2M o.s.frv.):

2.2. Notkunarsvið (gerð eftirvagns og fjöldi ása):

2.3. Aðferðir við aflgjöf:

ISO 7638, ISO 1185 o.s.frv.

2.4. Auðkenni eins eða fleiri viðurkenndra skynjara, stilla og mótara:

2.5. Orkunotkun: fjöldi jafngildra stöðuhemlana og hlutfall á milli slaglengdar strokka og lengdar hemlaarms:

2.6. Önnur atriði, svo sem hamlarastýring, samskipan lyftiása o.s.frv.:

**3. Prófunargögn og -niðurstöður**

3.1. Gögn um prófunarökutæki

3.2. Upplýsingar um prófunaryfirborð:

3.3. Prófunarniðurstöður:

3.3.1. Nýtanlegt veggrip:

3.3.2. Orkunotkun:

3.3.3. Prófun á núningi á tvískiptu yfirborði:

3.3.4. Afköst á litlum hraða:

3.3.5. Afköst á miklum hraða:

3.3.6. Viðbótarprófanir:

3.3.6.1. Skipting frá yfirborði með miklu veggripi yfir á yfirborð með litlu veggripi:

3.3.6.2. Skipting frá yfirborði með litlu veggripi yfir á yfirborð með miklu veggripi:

3.3.7. Herming bilunarhamms:

3.3.8. Virkniprófun á valkvæðum afltengjum:

3.3.9. Rafsegulsamhæfi:

4. **Takmarkanir á uppsetningu**

- 4.1. Hlutfall hjólumfangs og tanna fjölda mögnunarhjólsins:
- 4.2. Frávik í hjólumfangi tiltekins áss og annars áss sem er með sömu gerð af mögnunarhjólí:
- 4.3. Gerð fjöðrunarbúnaðar:
- 4.4. Mismunur á inntakskraftvægi hemla í hjólasamstæðu eftirvagns:
- 4.5. Hjólhaf tengivagns:
- 4.6. Hemlagerð:
- 4.7. Borvíddir og -lengdir:
- 4.8. Notkun hleðslustýrðs hemlajöfnunarloka:
- 4.9. Fylgd viðvörðunarlampa:
- 4.10. Önnur tilmæli/takmarkanir (svo sem vegna staðsetningar skynjara, mótara, lyftiáss eða lyftiása, stýrðs áss eða ása):

5. **Dagsetning prófunar**

Framangreint læsivarið hemlakerfi er í samræmi við kröfur XIV. viðauka tilskipunar 71/320/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/12/EB.

Tækniþjónusta/viðurkenningaryfirvald <sup>(1)</sup> sem annast prófunina:

.....  
Undirskrift Dagsetning

Viðurkenningaryfirvald, ef það er annað en tækniþjónustan:

.....  
Undirskrift Dagsetning

Fylgiskjal:

(Upplýsingaskjal framleiðanda).

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

## 2. viðbætur

**Tákn og skilgreiningar**

Tákn	Athugasemdir
$s_T$	Færsla á útihersluarmi hemlastrokks viðmiðunareftirvagns í mm
$l_T$	Lengd á hemlaarmi viðmiðunareftirvagns í mm
$R_l$	Hlutfallið $s_T/l_T$
$n_e$	Fjöldi samsvarandi stöðuhemlana
$l_v$	Lengd á hemlaarmi eftirvagns sem er afhentur til viðurkenningar, í mm
$s_v$	Færsla á útihersluarmi hemlastrokks eftirvagns sem er afhentur til viðurkenningar, í mm



## XV. VIÐAUKI

**EB-gerðarviðurkenning fyrir hemlaborðasamstæður til endurnýjunar sem teljast aðskildar tæknieiningar**

## 1. GILDISSVIÐ

- 1.1. Viðauki þessi gildir um gerðarviðurkenningu fyrir hemlaborðasamstæður sem teljast vera aðskildar tæknieiningar í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE og nota skal til endurnýjunar í ökutæki og eftirvagna í flokkunum  $M_1 \leq 3,5$  tonn,  $M_2 \leq 3,5$  tonn,  $N_1$ ,  $O_1$  og  $O_2$ .
- 1.2. Einungis er skylt að fá viðurkenningu á þeim hemlaborðasamstæðum sem nota skal til endurnýjunar í ökutækjum og eftirvögnum sem voru viðurkenndir samkvæmt tilskipun 71/320/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

## 2. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 2.1. „*hemlunarbúnaður*“: sama og í lið 1.2. í 1. viðauka við þessa tilskipun;
- 2.2. „*núningshemill*“: sá hluti hemlunarbúnaðar sem myndar krafta sem veita hreyfingu ökutækisins viðnám með núnungi milli hemlaborða og disks eða skálar sem hreyfast hvort á móti öðru;
- 2.3. „*hemlaborðasamstæða*“: sá íhlutur núningshemils sem er þrýst upp að skál eða disk og myndar þannig núningskraftinn;
- 2.3.1. „*hemlaskóssamstæða*“: hemlaborðasamstæða skálarhemla;
- 2.3.1.1. „*hemlaskór*“: sá íhlutur hemlaskóssamstæðu sem hemlaborðinn er festur á;
- 2.3.2. „*klossasamstæða*“: hemlaborðasamstæða diskahemla;
- 2.3.2.1. „*bakplata*“: sá íhlutur klossasamstæðu sem hemlaborðinn er festur á;
- 2.3.3. „*hemlaborði*“: núningsefnisíhlutur hemlaborðasamstæðu;
- 2.3.4. „*núningsefni*“: vara sem verður til við tiltekna blöndun hráefna og ferla sem til samans ákvarða eiginleika hemlaborðans;
- 2.4. „*gerð hemlaborða*“: flokkur hemlaborða þar sem eiginleikar núningsefna eru eins;
- 2.5. „*gerð hemlaborðasamstæðu*“: flokkur hemlaborðasamstæðna sem eru eins að því er varðar gerð eða stærð hemlaborða eða eiginleika með tilliti til virkni;
- 2.6. „*upprunalegur hemlaborði*“: hemlaborðagerð sem vísað er til í gerðarviðurkenningarvottorði ökutækisins í lið 1.2 og undirliðum þess liðar í viðbót við 1. viðbæti IX. viðauka;
- 2.7. „*upprunaleg hemlaborðasamstæða*“: hemlaborðasamstæða sem er í samræmi við upplýsingarnar í upplýsingaskjali ökutækisins;
- 2.8. „*hemlaborðasamstæða til endurnýjunar*“: hemlaborðasamstæða af gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun sem hentug til endurnýjunar á upprunalegri hemlaborðasamstæðu;
- 2.9. „*framleiðandi*“: fyrirtæki sem getur tekið á sig tæknilega ábyrgð á hemlaborðasamstæðunum og sýnt er fram á að það er fært um að halda framleiðslunni í samræmi.

## 3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU

- 3.1. Framleiðandi hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu vegna gerðar hemlaborðasamstæðu fyrir tiltekna gerð ökutækis eða ökutækja í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 3.2. Handhafi gerðarviðurkenninga(r) ökutækis samkvæmt þessari tilskipun, að því er varðar hemlaborðasamstæður til endurnýjunar sem eru í samræmi við gerðina sem vísað er til í gerðarviðurkenningu ökutækisins í lið 1.2 og undirlitum þess liðar í viðbót við 1. viðbæti IX. viðauka;
- 3.3. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í XVII. viðauka.
- 3.4. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
- 3.4.1 Nægilega margar hemlaborðasamstæður af þeirri gerð, sem er afhent til viðurkenningar, til að unnt sé að gera viðurkenningarprófanirnar. Merkja skal sýnin greinilega og óafmáanlega með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda og heiti gerðarinnar.
- 3.4.2 Viðeigandi dæmigert eða dæmigerð ökutæki og/eða hemla.

## 4. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

- 4.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
- 4.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í XVI. viðauka.
- 4.3. Allar viðurkenndar gerðir hemlaborðasamstæðna til endurnýjunar skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta sama númeri til annarrar gerðar hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar. Sama gerðarviðurkenningarnúmer getur náð yfir notkun þessarar gerðar hemlaborðastæðu á mismunandi gerðum ökutækja.
- 4.4. MERKING
- 4.4.1. Hemlaborðar til endurnýjunar, sem samrýmast gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun sem aðskilin tæknieining, skulu hafa EB-gerðarviðurkenningamerki.
- 4.4.2. Merkið skal vera réttthyrningur utan um stafinn „e“ og skal auðkennandi númer eða bókstafir aðildarríkisins, sem veitti gerðarviðurkenninguna, fylgja:

- 1 fyrir Þýskaland,
- 2 fyrir Frakkland,
- 3 fyrir Ítalíu,
- 4 fyrir Holland,
- 5 fyrir Svíþjóð,
- 6 fyrir Belgíu,
- 9 fyrir Spán,
- 11 fyrir Breska konungsríkið,
- 12 fyrir Austurríki,
- 13 fyrir Lúxemborg,
- 17 fyrir Finnland,
- 18 fyrir Danmörku,
- 21 fyrir Portúgal,
- 23 fyrir Grikkland,
- IRL fyrir Írland.

„Grunnviðurkenningarnúmerið“, sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, er sett nálægt rétthyrningnum og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu meiri-háttar tæknibreytingar á tilskipun 71/320/EBE þann dag sem gerðarviðurkenning var veitt. Í þessari tilskipun er raðnúmerið 01. Enn fremur skulu þrír tölustafir, sem tákna hemlaskóinn eða bakplötuna, vera nálægt rétthyrningnum.

4.4.3. Viðurkenningarmerkið skal vera óafmáanlegt og vel læsilegt.

4.4.4. Í 1. viðbæti við þennan viðauka eru gefin dæmi um staðsetningu viðurkenningarmerkisins og -upplýsinganna sem um getur hér að framan og í lið 6.5 hér á eftir.

## 5. FORSKRIFTIR OG PRÓFANIR

### 5.1. ALMENNT

Hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar skal hanna og smíða þannig að þegar hún er sett í staðinn fyrir samstæðuna sem var upprunalega sett í ökutækið sé hemlunarvirgni ökutækisins sú sama og í viðurkenndu ökutækjagerðinni í samræmi við ákvæði II. viðauka við þessa tilskipun.

Nánar tiltekið:

- a) ökutæki sem er búið hemlaborðasamstæðum til endurnýjunar skal fullnægja viðeigandi kröfum varðandi hemlun í þessari tilskipun;
- b) hemlaborðasamstæða til endurnýjunar skal hafa sömu afkastaeiginleika og upprunalega hemlaborðasamstæðan sem hún á að koma í staðinn fyrir;
- c) hemlaborðasamstæða til endurnýjunar skal hafa þá vélrænu eiginleika sem til þarf.

5.2. Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar, sem eru í samræmi við gerðina, sem er tilgreind í gerðarviðurkenningarskjölunum við þessa tilskipun, teljast fullnægja kröfum 5. liðar þessa viðauka.

### 5.3. Kröfur um afköst

5.3.1. Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar fyrir ökutæki í flokkum M<sub>1</sub>, M<sub>2</sub> og N<sub>1</sub>.

Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar eru prófaðar í samræmi við fyrirmælin í 2. viðbæti og skulu fullnægja ákvæðum þess viðbætis. Nota skal aðra af tveimur aðferðum, sem lýst er í 2. viðbæti, að því er varðar hraðanæmi og jafngildi afkasta með köldum hemlum.

5.3.2. Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar fyrir ökutæki í flokkum O<sub>1</sub> og O<sub>2</sub>.

Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar eru prófaðar samkvæmt fyrirmælum í 3. viðbæti og skulu fullnægja kröfunum sem tilgreindar eru í 3. og 4. viðbæti við þennan viðauka.

### 5.4. Vélrænir eiginleikar

5.4.1. Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar, sem afhentar eru til viðurkenningar, skulu prófaðir með tilliti til skúfspennuþols samkvæmt staðlinum ISO 6312:1981.

Minnsta ásætlanlega skúfspennuþol er 250 N/cm<sup>2</sup> fyrir klossasamstæður og 100 N/cm<sup>2</sup> fyrir hemlaskóssamstæður.

5.4.2. Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar, sem afhentar eru til viðurkenningar, skulu prófaðar með tilliti til þjappanleika samkvæmt staðlinum ISO 6310:1981.

Gildi þjappanleika skulu ekki vera yfir 2% við umhverfishita og 5% við 400°C fyrir klossasamstæður og 2% við umhverfishita og 4% við 200°C fyrir hemlaskóssamstæður.

## 6. PÖKKUN OG MERKINGAR


6.1. Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar, sem eru í samræmi við gerð sem hefur verið viðurkennd í samræmi við þessa tilskipun, skulu markaðssettar í ásasamstæðum.

- 6.2. Hver ásasamtæða skal vera í lokuðum umbúðum sem eru með þeim hætti að það sést hvort þær hafa verið opnaðar áður.
- 6.3. Á öllum umbúðum skulu vera eftirfarandi upplýsingar:
- 6.3.1. fjöldi hemlaborðasamtæðna til endurnýjunar í umbúðunum;
- 6.3.2. nafn eða vörumerki framleiðanda;
- 6.3.3. tegund og gerð hemlaborðasamtæðna til endurnýjunar;
- 6.3.4. ökutækin/ásarnir/hemlarnir sem innihaldið er viðurkennt fyrir;
- 6.3.5. viðurkenningarmerkið.
- 6.4. Í hverjum pakka skulu vera upplýsingar um uppsetningu:
- 6.4.1. með sérstakri tilvísun í aukahluta;
- 6.4.2. þar sem fram kemur að skipta skal út hemlaborðasamtæðum til endurnýjunar í ásasamtæðum.
- 6.5. Á öllum hemlaborðasamtæðum til endurnýjunar skal skrá eftirfarandi viðurkenningarupplýsingar með varanlegum hætti:
- 6.5.1. viðurkenningarmerkið;
- 6.5.2. dagsetningu framleiðslu, að minnsta kosti mánuð og ár;
- 6.5.3. tegund og gerð hemlaborða.
7. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGU
- 7.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.
8. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU
- 8.1. Almennt ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 8.2. Upprunalegar hemlaborðasamtæður, sem lögð hefur verið inn umsókn fyrir samkvæmt lið 3.2., teljast fullnægja ákvæðum 8. liðar.
- 8.3. Prófanirnar, sem um getur í lið 2.3.5 í 10. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, eru prófanirnar sem mælt er fyrir um í lið 5.4 og í 4. viðbæti við þennan viðauka.
- 8.4. Eðlileg tíðni skoðana, sem lögbæra yfirvaldið heimilar, er einu sinni á ári.

1. viðbætur


Fyrirkomulag viðurkenningarkerkis og -upplýsinga


(sjá liði 4.4 og 6.5 í þessum viðauka)



Viðurkenningarkerkið hér fyrir ofan sýnir að viðkomandi hlutur hefur verið viðurkenndur í Hollandi (e 4) samkvæmt þessari tilskipun. Á myndinni vísa tveir fyrstu tölustafirnir (01) til raðnúmers sem er úthlutað fyrir nýjustu tæknilegu breytinguna sem gerð er á tilskipun ráðsins 71/320/EBE; viðurkenningaryfirvaldið hefur úthlutað hemlaborðagerðinni næstu fjórum tölustöfum (0047) sem grunnviðurkenningarnúmerum og næstu þremur tölustöfum (901) til viðbótar, sem eru staðsettir nálægt rétthyrningnum, hefur viðurkenningaryfirvaldið úthlutað hemla-skónum eða bakplötunni. Til samans mynda tölustafirnir níu viðurkenningarkerkið fyrir viðkomandi gerð hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar.

Dæmi um merkingu klossasamstæðu



**Dæmi um merkingu hemlaskóssamstæðu***Athugasemd:*

Staðsetning merkingar í dæmunum hér fyrir ofan er ekki skyldubundin.

## 2. viðbætur

**Kröfur vegna hemlaborðasamtæðna til endurnýjunar í ökutæki í flokkum M<sub>1</sub>, M<sub>2</sub> og N<sub>1</sub>**

## 1. SAMRÆMI VIÐ ÞESSA TILSKIPUN

Sýna skal fram á samræmi við þessa tilskipun með ökutækjaprófun.

1.1. *Prófunarökutæki*

Ökutæki, sem er dæmigert fyrir gerðina eða gerðirnar, sem afhentar eru til viðurkenningar á hemlaborðasamtæðu til endurnýjunar, skal búið hemlaborðasamtæðu til endurnýjunar, af þeirri gerð sem afhent er til viðurkenningar, og tækjum til hemla-prófunar eins og krafist er í tilskipuninni.

Hemlaborðasamtæður, sem eru afhentar til prófunar, skulu settar á viðeigandi hemla og, þar til fóst aðferð við að slípa núningsfleti saman hefur verið ákveðin, slípaðar saman eftir fyrirmælum framleiðanda í samráði við tækniþjónustuna.

1.2. Hemlakerfi ökutækisins er prófað samkvæmt kröfum í 1. og 2. lið II. viðauka fyrir viðkomandi ökutækjaflokk (M<sub>1</sub>, M<sub>2</sub> or N<sub>1</sub>). Um er að ræða eftirfarandi kröfur eða prófanir:

## 1.2.1. Aksturshemlakerfi

## 1.2.1.1. Prófun 0 með frátengdum hreyfli, ökutæki með hleðslu

1.2.1.2. Prófun 0 með tengdum hreyfli, ökutæki með og án hleðslu, samkvæmt II. viðauka, lið 1.2.3.1 (stöðugleikaprófun) og lið 1.2.3.2 (aðeins prófunin með byrjunarhraðann  $v = 0,8 v_{max}$ )

## 1.2.1.3. Prófun I

## 1.2.2. Neyðarhemlakerfi

## 1.2.2.1. Prófun 0 með frátengdum hreyfli, ökutæki með hleðslu (ekki þarf að gera þessa prófun ef ljóst er að kröfur eru uppfylltar, t.d. skáskipt hemlakerfi).

## 1.2.3. Stöðuhemlakerfi

(Gildir aðeins ef hemlarnir, sem afhentir eru til viðurkenningar á borðum, eru notaðir sem stöðuhemlar).

## 1.2.3.1. Prófun niður brekku með 18% halla, ökutæki með hleðslu.

## 1.3. Ökutækið skal fullnægja öllum viðeigandi kröfum, sem um getur í 2. lið II. viðauka, fyrir viðkomandi ökutækjaflokk.

## 2. VIÐBÓTARKRÖFUR

Sýna skal fram á samræmi við viðbótarkröfur með annarri af tveimur eftirfarandi aðferðum:

2.1. *Ökutækjaprófun (prófun með skiptum ási)*

Í þessu prófi skal ökutækið vera fullhlaðið og hemlum ávallt beitt með hreyfilinn frátengdan á láréttum vegi.

Aksturshemlakerfi ökutækisins skal vera með búnaði sem gerir kleift að loka fyrir hemla fram- og afturáss svo að hægt sé að nota hvorn um sig óháðan hinum.

Ef krafist er viðurkenningar á hemlaborðasamstæðum fyrir hemla framáss skulu hemlar afturáss vera óvirkir í allri prófuninni.

Ef krafist er viðurkenningar á hemlaborðasamstæðum fyrir hemla afturáss skulu hemlar framáss vera óvirkir í allri prófuninni.

### 2.1.1. Jafngildisprófun á afköstum með köldum hemlum

Gerður er samanburður á afköstum hemlaborðastæðu til endurnýjunar með köldum hemlum og upprunalegu hemlaborðasamstæðunni með því að bera saman niðurstöður prófana samkvæmt eftirfarandi aðferð:

2.1.1.1. Hemlum er beitt að minnsta kosti sex sinnum í röð með stigvaxandi fótstigskrafti eða leiðsluþrýstingi þar til hjól læsast eða náð er meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar sem er  $6 \text{ m/s}^2$  eða upp að leyfilegum hámarkskrafti á fótstig fyrir viðkomandi ökutækjaflokk, á byrjunarhraða sem gefinn er upp í eftirfarandi töflu:

Ökutækjaflokkur	Prófunarhraði í km/klst.	
	Framás	Afturás
M <sub>1</sub>	70	45
M <sub>2</sub>	50	40
N <sub>1</sub>	65	50

Í upphafi hverrar hemlunar skal hiti hemla vera  $\leq 100^\circ\text{C}$ .

2.1.1.2. Fyrir hverja hemlun er skráður og teiknaður kraftur á fótstig eða leiðsluþrýstingur og meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar og ákvarðaður sá kraftur á fótstig eða leiðsluþrýstingur, sem þarf til að ná (ef unnt er) meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar sem er  $5 \text{ m/s}^2$  fyrir hemla framáss og  $3 \text{ m/s}^2$  fyrir hemla afturáss. Ef ekki er unnt á ná þessum gildum með mesta leyfilega krafti á fótstig skal í staðinn ákveða hvaða fótstigskraft eða leiðsluþrýsting þarf til að ná hámarks hraðaminnkun.

2.1.1.3. Hemlaborðasamstæða til endurnýjunar telst sýna sömu afkastaeiginleika og upprunalega hemlaborðasamstæðan ef þau meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar, sem nást við sama stýrikraft eða leiðsluþrýsting í efri tveimur þriðju hlutum ferilsins sem myndast, vikja í mesta lagi 15% frá þeim meðalgildum sem nást með upprunalegu hemlaborðasamstæðunni.

### 2.1.2. Prófun á hraðanæmi

2.1.2.1. Með fótstigskraftinum, sem fékkst samkvæmt lið 2.1.1.2. í þessum viðbæti, og með hemlahita sem er  $\leq 100^\circ\text{C}$  í upphafi hverrar hemlunar, skal hemlum beitt þrisvar sinnum fyrir hvert eftirfarandi gildi hraða:

fyrir framás: 65 km/klst., 100 km/klst. og 135 km/klst. þar sem  $v_{\text{max}}$  er yfir 150 km/klst.

fyrir framás 45 km/klst., 65 km/klst. og 90 km/klst. þar sem  $v_{\text{max}}$  er yfir 150 km/klst.

2.1.2.2. Reiknuð er meðalniðurstaða hverra þriggja hemlana og teiknaður ferill hraða á móti tilsvarende meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar.

2.1.2.3. Skráð meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar fyrir hærri hraðagildin skulu vikja í mesta lagi 15% frá þeim meðalgildum sem voru skráð á minnsta hraðanum.

## 2.2. Tregðuafmælisprófun

### 2.2.1. Prófunarbúnaður

Í þessum prófunum skal setja viðkomandi ökutækjahemil í tregðuafmælinn. Tregðuafmælirinn skal búinn tækjum til samfelldrar skráningar á snúningshraða, hemlunarvægi, þrýstingi í hemlaleiðslu, fjölda snúninga eftir að hemlum er beitt, hemlunartíma og hemlasnúðshita.



## 2.2.2. Prófvararskilyrði

- 2.2.2.1. Snúningsmassi aflmælisins skal samsvara helmingi af hluta ássins í leyfilegum hámarksassa ökutækis samkvæmt eftirfarandi töflu og veltiradius stærsta hjólbarða sem er leyfður fyrir þá ökutækjagerð.

Ökutækjaflokkur	Hluti áss í leyfilegum hámarksassa ökutækis	
	Framás	Afturás
M <sub>1</sub>	0,77	0,32
M <sub>2</sub>	0,69	0,44
N <sub>1</sub>	0,66	0,39

- 2.2.2.2. Byrjunarsnúningshraði aflmælisins skal samsvara línulegum hraða ökutækisins samkvæmt liðum 2.2.3 og 2.2.4 í þessum viðbæti og byggjast á hreyfifræðilegum veltiradius hjólbarðans.

- 2.2.2.3. Hemlaborðar, sem eru afhentir til prófunar, skulu settir á viðeigandi hemla og, þar til föst aðferð við að slípa núningsfleti saman hefur verið ákveðin, slípaðir saman eftir fyrirmælum framleiðanda í samráði við tæknipjónustuna.

- 2.2.2.4. Ef notað er kæli loft skal hraði loftstreymis við hemla ekki vera meiri en 10 km/klst.

## 2.2.3. Jafngildisprófun á afköstum með köldum hemlum

Gerður er samanburður á afköstum hemlaborðastæðu til endurnýjunar með köldum hemlum og upprunalegu hemlaborðasamstæðunni með því að bera saman niðurstöður prófana samkvæmt eftirfarandi aðferð:

- 2.2.3.1. Á byrjunarhraðanum 80 km/klst. fyrir M<sub>1</sub> og N<sub>1</sub> og 60 km/klst. fyrir M<sub>2</sub> og með hemlahita sem er ≤ 100°C í upphafi hverrar hemlunar skal hemlum beitt minnst sex sinnum í röð með stigvaxandi leiðsluþrýstingi þar til náð er meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar sem er 6 m/s<sup>2</sup>.

- 2.2.3.2. Fyrir hverja hemlun er leiðsluþrýstingur og meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar skráður og teiknaður og leiðsluþrýstingurinn sem þarf til að ná 5 m/s<sup>2</sup> ákvarðaður.

- 2.2.3.3. Hemlaborðasamstæða til endurnýjunar telst sýna svipaða afkastaeiginleika og upprunalega hemlaborðasamstæðan ef þau meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar, sem nást við sama styríkraft eða leiðsluþrýsting í efri tveimur þriðju hlutum ferilsins sem myndast, víkja í mesta lagi um 15% frá þeim sem meðalgildum sem nást með upprunalegu hemlaborðasamstæðunni.

## 2.2.4. Prófun á hraðanæmi

- 2.2.4.1. Með leiðsluþrýstingnum sem fékkst samkvæmt lið 2.2.3.2 og með hemlahita, sem er ≤ 100°C í upphafi hverrar hemlunar, skal hemlum beitt þrisvar sinnum fyrir gildi snúningshraða sem svara til eftirfarandi gilda línulegs hraða ökutækisins:

75 km/klst., 120 km/klst. og 160 km/klst. þar sem  $v_{max}$  er yfir 150 km/klst.

- 2.2.4.2. Reiknuð er meðalniðurstaða hveira þriggja hemlana og teiknaður ferill hraða á móti tilsvareandi meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar.

- 2.2.4.3. Meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar fyrir hærri hraðagildin skulu víkja í mesta lagi 15% frá þeim meðalgildum sem voru skráð á minnsta hraðanum.

### 3. viðbætur

#### Kröfur vegna hemlaborðasamstæðna til endurnýjunar í ökutæki í flokkum O<sub>1</sub> og O<sub>2</sub>

#### 1. ALMENNT

Prófunaraðferðin, sem lýst er í þessum viðbæti, byggist á tregðuafmælisprófun. Einnig má gera prófunina á prófunarökutæki eða á prófunarbekk með vegkefli, að því tilskildu að sömu prófunarskilyrði fáiast og sömu breytur séu mældar og í tregðuafmælisprófuninni.

#### 2. PRÓFUNARBÚNAÐUR

Í þessum prófunum skal setja viðkomandi ökutækjahemil í tregðuafmælinn. Tregðuafmælirinn skal búinn tækjum til samfelldrar skráningar á snúningshraða, hemlakraftvægi, þrýstingi í hemlaleiðslu eða virkjunarkrafti, fjölda snúninga eftir að hemlum er beitt, hemlunartíma og hemlasnúðshita.

##### 2.1. *Prófunarskilyrði*

2.1.1. Snúningsmassi aflmælisins skal samsvara helmingi af viðkomandi hluta ássins í leyfilegum hámarks massa ökutækis og veltiradius minnsta hjólbarða sem er leyfður fyrir þá ökutækjagerð.

2.1.2. Byrjunarsnúningshraði aflmælisins skal samsvara línulegum hraða ökutækisins samkvæmt lið 3.1 í þessum viðbæti og byggjast á hreyfifræðilegum veltiradius minnsta hjólbarða sem er leyfður fyrir það eða þau ökutæki.

2.1.3. Hemlaborðasamstæður, sem eru afhentar til prófunar, skulu settar á viðeigandi hemla og, þar til föst aðferð við að slípa snúningsfleti saman hefur verið ákveðin, slípaðar saman eftir fyrir mælum framleiðanda í samráði við tæknipjónustuna.

2.1.4. Ef notað er kæliloft skal hraði loftstreymis við hemla ekki vera meiri en 10 km/klst.

2.1.5. Virkjunarbúnaðurinn á hemlinum skal svara til þess sem er á ökutækinu.

#### 3. PRÓFANIR OG KRÖFUR

##### 3.1. *Prófun 0*

Á byrjunarhraðanum 60 km/klst. og með hemlahita sem er  $\leq 100^{\circ}\text{C}$  í upphafi hverrar hemlunar skal hemlum beitt minnst sex sinnum í röð með stigvaxandi leiðsluþrýstingi eða virkjunarkrafti þar til náð er hámarksleiðsluþrýstingi eða hraðaminnkun sem er allt að  $6 \text{ m/s}^2$ . Síðasta hemlunin skal endurtekin á byrjunarhraðanum 40 km/klst.

##### 3.2. *Prófun I*

##### 3.2.1. Hitun

Hemillinn skal hitaður með samtengdri hemlun samkvæmt kröfum í lið 1.3.2 í II. viðauka og er hitastig hemlasnúðs  $\leq 100^{\circ}\text{C}$  í upphafi.

##### 3.2.2. Afköst með heitum hemlum

Að hitun lokinni skal mæla afköst með heitum hemlum og byrjunarhraðanum 40 km/klst. við skilyrði samkvæmt lið 3.1 hér að framan og með sama leiðsluþrýstingi eða virkjunarkrafti (hitaskilyrði mega vera önnur). Meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar með heitum hemlum má ekki vera minna en 60% af gildinu sem fæst með köldum hemlum eða  $3,5 \text{ m/s}^2$ .

3.3. *Jafngildisprófun á afköstum með köldum hemlum*

Gerður er samanburður á afköstum hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar með köldum hemlum og upprunalegu hemlaborðasamstæðunni með því að bera saman niðurstöðurnar úr prófun 0 eins og lýst er í lið 3.1.

3.3.1. Prófun 0, sem lýst er í lið 3.1, skal gerð með einu eintaki af upprunalegu hemlaborðasamstæðunni.

3.3.2. Hemlaborðasamstæður til endurnýjunar teljast sýna sömu afkastaeiginleika og upprunalega hemlaborðasamstæðan ef þau meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar, sem nást við sama leiðsluþrýsting eða virkjunarkraft í efri tveimur þriðju hlutum ferilsins sem myndast, víkja í mesta lagi 15% frá þeim meðalgildum sem nást með upprunalegu hemlaborðasamstæðunni.

## 4. viðbætur

## Ákvörðun núningshegðunar með prófun í vél

1. INNGANGUR
  - 1.1. Prófunareintak af gerð hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar er prófað í vél sem getur myndað prófunarskilyrðin og framkvæmt prófunarferlin sem lýst er í þessum viðbæti.
  - 1.2. Prófunarniðurstöðurnar eru metnar til að ákvarða núningshegðun prófunareintaksins.
  - 1.3. Núningshegðun prófunareintakanna skal borin saman til að meta samræmi við staðalinn sem skráður er fyrir tiltekna gerð hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar.
2. BÚNAÐUR
  - 2.1. Vélin skal hönnuð þannig að hún geti rúmað og starfað með hemli í fullri stærð sem samsvarar hemlunum á ökutækjaásnum sem er notaður við viðurkenningarprófun samkvæmt 5. lið í þessum viðauka.
  - 2.2. Snúningshraði disks eða skálar skal vera  $660 \pm 10 \text{ min}^{-1}$  án hleðslu og minnst  $600 \text{ min}^{-1}$  með fullri hleðslu.
  - 2.3. Prófunarloturnar og virkjun hemla í lotunum skulu vera stillanlegar og sjálfvirkar.
  - 2.4. Skrá skal úttakskraftvægi eða hemlaþrýsting (aðferð með stöðugu kraftvægi) og hitastig yfirborðsins sem unnið er með.
  - 2.5. Gera skal ráð fyrir að unnt sé að beina kælilofti yfir hemlana á hraðanum  $600 \pm 60 \text{ m}^3/\text{klst}$ .
3. PRÓFUNARAÐFERÐ
  - 3.1. *Undirbúningur prófunareintaks*

Aðferð framleiðanda við að slípa núningsfleti saman skal tryggja minnst 80% núningsflöt og mest  $300^\circ\text{C}$  yfirborðshita fyrir hemlaklossasamstæður og minnst 70% núningsflöt og mest  $200^\circ\text{C}$  yfirborðshita fyrir hemlaskóssasamstæður.
  - 3.2. *Tilhögun prófunar*

Tilhögun prófunar felur í sér margar hemlunarlotur í röð og í hverri þeirra er hemlum beitt  $\chi$  sinnum í 5 sekúndur hverju sinni og hemlum jafnan sleppt þess á milli í 10 sekúndur.

Hægt er að nota aðrar af eftirfarandi aðferðum:

    - 3.2.1. Prófun með stöðugum þrýstingi
      - 3.2.1.1. Hemlaklossasamstæður
 

Vökvaþrýstingurinn  $p$  undir stimpli (stimplum) diskhemlaklafans skal vera stöðugur og samkvæmt formúlunni:

$$p = \frac{M_d}{0,57 \times r_w \times A_k}$$

$M_d = 150 \text{ Nm}$  fyrir  $A_k \leq 18,1 \text{ cm}^2$   
 $M_d = 300 \text{ Nm}$  fyrir  $A_k > 18,1 \text{ cm}^2$   
 $A_k =$  flatarmál stimpils (stimpla) diskhemlaklafa  
 $r_w =$  virkur radíus disks

Lotufjöldi	Fjöldi hemlana $\chi$	Upphafshiti hemlasnúðs (°C)	Hámarkshiti hemlasnúðs (°C)	Þvinguð kæling
1	1 × 10	≤ 60	ótakmarkaður	nei
2-6	5 × 10	100	ótakmarkaður (350)	nei
7	1 × 10	100	ótakmarkaður	já

## 3.2.1.2. Hemlaskóssamstæður

Meðalgildi snertíþrýstings við snertiflöt hemlaborða skal vera stöðugt við  $22 \pm 6 \text{ N/cm}^2$ , mælt á stöðuhemli án sjálfsmögnunar.

Lotufjöldi	Fjöldi hemlana $\chi$	Upphafshiti hemlasnúðs (°C)	Hámarkshiti hemlasnúðs (°C)	Þvinguð kæling
1	1 × 10	≤ 60	200	já
2	1 × 10	100	ótakmarkaður	nei
3	1 × 10	100	200	já
4	1 × 10	100	ótakmarkaður	nei

## 3.2.2. Prófun með stöðugu kraftvægi

Þessi aðferð gildir aðeins fyrir hemlaklossasamstæður. Hemlunarvægið skal vera stöðugt innan  $\pm 5\%$  vikmarka og stillt þannig að það tryggi hámarkshitastig hemlasnúðs sem gefin eru upp í eftirfarandi töflu.

Lotufjöldi	Fjöldi hemlana $\chi$	Upphafshiti hemlasnúðs (°C)	Hámarkshiti hemlasnúðs (°C)	Þvinguð kæling
1	1 × 5	≤ 60	300-350	nei
2-4	3 × 5	100	300-350	nei
5	1 × 10	100	500-600	nei
6-9	4 × 5	100	300-350	nei
10	1 × 10	100	500-600	nei
11-13	3 × 5	100	300-350	nei
14	1 × 5	≤ 60	300-350	nei

## 3.3. Mat á prófunarniðurstöðum

Núningshegðun er ákvörðuð eftir hemlunarvæginu sem mælist á völdum stöðum við framkvæmd prófunar. Þegar hemlunarstuðullinn er stöðugur, eins og þegar um diskahemla er að ræða, má breyta hemlunarvæginu í núningsstuðul.

## 3.3.1. Hemlaklossasamstæður

3.3.1.1. Vinnslunúningsstuðullinn ( $\mu_{op}$ ) er meðaltala gildanna sem mældust í 2. til 7. lotu (aðferðin með stöðugum þrýstingi) eða 2.-4. lotu, 6.-9. lotu og 11.-13. lotu (aðferðin með stöðugu kraftvægi); mælt er einni sekúndu eftir að fyrsta beiting hemla í hverri lotu hefst.

3.3.1.2. Hámarksnúningsstuðullinn ( $\mu_{max}$ ) er lægsta gildið sem mælist í öllum lotunum.

3.3.1.3. Lágmarksnúningsstuðullinn ( $\mu_{min}$ ) er lægsta gildið sem mælist í öllum lotunum.

## 3.3.2. Hemlaskóssamstæður

3.3.2.1. Meðalkraftvægið ( $M_{mean}$ ) er meðaltala hámarks- og lágmarksgilda hemlunarvægisins sem mælist við fimmtu beitingu hemla í 1.-3. lotu.

- 3.3.2.2. Kraftvægið með heitum hemlum ( $M_{hot}$ ) er lágmarkshemlunarvægið sem myndast í 2.-4. lotu. Ef hitinn fer yfir  $300^{\circ}\text{C}$  í þessum lotum er gildið við  $300^{\circ}\text{C}$  notað sem  $M_{hot}$ .
- 3.4. *Samþykktarviðmiðun*
- 3.4.1. Með öllum umsóknum um gerðarviðurkenningu á hemlaborðasamstæðu skal gefa upplýsingar um:
- 3.4.1.1. gildi ( $\mu_{op}$ ), ( $\mu_{min}$ ) og ( $\mu_{max}$ ) fyrir hemlaklossasamstæður
- 3.4.1.2. gildi  $M_{mean}$  og  $M_{hot}$  fyrir hemlaskóssamstæður.
- 3.4.2. Við framleiðslu á viðurkenndri gerð hemlaborðasamstæðu verður að sýna fram á að prófunareintökin séu í samræmi við gildin sem mældust samkvæmt lið 3.4.1. í þessum viðbæti, með eftirfarandi vikmörkum:
- 3.4.2.1. fyrir hemlaklossa fyrir diskahemla:
- $\mu \pm 15\%$  af skráðu gildi
- $\mu_{min} \geq$  skráð gildi
- $\mu_{max} \leq$  skráð gildi
- 3.4.2.2. fyrir hemlaborða fyrir „einvirka“ skálahemla:
- $eM_{mean} \pm 20\%$  af skráðu gildi
- $M_{hot} \geq$  skráð gildi.
-

## XVI. VIÐAUKI

## FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297 mm))

## EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

## Tilkynning um

- gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>
- synjun um gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar <sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/12/EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

## I. HLUTI

1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup>:
- 3.1. Staðsetning auðkennisins:
4. Ökutækjaflokkur <sup>(1)</sup> <sup>(3)</sup>:
5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
6. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
7. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

## II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

<sup>(1)</sup> Stríkið yfir það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t. d. ABC?123?).

<sup>(3)</sup> Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

*Viðbót*

**við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ... varðandi gerðarviðurkenningu hemlaborðasamstæðu sem aðskilinnar tæknieiningar með hliðsjón af tilskipun 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/12/EB**

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Tegund og gerð hemlaborðasamstæðu:

1.2. Tegund og gerð hemlaborða:

1.3. Ökutæki/ásar/hemlar þar sem nota má hemlaborðasamstæðugerðina sem upprunalega hemlaborðasamstæðu:

.....  
.....

1.4. Ökutæki/ásar/hemlar þar sem nota má hemlaborðasamstæðugerðina sem hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar:

.....  
.....

5. Athugasemdir: .....

.....

\_\_\_\_\_



## XVII. VIÐAUKI

## UPPLÝSINGASKJAL NR. ...

## sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu hemlaborðasamstæðna

*(tilskipun 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/12/EB)*

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, ihlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

- 0. Almenn
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð: .....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða ihluta og aðskildar tæknieiningar: .....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðu eða -verksmiðu: .....

## 1. LÝSING Á BÚNAÐINUM

- 1.1. Tegund og gerð hemlaborðasamstæðu: .....
- 1.2. Tegund og gerð hemlaborða: .....
- 1.3. Ökutæki/ásar/hemlar þar sem nota má hemlaborðasamstæðugerðina sem upprunalega hemlaborðasamstæðu: .....
- 1.4. Ökutæki/ásar/hemlar þar sem nota má hemlaborðasamstæðugerðina sem hemlaborðasamstæðu til endurnýjunar: .....
- 1.5. Teikning(ar) af hemlaborðasamstæðunni sem sýnir afleiddar stærðir: .....
- 1.6. Upplýsingar um staðsetningu á ökutæki/ási (ásam)/hemli (hemlum) sem sótt er um viðurkenningu á: .....
- 1.7. Gildi fyrir núningshegðun (sjá lið 3.4.1 í 4. viðbæti við XV. viðauka): .....

## XVIII. VIÐAUKI

## UPPLÝSINGASKJAL NR. . . .

**samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE (\*) sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til hemlabúnaðar vélknúinna ökutækja***(tilskipun 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/12/EB)*

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, ihlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. Almennt
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (<sup>b</sup>):
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur (<sup>c</sup>):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
  
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
  - 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
    - 1.3. Fjöldi ása og hjóla:
      - 1.3.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum:
      - 1.3.3. Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging):
  - 1.8. Stýri, hægra eða vinstra megin (<sup>1</sup>)
  
2. MASSAR OG MÁL (<sup>e</sup>) (í kg og mm) (vísað til teikningar eftir atvikum)
  - 2.1. Hjólhaf eða -höf (við fullan þunga) (<sup>f</sup>):
    - 2.3.1. Sporvidd hvers stýrðs áss (<sup>g</sup>):
  - 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu, og með tengibúnaði ef um dráttarbífið er að ræða í öðrum flokki en M<sup>1</sup>, tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, öllum öðrum vökvum nema frárennslisvatni, áhöldum, varahjóli og ökumanni og, ef um er að ræða hópbífið og langferðabífið, massa starfsmanns í bífiðinni (75 kg) ef sæti er í ökutækinu fyrir starfsmann) (hámark og lágmark): ...
    - 2.6.1. Skipting massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, þungi á tengipunkti (hámark og lágmark): . . .

(\*) Númer liða og neðanmálgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

- 2.7. Sé um að ræða ökutæki sem er fullgert í áföngum: Lágmarksmassi fullgerðs ökutækis sem framleiðandi gefur upp:
- 2.7.1. Skipting massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, þungi á tengipunkti:
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann (hámark og lágmark) <sup>(1)</sup>:
- 2.8.1. Skipting massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, þungi á tengipunkti (hámark og lágmark):
- 2.9. Tæknilega leyfilegur hámarksþungi/-massi á hvern ás :
- 2.10. Tæknilega leyfilegur hámarksþungi/-massi á hvern ásaþóp:
- 2.11. Tæknilega leyfilegt hámark dregins massa fyrir vélknúna ökutækið (dráttarþreifðina) við tengingu við:
- 2.11.1. Tengivagn:
- 2.11.2. Festivagn:
- 2.11.3. Eftirvagn með miðlægum ási:
- 2.11.3.1. Hámarkshlutfall útskögunar tengis (p) miðað við hjólhaf:
- 2.11.4. Tæknilega leyfilegur lóðréttur hámarksmassi fyrir samtengda ökutækið:
- 2.11.6. Hámarksmassi eftirvagns án hemils:
- 2.12. Tæknilega leyfilegur hámarksstöðþungi/-massi á tengipunkt:
- 2.12.1. vélknúna ökutækis:
3. HREYFILL <sup>(1)</sup>
- 3.1. Framleiðandi:
- 3.1.1. Hreyfilmerki framleiðanda: (Eins og það sem sett er á hreyfilinn eða annars konar auðkenni):
- 3.2. Brunahreyfill
- 3.2.1.1. Vinnsluháttur: rafveikja/þrýstikveikja, fjörgengishreyfill/tvígengishreyfill <sup>(1)</sup>:
- 3.2.1.9. Leyfilegur hámarkssnúningshraði hreyfils sem framleiðandi mælir fyrir um: ... min<sup>-1</sup>
- 3.2.5. Rafkerfi
- 3.2.5.1. Málspenna: . . . V, jákvæð/neikvæð jarðtenging <sup>(1)</sup>
- 3.2.5.2. Rafall:
- 3.2.5.2.1. Gerð:
- 3.2.5.2.2. Nafnafköst: . . . VA
- 3.3. Rafmagnshreyfill
- 3.3.1. Gerð (vindingar, mögnun):
- 3.3.1.1. Hámarksafköst á klukkustund: . . . kW
- 3.3.1.2. Vinnsluspenna: . . . V
- 3.3.2. Rafgeymir
- 3.3.2.2. Massi: . . . kg
- 3.4. Aðrir hreyflar eða vélar eða samsetning þessa (nánar um slíka hreyfla eða vélar):

<sup>(1)</sup> Stríkið yfir það sem á ekki við.

## 4. GÍRSKIPTING

4.1. Teikning af gírskiptingu (\*\*):

4.2. Gerð (handskipting, vökvaskipting, rafskipting o.s.frv):

4.6. Gírhlutföll

Gír	Hlutföll í girkassa (hlutföll hreyfils miðað við snúning úttaksskafts girkassans)	Endanlegt drifhlutfall eða -föll (hlutfall úttaksskafts girkassans miðað við snúning hjóls í akstri)	Heildargírhlutföll
Hámark fyrir CVT <sup>(1)</sup>			
1			
2			
3			
...			
Lágmark fyrir CVT <sup>(1)</sup>			
Bakkgír			

<sup>(1)</sup> Samfelld stíglaus skipting

4.7. Hámarkshraði ökutækis (í km/klst.) <sup>(w)</sup>:

## 5. ÁSAR

5.4. Staðsetning lyftiáss eða -ása:

## 6. FJÖÐRUN

6.1. Teikning af fyrirkomulagi fjöðrunar (\*\*):

6.2. Gerð og hönnun fjöðrunar við hvern ás eða áshóp eða hvert hjól:

6.6. Hjólbarðar og hjól

6.6.1. Hjólbarða-/hjólasmætning(ar) (fyrir hjólbarða skal tilgreina stærðarmerkingu, tölu fyrir lágmarkshleðslugetu, tákni fyrir flokk lágmarkshraða; fyrir hjól skal sýna stærð felgu eða felgna og útskögung)

## 6.6.1.1. ÁSAR

6.6.1.1.1. Ás 1:

6.6.1.1.2. Ás 2:

6.6.1.1.3. Ás 3:

6.6.1.1.4. Ás 4:

o.s.frv.

6.6.2. Efri og neðri mörk snúningsradiusa:

6.6.2.1. Ás 1:

6.6.2.2. Ás 2:

6.6.2.3. Ás 3:

6.6.2.4. Ás 4:

o.s.frv.

6.6.3. Loftþrýstingur í hjólbörðum sem framleiðandi mælir með: . . . kPa

6.6.5. Stutt lýsing á bráðabirgðavarahjóli, sé því til að dreifa:

(\*\*) Ef það er nauðsynlegt fyrir lýsinguna samkvæmt 8. lið.

## 8. HEMLAR

Eftirfarandi atriði skulu koma fram, þar á meðal aðferðir við auðkenningu, þar sem það á við:

- 8.1. Gerð og eiginleikar hemlanna (eins og þeir eru skilgreindir í lið 1.6 í I. viðauka við tilskipun 71/320/EBE) á teikningu (t.d. skálar eða diskar, hemluð hjól, tenging við hemluð hjól, tegund og gerð hemlaskóa/-klossa og/eða hemlaborða, virkt hemlunaryfirborð, radius skála, skóa eða diska, massi skála, stillingarbúnaður, þeir hlutar áss eða ása sem máli skipta og fjöðrun o.s.frv.
- 8.2. Skýringarmynd af vinnsluhætti, lýsing og/eða teikning af eftirfarandi hemlakerfum (eins og þau eru skilgreind í lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 71/320/EBE), t.d. með yfirfærslu og stjórnun (smíði, stilling, yfirfærsluhlutfall krafts, hversu auðvelt er að ná til stjórnækja og staðsetning þeirra, hakastjórnúnaður í beinni yfirfærslu, eiginleikar aðalhluta tenginga, stjórnstrokka og -stimpla, hemlastrokka eða jafngilda íhluta í rafhemlakerfum).
- 8.2.1. Aksturshemlakerfi:
- 8.2.2. Neyðarhemlakerfi:
- 8.2.3. Stöðuhemlakerfi:
- 8.2.4. Viðbótarhemlakerfi:
- 8.3. Stjórn og yfirfærsla hemlakerfa fyrir eftirvagna í ökutækjum sem hönnuð eru til að draga eftirvagn:
- 8.4. Ökutækið er búið til að draga eftirvagn með raf-/loft-/vökvahemlum <sup>(1)</sup>: já/nei <sup>(1)</sup>
- 8.5. Læsivarnarhemlakerfi: Já/Nei/Valkvætt: <sup>(1)</sup>
- 8.5.1. Fyrir ökutæki með læsivarnarhemlakerfi, lýsing á vinnsluhætti kerfisins (að öllum rafeindahlutum meðtöldum), teikning af rafkerfi og vökva- eða loftrásur:
- 8.6. Útreikningar og ferlar samkvæmt viðbætinum við lið 1.1.4.2 í II. viðauka við tilskipun 71/320/EBE (eða viðbæti við XI. viðauka, ef við á):
- 8.7. Lýsing og/eða teikning af orkugjafa (hann skal einnig tilgreina fyrir hemlakerfi með hjálparafli):
- 8.7.1. Ef um lofthemlakerfi er að ræða, vinnuþrýstingur  $p_2$  í þrýstigeiminum/-geymunum:
- 8.7.2. Ef soghemlakerfi er að ræða, upphafsorka í geyminum/geymunum:
- 8.8. Útreikningar varðandi hemlakerfi: ákvörðun hlutfalls milli samanlagðs hemlunarkrafts við ytra ummál hjóla og krafts sem beitt er á hemlastjórnúnað:
- 8.9. Stutt lýsing á hemlakerfum (samkvæmt lið 1.6 í 1. viðbæti IX. viðauka við tilskipun 71/320/EBE):
- 8.10. Ef farið er fram á undanþágu frá prófunum I og/eða II eða III skal tilgreina númer skýrslunnar í samræmi við 2. viðbæti VII. viðauka við tilskipun 71/320/EBE:

Dagsetning: .....

Skrá: .....

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

## XIX. VIÐAUKI

## UPPLÝSINGASKJAL NR. . . .

samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE (\*) sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til hemlabúnaðar eftirvagna með aðrar gerðir hemla en ýti- eða ágangshemla.

(tilskipun 71/320/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/12/EB).

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, ihlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b):
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur (c):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
  - 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
  - 1.3. Fjöldi ása og hjóla:
    - 1.3.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum:
2. MASSAR OG MÁL (e) (í kg og mm) (vísað til teikningar eftir atvikum)
  - 2.1. Hjólhaf eða -höf (við fullan þunga) (f):
    - 2.3.1. Sporvidd hvers stýrðs áss (g):
  - 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu, og með tengibúnaði ef um dráttar bifreið er að ræða í öðrum flokki en M<sub>1</sub>, tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, öllum öðrum vökvum nema frárennslisvatni, áhöldum, varahjóli og ökumanni og, ef um er að ræða hópbifreiðar og langferðabifreiðar, massa starfsmanns í bifreiðinni (75 kg) ef sæti er í ökutækinu fyrir starfsmann) (hámark og lágmark): ...
    - 2.6.1. Skipting massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, þungi á tengipunkti (hámark og lágmark): ...
  - 2.7. Lágmarksmassi fullbúins ökutækis sem framleiðandi gefur upp, sé um ófullbúið ökutæki að ræða:
    - 2.7.1. Skipting massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, þungi á tengipunkti:
  - 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann (hámark og lágmark) (h)(e):

(\*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

- 2.8.1. Skipting massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, þungi á tengipunkti (hámark og lágmark):
- 2.9. Tæknilega leyfilegur hámarksþungi/-massi á hvern ás:
- 2.10. Tæknilega leyfilegur hámarksþungi/-massi á hvern ásaþóp:
- 2.12. Tæknilega leyfilegur lóðréttur hámarksþungi/-massi á tengipunkt:
- 2.12.1. festivagns eða eftirvagns með miðlægum ási:
5. ÁSAR
- 5.4. Staðsetning lyftiáss eða -ása:
6. FJÖÐRUN
- 6.1. Teikning af fyrirkomulagi fjöðrunar (\*\*):
- 6.2. Gerð og hönnun fjöðrunar við hvern ás eða ásaþóp eða hvert hjól:
- 6.6. Hjólbarðar og hjól
- 6.6.1. Hjólbarða-/hjólasmuneyting(ar) (fyrir hjólbarða skal tilgreina stærðarmerkingu, tölu fyrir lágmarkshleðslugetu, tákni fyrir flokk lágmarkshraða; fyrir hjól skal sýna stærð felgu eða felgna og útskögungun)
- 6.6.1.1. ÁSAR:
- 6.6.1.1.1. Ás 1:
- 6.6.1.1.2. Ás 2:
- 6.6.1.1.3. Ás 3:
- 6.6.1.1.4. Ás 4:
- o.s.frv.
- 6.6.2. Efri og neðri mörk snúningsradiusa:
- 6.6.2.1. Ás 1:
- 6.6.2.2. Ás 2:
- 6.6.2.3. Ás 3:
- 6.6.2.4. Ás 4:
- o.s.frv.
- 6.6.3. Loftþrýstingur í hjólbörðum sem framleiðandi mælir með: . . . kPa
8. HEMLAR
- Eftirfarandi atriði skulu koma fram, þar á meðal aðferðir við auðkenningu, þar sem það á við:
- 8.1. Gerð og eiginleikar hemlanna (eins og þeir eru skilgreindir í lið 1.6 í I. viðauka við tilskipun 71/320/EBE) á teikningu (t.d. skálar eða diskar, hemluð hjól, tenging við hemluð hjól, tegund og gerð hemlaskóa/-klossa og/eða hemlaborða, virkt hemlunaryfirborð, radius skála, skóa eða diska, massi skála, stillingarbúnaður, þeir hlutar áss eða ása sem máli skipta og fjöðrun):
- 8.2. Skýringarmynd af vinnsluhætti, lýsing og/eða teikning af eftirfarandi hemlakerfum (eins og þau eru skilgreind í lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 71/320/EBE) t.d. með yfirfærslu og stjórnun (smíði, stilling, yfirfærsluhlutfall krafts, hversu auðvelt er að ná til stjórnstækja og staðsetning þeirra, hakastjórnubúnaður í beinni yfirfærslu, eiginleikar aðalhluta tenginga, stjórnstrokka og -stimpla, hemlastrokka eða jafngildra íhluta í rafhemlakerfum):

(\*\*) Ef það er nauðsynlegt fyrir lýsinguna samkvæmt 8. lið.

- 8.2.1. Aksturshemlakerfi:
- 8.2.3. Stöðuhemlakerfi:
- 8.2.4. Viðbótarhemlakerfi:
- 8.2.5. Hemlakerfi sem fer sjálfvirkt í gang þegar tengsl við eftirvagn rofna:
- 8.5. Læsivarnarhemlakerfi: Já/Nei/Valkvætt <sup>(1)</sup>
- 8.5.1. Fyrir ökutæki með læsivarnarhemlakerfi, lýsing á vinnsluhætti kerfisins (að öllum rafeindahlutum meðtöldum), teikning af rafkerfi og vökva- eða loftrásur:
- 8.6. Útreikningar og ferlar samkvæmt viðbætinum við lið 1.1.4.2 í II. viðauka við tilskipun 71/320/EBE (eða viðbæti við XI. viðauka, ef við á):
- 8.7. Lýsing og/eða teikning af orkugjafa (hann skal einnig tilgreina fyrir hemlakerfi með hjálparaflí):
- 8.7.1. Ef um lofthemlakerfi er að ræða, vinnuþrýstingur  $p_2$  í þrýstigeiminum/-geymunum:
- 8.7.2. Ef soghemlakerfi er að ræða, upphafsorka í geyminum/geymunum:
- 8.8. Útreikningar varðandi hemlakerfi: ákvörðun hlutfalls milli samanlagðs hemlunarkrafts við ytra ummál hjóla og krafts sem beitt er á hemlastjórnúnað:
- 8.9. Stutt lýsing á hemlakerfum (samkvæmt lið 1.6 í 1. viðbæti IX. viðauka við tilskipun 71/320/EBE):
- 8.10. Ef farið er fram á undanþágu frá prófunum I og/eða II eða III skal tilgreina númer skýrslunnar í samræmi við 2. viðbæti VII. viðauka við tilskipun 71/320/EBE:

Dagsetning: .....

Skrá: .....

---

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.



**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/14/EB**

frá 6. febrúar 1998

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/53/EBE frá 18. júní 1992 um breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(3)</sup>, einkum 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 92/53/EBE er skorað á framkvæmdastjórnina að gera tillögur, á grundvelli skýrslu sem semja ber eigi síðar en 31. desember 1994, um nauðsynlegar breytingar til að bæta fyrirkomulag gerðarviðurkenningar og til að auðvelda að ökutæki séu tekin í notkun í aðildarríkjunum.

Samkvæmt 9. gr. tilskipunar 70/156/EBE skal viðurkenna jafngildi reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (SP/EBE) sem taldar eru upp í II. hluta IV. viðauka þeirrar tilskipunar og samsvarandi sértilskipana.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 225, 10.8.1992, bls. 1.

Nauðsynlegt er að breyta og uppfæra viðkomandi viðauka og jafngildistöfluna til þess að samræmi milli reglugerðanna og tilskipananna sé ljóst.

Samkvæmt 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE skulu aðildarríki, sem veita gerðarviðurkenningu, gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við X. viðauka til að sannreyna að gripíð hafi verið til fullnægjandi ráðstafana til þess að tryggja að framleidd eintök ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga séu í samræmi við viðurkenndu gerðina.

Grundvallaratriði er að samhæfa kröfur um eftirlit með samræmi framleiðslu sem viðurkenningaryfirvöldum ber að framfylgja. Þess vegna er nauðsynlegt að láta sérstakar leiðbeiningar um viðeigandi málsmeðferð fylgja til þess að tryggja að kröfunum sé alls staðar beitt og þær túlkaðar með sama hætti.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 70/156/EBE:

1. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framleiðandi skal leggja fram umsóknir um gerðarviðurkenningu ökutækis til viðurkenningaryfirvalds aðildarríkis. Með umsókninni skal fylgja mappa með þeim upplýsingum sem krafist er í III. viðauka og viðurkenningarvottorð fyrir hverja gildandi sértil-

skipun eins og krafist er í IV. eða XI. viðauka. Þá skal upplýsingasafn fyrir hverja sértílskipun vegna gerðarviðurkenningar kerfis eða aðskilinnar tæknieiningar vera til reiðu fyrir viðurkenningaryfirvöld þar til viðurkenning er veitt eða synjað er um viðurkenningu.“

2. Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað „viðkomandi sértílskipun“ í c-lið komi „viðkomandi sértílskipun sem um getur í IV. eða XI. viðauka“;

b) í stað „sértílskipana sem við eiga“ í d-lið komi „viðkomandi sértílskipana sem um getur í IV. eða XI. viðauka“;

c) eftirfarandi undirgreinar bætist við:

„Ef um er að ræða viðurkenningu ökutækis með tilvísun í XI. viðauka eða c-lið 2. mgr. 8. gr. eða ef um er að ræða viðurkenningu fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu með tilvísun í XI. viðauka eða c-lið 2. mgr. 8. gr. og takmörkunum eða undanþágum frá einhverjum ákvæðum viðkomandi sértílskipana þá skulu þær takmarkanir og veittar undanþágur koma fram í viðurkenningarvottorðinu sem fær þá sérstakt viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka.

Ef í efnisatriðum í upplýsingamöppunum, sem um getur í a-, b-, c- og d-lið hér að framan, eru tilgreind ákvæði fyrir ökutæki til sérstakra nota eins og lýst er í viðkomandi dálkum í XI. viðauka og viðbættum hans skal einnig tilgreina slík ákvæði og undanþágur í gerðarviðurkenningarvottorðinu.“

3. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

**Breytingar á gerðarviðurkenningum**

1. Aðildarríki, sem veitt hefur gerðarviðurkenningu, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að það verði látið vita um allar breytingar sem eru gerðar á atriðum sem fram koma í upplýsingasafninu.

2. Umsókn um breytingu á gerðarviðurkenningu er einungis heimilt að leggja fram í aðildarríkinu sem veitti gerðarviðurkenninguna upphaflega.

3. Nú hafa atriði í upplýsingasafni breyst varðandi viðurkenningu á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu og skal þá viðkomandi viðurkenningaryfirvald aðildarríkisins gefa út endurskoðaða síðu eða síður úr upplýsingasafninu eftir þörfum og merkja hverja endurskoðaða síðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetning endurútgáfunnar sé greinilegt. Samsteypt og uppfærð útgáfa upplýsingasafnsins ásamt nákvæmri lýsingu á breytingunni telst einnig vera fullnægjandi.

Þegar gefnar eru út endurskoðaðar síður eða samsteypt, uppfærð útgáfa skal breyta atriðaskránni með upplýsingasafninu (sem fylgir viðurkenningarvottorðinu) þannig að sjá megi síðustu dagsetningar endurskoðaðra síðna eða dagsetningu samsteyptrar og uppfærðrar útgáfu.

Ef einhverjar upplýsingar á gerðarviðurkenningarvottorðinu (að frátöldum meðfylgjandi gögnum) hafa þar að auki breyst eða ef kröfur tilskipunarinnar hafa breyst frá gildandi dagsetningu viðurkenningarinnar skal breytingin merkt „rýmkun“ og skal þá viðurkenningaryfirvald viðkomandi aðildarríkis gefa út endurskoðað viðurkenningarvottorð (merkt með númeri rýmkuunar) þar sem ástæða rýmkuunarinnar og dagsetning endurútgáfunnar koma greinilega fram.

Áliti viðurkenningaryfirvald viðkomandi aðildarríkis að breyting á upplýsingasafni kalli á nýjar prófanir eða athuganir skal það tilkynna framleiðanda þar um og einungis gefa út skjölin, sem um getur í fyrstu, annarri og þriðju undirgrein, eftir að búið er að framkvæma nýjar prófanir eða athuganir.

4. Nú hafa atriði í upplýsingasafni breyst varðandi viðurkenningu á ökutæki og skal þá viðkomandi viðurkenningaryfirvald aðildarríkisins gefa út endurskoðaða síðu eða síður úr upplýsingasafni eftir þörfum og merkja hverja endurskoðaða síðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetning endurútgáfunnar sé greinilegt. Samsteypt og uppfærð útgáfa upplýsingasafnsins ásamt nákvæmri lýsingu á breytingunni telst einnig vera fullnægjandi.

Þegar gefnar eru út endurskoðaðar síður eða samsteypt, uppfærð útgáfa skal breyta atriðaskránni með upplýsingasafninu (sem fylgir viðurkenningarvottorðinu) þannig að sjá megi síðustu dagsetningar endurskoðaðra síðna eða dagsetningu samsteyptrar og uppfærðrar útgáfu.

Ef frekari skoðana er þörf eða einhverjar upplýsingar í viðurkenningarvottorðinu (að frátöldum meðfylgjandi gögnum) hafa breyst eða ef kröfur þeirra sértílskipana,

sem gilda fram til þess dags þegar bannað er að taka ökutækið í notkun í fyrsta sinn, hafa breyst frá gildandi dagsetningu viðurkenningar ökutækisins skal breytingin merkt „rýmkun“ og skal þá viðurkenningaryfirvald viðkomandi aðildarríkis gefa út endurskoðað viðurkenningarvottorð (merkt með númeri rýmkunar) þar sem ástæða rýmkunarinnar og dagsetning endurútgáfunnar koma greinilega fram.

Áliti viðurkenningaryfirvald viðkomandi aðildarríkis að breyting á upplýsingasafni kalli á nýjar skoðanir skal það tilkynna framleiðanda þar um og einungis gefa út skjölin sem um getur í fyrstu, annarri og þriðju undirgrein eftir að búið er að framkvæma skoðun að nýju. Endurskoðuð skjöl skulu send öllum öðrum viðurkenningaryfirvöldum innan mánaðar.

5. Þegar ljóst er að gerðarviðurkenning ökutækis fellur brátt úr gildi vegna þess að viðurkenning eða viðurkenningar út frá sértilskipunum, sem um getur í upplýsingasafni, falla brátt úr gildi eða vegna þess að ný sértilskipun hefur verið tekin upp í I. hluta IV. viðauka skulu viðurkenningaryfirvöld aðildarríkisins, sem veitti viðurkenninguna, senda viðurkenningaryfirvöldum annarra aðildarríkja tilkynningu um það, a.m.k. einum mánuði áður en gerðarviðurkenningin fellur úr gildi, ásamt viðkomandi dagsetningu eða verksmiðjunúmeri síðasta ökutækis sem hefur verið framleitt samkvæmt gamla vottorðinu.

6. Ekki er nauðsynlegt að breyta viðurkenningunni fyrir þá flokka ökutækja sem breyttar kröfur í sértilskipunum eða í þessari tilskipun hafa ekki áhrif á.“

4. Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. í 6. gr.:

„Samræmisvottorðið skal vera þannig úr garði gert að komið sé í veg fyrir hvers konar fölsun. Í þessu skyni skal vottorðið prentað á pappír sem er sérstaklega varinn annaðhvort með litprentun eða vatnsmerktur með auðkenni framleiðanda.“

5. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. mgr. 8. gr.:

a) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

i) [Þessi breyting á ekki við íslenska textann.]

ii) Í stað 2. tölul. komi:

„2. Ef beita á 1. mgr. að því er varðar eina eða fleiri gerðir ökutækja í tilteknum flokki skal framleiðandi leggja fram beiðni þar um til lögbærra yfirvalda allra aðildarríkja sem í hlut eiga áður en viðkomandi gerðir ökutækja eru teknar í notkun. Í beiðninni skal tilgreina þær tæknilegu

og/eða fjárhagslegu ástæður sem hún er byggð á.

Framangreind aðildarríki skulu ákveða innan þriggja mánaða hvort og þá fyrir hve margar einingar þau samþykkja skráningu viðkomandi gerðar ökutækja á sínu yfirráðasvæði.

Sérhvert aðildarríki, sem varðar að slíkar gerðir ökutækja séu teknar í notkun, skal bera ábyrgð á því að framleiðandi virði ákvæði B-hluta XII. viðauka.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni árlega skrá yfir veittar undanþágur.“

b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Ökutæki, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem byggja á tækni eða eru hannaðar þannig að þær geta ekki, vegna tiltekinna eiginleika, verið í samræmi við kröfur sértilskipunar eða -tilskipana.

Ef um slíkt er að ræða getur aðildarríki veitt viðurkenningu sem gildir eingöngu á yfirráðasvæði þess en það skal, innan mánaðar frá því að viðurkenningin var veitt, senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkja og framkvæmdastjórninni afrit af viðurkenningarvottorði og meðfylgjandi gögnum þess. Um leið skal senda framkvæmdastjórninni beiðni um heimild til þess að veita gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun. Beiðninni skal fylgja skýrsla þar sem fram komi:

— ástæðan að baki því að tækni eða hönnun koma í veg fyrir að ökutækið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin geta ekki samrýmt kröfum í viðkomandi sértilskipun eða -tilskipunum,

— lýsing á viðkomandi öryggisþáttum og umhverfisvörnum og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið,

— lýsing á prófunum og niðurstöðum þeirra sem sýna eiga fram á að öryggi og umhverfisvarnir eiga að vera að minnsta kosti jafngildar eins og kveðið er á um í kröfum sértilskipunar eða -tilskipana,

— tillögur að breytingum á viðkomandi sértilskipunum eða tillaga að nýrri sértilskipun eða -tilskipunum, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja mánaða frá því að fullgerða skýrslan berst, leggja drög að ákvörðun fyrir nefndina sem um getur í 13. gr. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr., ákveða hvort aðildarríkinu skuli heimilt að gefa út gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun eða ekki.

Aðildarríkjunum verður eingöngu send beiðnin um heimild til að veita viðurkenningu og drögin að ákvörðuninni á þjóðtungum þeirra en aðildarríkin geta farið fram á að fá alla þætti skýrslunnar á frummálinu og sett slíkt sem skilyrði fyrir því að ákvörðun sé tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.

Ef tekin er ákvörðun um að samþykkja beiðnina er aðildarríkinu heimilt að gefa út gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun. Í slíkum tilvikum skal koma fram í ákvörðuninni hvort setja beri gildi hennar einhver takmörk (s.s. tímamörk). Viðurkenningin skal þó aldrei gilda skemur en í 36 mánuði.

Þegar viðkomandi sértilskipun eða -tilskipanir hafa verið lagaðar að tækniframförum, þannig að ökutæki, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessa c-liðar eru í samræmi við breytingartilskipanirnar, skulu aðildarríkin breyta slíkum viðurkenningum í almennar viðurkenningar að teknu tilliti til nauðsynlegra frávik, t.d. vegna frests sem framleiðandi kann að þurfa til þess að skipta um viðurkenningarmerki á íhlutum. Þetta felur í sér að allar tilvísanir til takmarkana eða undanþágna eru felldar niður og að í stað sérvíðurkenningarnúmera koma almenn viðurkenningarnúmer.

Ef ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga sértilskipunina eða -tilskipanirnar er heimilt að framlengja gerðarviðurkenningar, sem veittar hafa verið samkvæmt ákvæðum þessa liðar að beiðni aðildarríkisins sem veitti viðurkenninguna, með frekari ákvörðun sem skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.“

6. Í stað annars málsliðar í 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„Sannprófun á að framleiddar vörur séu í samræmi við viðurkennda gerð skal takmörkuð við aðferðirnar sem

lýst er í 2. og 3. þætti X. viðauka og í þeim sértilskipunum sem innihalda sérstakar kröfur um þetta efni.“

7. Við 13. gr. bætist eftirfarandi 5. mgr.:

„5. Samþykki framkvæmdastjórnin breytingar á sértilskipun skal hún, á grundvelli sömu breytinga, samþykkja viðeigandi breytingar á viðkomandi viðaukum við þessa tilskipun.“

8. Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsluáttir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

3. Frá 1. október 1998 skulu aðildarríkin beita þeim ákvæðum sem um getur í 1. mgr. þegar um nýjar gerðir ökutækja er að ræða. Hins vegar er heimilt, að beiðni framleiðanda, að nota eldri fyrirmyndina að samræmingarvottorði í 12 mánuði eftir þá dagsetningu fyrir fullgerð ökutæki og í 18 mánuði fyrir ökutæki sem eru fullgerð í áföngum eftir fjölpæpa viðurkenningu.

4. Með þessari tilskipun eru hvorki felldar úr gildi viðurkenningar sem veittar voru áður en hún tók gildi né komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þær voru upphaflega veittar samkvæmt. Hins vegar skulu öll samræmisvottorð, sem framleiðandi gefur út eftir að 12 mánuðir eru liðnir frá dagsetningunni sem tilgreind er í 3. mgr. fyrir fullgerð ökutæki en eftir 18 mánuði fyrir ökutæki sem eru fullgerð í áföngum eftir fjölpæpa viðurkenningu, vera í samræmi við fyrirmyndina sem lýst er í IX. viðauka tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

5. Að því er gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki varðar skulu aðildarríkin eingöngu beita þessari tilskipun gagnvart ökutækjum í flokki M<sub>1</sub> með brunahreyfli þar til breyting á viðaukunum hefur verið gerð þannig að hún nái einnig til ökutækja í flokki M<sub>1</sub> með öðrum hreyflum en brunahreyflum og ökutækja í öðrum flokkum. Þar til sú breyting

verður gerð gilda ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 87/403/EBE <sup>(1)</sup>, um gerðarviðurkenningu ökutækja í öðrum flokkum.

6. Aðildarríki skulu einungis beita 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, að beiðni framleiðanda gagnvart ökutæki til sérstakra nota, sem um getur í XI. viðauka, fram að þeim degi sem er tilgreindur í breytingu við þessa tilskipun þannig að hún nái til ökutækja í flokkum öðrum en M<sub>1</sub>.

Þangað til skulu aðildarríkin veita ökutækjum eða íhlutum og aðskildum tæknieiningum innlenda gerðarviðurkenningu og leyfa að þau séu skráð, seld og tekin í notkun í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

7. Ákvæði 1. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu hvorki gilda um ökutæki, íhluti og aðskildar tæknieiningar, sem tilheyra gerð sem fengið hefur innlenda gerðarviðurkenningu fyrir 1. janúar 1996, að því er varðar fullgerð ökutæki, og fyrir 1. janúar 1998 að því er varðar ökutæki sem eru fullgerð í áföngum eftir fjölþrepa viðurkenningu, né ökutæki til sérstakra nota fyrir þann dag, sem um getur í 6. mgr., né um gerð sem aðildarríki hefur skráð eða viðurkennt til sölu eða notkunar fyrir 1. janúar 1996, að því er varðar fullgerð ökutæki, fyrir 1. janúar 1998, að því er varðar ökutæki sem eru fullgerð í áföngum eftir fjölþrepa viðurkenningu, eða fyrir þann dag sem um getur í 6. mgr., fyrr en 31. desember 1997 að því er varðar fullgerð ökutæki, 31. desember 1999 að því er varðar ökutæki sem eru fullgerð í áföngum eftir fjölþrepa gerðarviðurkenningu eða fyrr en á þeim degi sem um getur í 6. mgr. að því er varðar ökutæki til sérstakra nota sem um getur í XI. viðauka.

8. Viðurkenningar, sem eru hluti af innlendri gerðarviðurkenningu sem um getur í 6. og 7. mgr. og veittar hafa verið samkvæmt sértilskipunum, skulu halda gildi eftir þær dagsetningar sem um getur í 6. og 7. mgr. nema eitt af skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í fjórðu undirgrein 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun, gildi.

9. Aðildarríkjum er heimilt að nota innlend kenninúmer til þess að auðvelda skráningu og skattlagningu á yfirráðasvæði sínu uns skráningar- og skattakerfi aðildarríkjanna hafa verið samræmd hvað varðar ökutæki sem tilskipun þessi nær yfir. Í þessu skyni er aðildarríkjum heimilt að skipta upp útgáfunum, sem sýndar eru í II. hluta III. viðauka, svo fremi að efnisatriðin, sem skiptingin byggist á,

komi berum orðum fram í upplýsingasafninu eða að unnt sé að fá þau fram með einföldum útreikningi. Aðildarríkin geta einnig farið fram á það að innlent kenninúmer fylgi samræmisvottorðinu.

10. Þar til tilskipun 70/156/EBE verður breytt og hún einnig látin taka til ökutækja í öðrum flokkum en M<sub>1</sub> er aðildarríkjunum heimilt að veita, eftir fjölþrepa viðurkenningu, þeim ökutækjum til sérstakra nota, sem um getur í XI. viðauka, viðurkenningu á grundvelli viðurkenningavottorða sem eru veitt framleiðendum grunnökutækja eða ófullgerðra ökutækja í flokkum sem uppfylla kröfur varðandi flokkinn, sem grunnökutækið eða ófullgerða ökutækið tilheyrir, á grundvelli ákvæða XI. viðauka.

Auk þess skal framleiðandi grunnökutækis eða ófullgerðs ökutækis í öðrum flokki en M<sub>1</sub> gefa út skriflega yfirlýsingu í samræmi við XV. viðauka vegna skráninga sem fylgja í kjölfarið.

11. Með fyrirvara um a- og b-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, heimila 6. og 7. mgr. aðildarríkjum ekki að víkja frá ákvæðum sértilskipunar eða þessarar tilskipunar þar sem settar eru fram kröfur sem byggjast á algerri samræmingu að því er varðar gerðarviðurkenningu og upphaf notkunar ökutækja, íhluta eða aðskilinna tæknieininga.

12. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 8. gr., að undanskildum orðunum „samkvæmt 5. mgr. 5. gr.“ og ákvæði annars undirliðar í 1. lið, eiga við um ökutæki í flokknum M<sub>1</sub> sem eru með brunahreyfli og skráð eftir þann dag sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar og gilt samræmisvottorð fylgir ekki.

13. Gildi áður veittra gerðarviðurkenninga samkvæmt c - lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE telst framlengt um eitt 12 mánaða tímabil frá þeim degi sem þær falla úr gildi.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, eigi síðar en 31. desember 2000, á grundvelli viðkomandi upplýsinga sem lögbær yfirvöld láta í té um framkvæmd málsmeðferðar evrópsku gerðarviðurkenningarinnar þar sem athuguð eru sérstaklega, en þó ekki eingöngu, áhrif hennar á lítil og meðalstór fyrirtæki sem taka þátt í smíði ökutækja í mörgum áföngum og skal, þar sem við á, gera tillögur um nauðsynlegar breytingar til að bæta fyrirkomulag samræmingarferlisins.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 44.

2. Framkvæmdastjórnin skal semja skýrslu, eigi síðar en 31. desember 2000, um aðstæður í aðildarríkjunum til beitingar ákvæðum 1. liðar B-þáttar II. viðauka í tilskipun 70/156/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun og skal, ef við á, gera tillögur um einföldun þeirra krafna.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

1. Eftirfarandi bætist við aftast í „Skrá yfir viðauka“:

„XV. VIÐAUKI: Yfirlýsing frá framleiðanda grunnökutækja eða ófullgerðra ökutækja í öðrum flokkum en M<sub>1</sub>.“

2. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI (<sup>a</sup>)

**HEILDARSKRÁ YFIR UPPLÝSINGAR FYRIR GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKIS**

(Upplýsingaskjöl sem nefnd eru í þessari tilskipun og í sértilskipunum skulu einungis vera úrdrættir úr þessari heildarskrá og skulu fylgja númerakerfi hennar.)

Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu tilkynna hvert öðru um þá vottunaraðila sem hafa fengið réttindi eða viðurkenningu hjá þeim samkvæmt framangreindu og um allar breytingar sem gerðar eru á gildistíma eða gildissviði þeirra vottana sem þeir gefa út.

- 1.3. Þegar um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis, þarf ekki að endurtaka frummatið vegna gerðarviðurkenningar kerfa, fhluta eða aðskilinna tæknieininga heldur nægir mat sem tekur til staðsetningar og starfsemi sem tengist samsetningu ökutækisins í heild og fyrrnefnda matið nær ekki yfir.

## 2. FYRIRKOMULAG VARÐANDI SAMRÆMI FRAMLEIÐSLUNNAR

- 2.1. Ökutæki, kerfi, fhluti eða aðskildar tæknieiningar, sem viðurkenndar eru í samræmi við þessa tilskipun eða sértilskipun, skal framleiða í samræmi við þá gerð sem viðurkennd er og fullnægir kröfum þessarar tilskipunar eða sértilskipunar í heildarskránni í IV. viðauka eða XI. viðauka.
- 2.2. Viðurkenningaryfirvald aðildarríkis sem veitir gerðarviðurkenningu skal sannprófa að fyrir hendi séu fullnægjandi vinnutilhögun og skjalfestar eftirlitsáætlanir sem samþykktar eru í samráði við framleiðanda fyrir hverja gerðarviðurkenningu, en í því felst að gerðar eru, með tilteknu millibili, prófanir og tilheyrandi skoðanir til að sannprófa áframhaldandi samræmi við viðurkennda gerð; þessar prófanir geta verið þær sömu og tilgreindar eru í sértilskipunum.

<sup>(1)</sup> Til dæmis má nefna viðeigandi sértilskipun ef varan sem viðverkna á er kerfi, fhlutur eða tæknieining en tilskipun 70/156/EBE ef um heilt ökutæki er að ræða.

- 2.3. Handhafi viðurkenningar skal einkum:
- 2.3.1. ganga úr skugga um að fyrir hendi séu aðferðir til að hafa skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslunnar (ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum) við viðurkennda gerð;
- 2.3.2. hafa aðgang að þeim prófunarbúnaði eða öðrum búnaði sem viðeigandi og nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi við hverja viðurkennda gerð;
- 2.3.3. ganga úr skugga um að niðurstöður prófana og athugana séu skráðar og að meðfylgjandi skjöl séu tiltæk á tilteknu tímabili sem ákveðið er með samkomulagi við viðurkenningaryfirvöld. Ekki er nauðsynlegt að þetta tímabil sé lengra en 10 ár;
- 2.3.4. sundurgreina niðurstöður hverrar gerðar prófunar eða athugunar til að sannprófa og ganga úr skugga um stöðugleika að því er lýtur að eiginleikum vörunnar, að teknu tilliti til frávika vegna fjöldaframleiðslu;
- 2.3.5. ganga úr skugga um, fyrir hverja gerð framleiðslunnar, að a.m.k. þær athuganir sem kveðið er á um í þessari tilskipun og prófanir sem kveðið er á um í viðkomandi sértilskipunum af skránni í IV. eða XI. viðauka hafi verið framkvæmdar;
- 2.3.6. ganga úr skugga um að frekari sýni séu tekin og frekari prófanir gerðar ef þær prófanir eða athuganir sem gerðar eru sýna að einhverjar sýna- eða prófunarhlutasamstæður eru í ósamræmi við viðkomandi gerð. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að samræmi við samsvarandi framleiðslu komist á að nýju;
- 2.3.7. ef um er að ræða heildarviðurkenningu ökutækis skulu athuganir sem um getur í lið 2.3.5 takmarkaðar við að sannprófa smíðaforskriftir með tilliti til viðurkenningarinnar og einkum með tilliti til upplýsingaskjalsins sem sýnt er í III. viðauka og þeirra upplýsinga sem krafist er vegna samræmisvottorðsins sem sýnt er í IX. viðauka þessarar tilskipunar.
3. FYRIRKOMULAG VIÐ ÁFRAMHALDANDI SANNPRÓFUN
- 3.1 Yfirvaldi sem veitt hefur gerðarviðurkenningu er hvenær sem er heimilt að sannprófa eftirlitsaðferðir með samræmi sem beitt er í hverri framleiðsluáðstöðu.
- 3.1.1 Að öðru jöfnu ber að fylgjast með því að ráðstafanirnar sem kveðið er á um í lið 1.2 í þessum viðauka (frummat og samræmi framleiðslunnar) verði áfram skilvirkar.
- 3.1.1.1. Líta ber svo á að eftirlit sem vottunaraðili (sem hefur réttindi eða er viðurkenndur í samræmi við kröfurnar í lið 1.2.3) framkvæmir uppfylli kröfurnar í lið 3.1.1 að því er varðar þær aðferðir sem ákveðnar eru við frummat (liður 1.2.3).
- 3.1.1.2. Eðlileg tíðni sannprófana sem viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir (annarra en þeirra sem um getur í lið 3.1.1.1) skal vera þannig að tryggt sé að eftirlitið, sem beitt er samkvæmt 1. og 2. lið í þessum viðauka, sé endurskoðað eftir hæfilega langan tíma miðað við það hve mikið traust ríkir milli framleiðanda og yfirvalda.
- 3.2. Í hverri endurskoðun skulu skýrslur um prófanir eða athuganir og framleiðsluskýrslur vera skoðunarmanni tiltækar; einkum skýrslur þær um prófanir eða athuganir sem skjalfestar eru samkvæmt því sem krafist er í lið 2.2 í þessum viðauka.
- 3.3. Skoðunarmanni er heimilt, ef prófunin er þess eðlis, að velja sýnishorn af handahófi sem síðan skulu prófuð á rannsóknastofu framleiðanda (eða hjá tækniþjónustu ef kveðið er á um það í sértilskipun). Lágmarksfjöldi sýnishorna er heimilt að ákvarða í samræmi við niðurstöður í sannprófun framleiðanda sjálfs.
- 3.4. Ef eftirliti virðist ábótavant eða nauðsynlegt virðist að sannprófa gildi prófananna sem framkvæmdar voru samkvæmt lið 3.2 skal skoðunarmaður velja sýnishorn til að senda tækniþjónustunni sem annaðist prófanirnar vegna gerðarviðurkenningarinnar.
- 3.5. Viðurkenningaryfirvaldi er heimilt að framkvæma sérhverja athugun eða prófun sem kveðið er á um í þessari tilskipun eða í viðkomandi sértilskipunum sem eru í heildarskrá í IV. eða XI. viðauka.
- 3.6. Ef niðurstöður athugunar eða endurskoðunar eru ófullnægjandi skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma samræmi framleiðslunnar á að nýju svo fljótt sem verða má.“



12. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á XI. viðauka:

„XI. VIÐAUKI

**Eiginleikar ökutækja til sérstakra nota og ákvæði sem gilda um þau**

(sjá 4. gr.)

*1. viðbætur*

Húsbifreiðar — Sjúkrabifreiðar — Líkvagnar

Liðir	Efni	Tilskipun nr.	M <sub>1</sub> ≤ 2500 ( <sup>1</sup> ) kg	M <sub>1</sub> > 2500 ( <sup>1</sup> ) kg
1.	Hljóðstig	70/157/EBE	H	G + H
2.	Útblástur	70/220/EBE	Q	G + Q
3.	Eldsneytisgeymar/undirakstursvörn	70/221/EBE	F	F
4.	Flötur fyrir aftara skráningamerki	70/222/EBE	X	X
5.	Stýriskraftur	70/311/EBE	X	G
6.	Læsingar dyra og lamir	70/387/EBE	B	G + B
7.	Hljóðmerkjabúnaður	70/388/EBE	X	X
8.	Baksýn	71/127/EBE	X	G
9.	Hemlar	71/320/EBE	X	G
10.	Deyfing rafsegultruflana	72/245/EBE	X	X
11.	Dísilútblástur	72/306/EBE	H	H
12.	Innréttingar	74/60/EBE	C	G + C
13.	Þjófavörn og ræsivarnarbúnaður	74/61/EBE	X	G
14.	Höggheldur stýrisbúnaður	74/297/EBE	X	G
15.	Styrkleiki sæta	74/408/EBE	D	G + D
16.	Útstæðir hlutar	74/483/EBE	X fyrir stýris- húsið; A fyrir aðra hluta	G fyrir stýris- húsið; A fyrir aðra hluta
17.	Hraðamælir og bakkskipting	75/443/EBE	X	X
18.	Merkjaplötur (lögboðnar)	76/114/EBE	X	X
19.	Sætisbeltafestingar	76/115/EBE	D	G + L
20.	Ljós- og ljósmerkjabúnaður	76/756/EBE	A + N	A + G + N fyrir stýrishúsið A + N fyrir aðra hluta
21.	Glitaugu	76/757/EBE	X	X
22.	Ljósker (breiddarljósker, stöðu- hliðarljósker að aftan og framan, hemlaljósker, ljósker fyrir dag- ljósabúnað og hliðarljósker),	76/758/EBE	X	X
23.	Stefnuljós	76/759/EBE	X	X
24.	Númersljós að aftan	76/760/EBE	X	X
25.	Aðalljósker (að perum meðtöldum)	76/761/EBE	X	X
26.	Þokuljósker að framan	76/762/EBE	X	X
27.	Dráttarkrókar	77/389/EBE	E	E
28.	Þokuljósker að aftan	77/538/EBE	X	X
29.	Bakkljósker	77/539/EBE	X	X
30.	Stöðuljósker	77/540/EBE	X	X

Liðir	Efni	Tilskipun nr.	M <sub>1</sub> ≤ 2500 ( <sup>1</sup> ) kg	M <sub>1</sub> > 2500 ( <sup>1</sup> ) kg
31.	Sætisbelti	77/541/EBE	D	G + M
32.	Sjónsvið (fram á við)	77/649/EBE	X	G
33.	Auðkenning stjórnrofa	78/316/EBE	X	X
34.	Upphitun/rakahreinsun	78/317/EBE	X	G + O
35.	Þurrkur/sprautur	78/318/EBE	X	G + O
36.	Hitakerfi	78/548/EBE	I	G + P
37.	Hjólhlífar	78/549/EBE	X	G
38.	Höfuðpúðar	78/932/EBE	D	G + D
39.	Eldsneytisnotkun	80/1268/EBE	N/A	N/A
40.	Afl hreyfils	80/1269/EBE	X	X
41.	Dísilútblastur	88/77/EBE	H	G + H
44.	Massar og mál (bifreiðar)	92/21/EBE	X	X
45.	Öryggisgler	92/22/EBE	J	G + J
46.	Hjólbarðar	92/23/EBE	X	G
50.	Tengingar	94/20/EB	X	G
53.	Högg að framan	96/79/EB	N/A	N/A
54.	Högg frá hlið	96/27/EB	N/A	N/A

(<sup>1</sup>) Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu.

### SKÝRING Á BÓKSTÖFUM

- A: Undanþágur heimilaðar ef sérstök not valda því að ókleift er að fara fyllilega að kröfunum. Framleiðandi skal sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á að honum sé ókleift að fara að kröfunum vegna sérstakra nota ökutækisins
- B: Gildir eingöngu um dyr sem veita aðgang að sætum sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun þegar ökutækinu er ekið á vegi og þar sem fjarlægðin milli R-punkts sætisins og meðalplans yfirborðs hurðarinnar, mæld hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækisins, er ekki meiri en 500 mm.
- C: Gildir eingöngu um þann hluta ökutækisins sem er framan við aftasta sæti sem ætlað er fyrir eðlilega notkun þegar ökutækinu er ekið á vegi og um höggsvæði höfuðs eins og það er skilgreint í tilskipun 74/60/EBE.
- D: Gildir eingöngu um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun þegar ökutækinu er ekið á vegi.
- E: Einungis að framan.
- F: Breytingar á legu og lengd áfyllingarleiðslu og færsla á eldsneytisgeymi innanborðs er leyfileg.
- G: Kröfur í samræmi við flokk grunnökutækis/ófullgerðs ökutækis (þar sem undirvagninn hefur verið notaður við smíði ökutækis til sérstakra nota). Þegar um er að ræða ófullgert ökutæki eða fullgert í áföngum telst viðunandi að kröfur til ökutækja í samsvarandi flokki N (sem byggjast á hámarksmassa) séu uppfylltar.
- H: Breytingar á lengd útblásturskerfis aftan við síðasta hljóðdeyfinn/hvarfakútinn, sem ekki er lengri en 2 m, eru leyfðar án frekari prófana.
- I: Gildir eingöngu um upphitunarkerfi sem ekki eru hönnuð með dvalarstaði í huga.
- J: Gildir um allar gluggarúður nema rúður í stýrishúsi (fram- og hliðarrúður), þær geta hvort heldur verið úr öryggisgleri eða plexíglari.
- K: Frátekin stafur
- L: Gildir eingöngu um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun þegar ökutækinu er ekið á vegi. Aftursætum skulu a.m.k. fylgja festingar fyrir þverbelti.
- M: Gildir eingöngu um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun þegar ökutækinu er ekið á vegi. Aftursætum skulu a.m.k. fylgja þverbelti.
- N: Tilskilið er að lögboðinn ljósabúnaður sé settur upp og að rúmfræðilegur sýnileiki sé óskertur.
- O: Ökutækið skal vera útbúið með fullnægjandi kerfi að framan.
- P: Gildir eingöngu um upphitunarkerfi sem ekki eru hönnuð með dvalarstaði í huga. Ökutækið skal vera útbúið með fullnægjandi kerfi að framan.
- Q: Breytingar á lengd útblásturskerfis aftan við síðasta hljóðdeyfinn/hvarfakútinn, sem ekki er lengri en 2 m, eru leyfðar án frekari prófana. Gerðarviðurkenning sem veitt er dæmigerðasta grunnökutækinu er áfram í gildi án tillits til breytinga á viðmiðunarþyngd.
- X: Engar undanþágur aðrar en þær sem tilgreindar eru í sértilskipuninni.
- N/A: Þessi tilskipun gildir ekki um þessi ökutæki (engar kröfur).

## 2. viðbætur

## Brynvarin ökutæki

Liðir	Efni	Tilskipun nr.	Brynvarin ökutæki í flokki M1
1.	Hljóðstig	70/157/EBE	X
2.	Útblástur	70/220/EBE	A
3.	Eldsneytisgeymar/undirakstursvörn	70/221/EBE	X
4.	Flötur fyrir aftara skráningarmerki	70/222/EBE	X
5.	Stýriskraftur	70/311/EBE	X
6.	Læsingar dyra og lamir	70/387/EBE	X
7.	Hljóðmerkjabúnaður	70/388/EBE	A + C
8.	Baksýn	71/127/EBE	B
9.	Hemlar	71/320/EBE	X
10.	Deyfing rafsegultruflana	72/245/EBE	X
11.	Dísilútblastur	72/306/EBE	X
12.	Innréttingar	74/60/EBE	A
13.	Þjófavörn og ræsivarnarbúnaður	74/61/EBE	X
14.	Höggheldur stýrisbúnaður	74/297/EBE	N/A
15.	Styrkleiki sæta	74/408/EBE	X
16.	Útstæðir hlutar	74/483/EBE	A
17.	Hraðamælir og bakskipting	75/443/EBE	X
18.	Merkiplötur (lögboðnar)	76/114/EBE	X
19.	Sætisbeltafestingar	76/115/EBE	A
20.	Ljós- og ljósmerkjabúnaður	76/756/EBE	A + N
21.	Glitaugu	76/757/EBE	X
22.	Ljóssker (breiddarljóssker, stöðuhliðarljóssker að aftan og framan, hemlaljóssker ljóssker fyrir dagljósabúnað og hliðarljóssker)	76/758/EBE	X
23.	Stefnuljós	76/759/EBE	X
24.	Númersljós að aftan	76/760/EBE	X
25.	Aðalljóssker (að perum meðtöldum)	76/761/EBE	X
26.	Þokuljóssker að framan	76/762/EBE	X
27.	Dráttarkrókar	77/389/EBE	A
28.	Þokuljóssker að aftan	77/538/EBE	X
29.	Bakkljóssker	77/539/EBE	X
30.	Stöðuljóssker	77/540/EBE	X
31.	Sætisbelti	77/541/EBE	A
32.	Sjónsvið (fram á við)	77/649/EBE	B
33.	Auðkenning stjórnrofa	78/316/EBE	X
34.	Upphitun/rakahreinsun	78/317/EBE	A
35.	Þurrkur/sprautur	78/318/EBE	A
36.	Hitakerfi	78/548/EBE	X
37.	Hjólhlífur	78/549/EBE	X

Liðir	Efni	Tilskipun nr.	Brynvarin ökutæki í flokki M1
38.	Höfuðpúðar	78/932/EBE	X
39.	Eldsneytisnotkun	80/1268/EBE	N/A
40.	Afl hreyfils	80/1269/EBE	X
41.	Dísilútblástur	88/77/EBE	A
44.	Massi og mál (bifreiðar)	92/21/EBE	X
45.	Öryggisgler	92/22/EBE	N/A
46.	Hjólbarðar	92/23/EBE	N/A
50.	Tengingar	94/20/EB	X
53.	Högg að framan	96/79/EB	N/A
54.	Högg frá hlið	96/27/EB	N/A

### SKÝRING Á BÓKSTÖFUM

- A: Undanþágur heimilaðar ef sérstök not valda því að ókleift er að fara fyllilega að kröfum. Framleiðandi skal sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á að honum sé ókleift að fara að kröfunum vegna sérstakra nota ökutækisins.
- B: Gegnumferðarstuðull ljóss er 60% hið minnsta og horn A-súlu þar sem sjón er hindruð ekki stærra en 10 gráður.
- C: Frekari neyðarviðvörðunarbúnaður er leyfilegur.
- N: Tilskilið er að lögboðinn ljósabúnaður sé settur upp og að ljósfræðilegur sýnileiki sé óskertur.
- X: Engar undanþágur aðrar en þær sem tilgreindar eru í sértilskipuninni.
- N/A: Þessi tilskipun gildir ekki um þessi ökutæki (engar kröfur).

13. Svohljóðandi ný 1. mgr. bætist við í B-hluta XII. viðauka:

„Hámarksfjöldi ökutækja, fullgerðra og fullgerðra í áföngum, sem tekin eru í notkun í hverju aðildarríki, með þeim hætti sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 8. gr. skal vera takmarkaður á eftirfarandi hátt eftir því sem viðkomandi aðildarríki ákveður nánar:

annaðhvort

1. skal hámarksfjöldi ökutækja í flokki M<sub>1</sub>, af einni eða fleiri gerðum, sem tekin eru í notkun í hverju aðildarríki, ekki vera meiri en 10% en í öðrum flokkum mest 30% af ökutækjum allra viðkomandi gerða sem tekin voru í notkun í því aðildarríki árið áður;

ef 10%, eða eftir atvikum 30%, ökutækjanna reynast vera færri en 100 getur aðildarríkið heimilað að allt að 100 ökutæki séu tekin í notkun;

eða

2. eingöngu skal taka í notkun þau ökutæki af hverri gerð sem hafa samræmisvottorð sem gefið er út á framleiðsludaginn eða síðar og gildir í minnst 3 mánuði eftir útgáfudag en féll síðan úr gildi vegna gildistöku sértilskipunar.

Sérstök áritun skal vera á samræmisvottorði fyrir ökutæki sem tekin eru í notkun með þessum hætti.

14. Eftirfarandi breyting er hér með gerð á XIV. viðauka:

1. Í stað annars málsliðar í lið 1.1 komi eftirfarandi:

„Í þessu augnamiði skulu viðurkenningaryfirvöld ganga úr skugga um, áður en þau veita viðurkenningu á fyrsta þrepi og hærri þrepum að hentug tilhögun sé til staðar varðandi framsetningu og skipti á skjölum og upplýsingum milli viðkomandi framleiðenda þannig að fullgerða ökutækjagerðin standist allar tækniröfur viðkomandi sértilskipana eins og kveðið á um í IV. og XI. viðauka.“

2. Í stað annars undirliðar í 4. lið komi eftirfarandi:

„— 1., 3. og 4. þáttur EB-gerðarviðurkenningarnúmers,“

3. Í viðbætinum falli „\*01“ niður.

15. Nýr svohljóðandi viðauki bætist við:

„XV. VIÐAUKI

Yfirlýsing frá framleiðanda grunnökutækja eða ófullgerðra ökutækja í öðrum flokkum en M<sub>1</sub>.

#### UPPRUNAVOTTORÐ ÖKUTÆKISINS

Yfirlýsing nr.

Í samræmi við 10. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/14/EB lýsir undirritaður því yfir að ökutækið, sem er tilgreint hér á eftir, var framleitt í verksmiðju undirritaðs og að það er nýtt ökutæki.

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð ökutækis: .....
- 0.2.1 Verslunarheiti (<sup>2</sup>): .....
- 0.3. Gerðarauðkenni: .....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

Enn fremur lýsir undirritaður því yfir að ökutækið hafi uppfyllt kröfur eftirfarandi tilskipana þegar það var afhent:

Efni	Númer tilskipunar	Viðurkenningarnúmer	Aðildarríkið sem veitir gerðarviðurkenninguna ( <sup>1</sup> )
1. Hljóðstig			
2. Útblástur			
3.			
o.s.frv.			

(<sup>1</sup>) Gefið upp ef það verður ekki ráðið af gerðarviðurkenningarnúmerum.

Þessi yfirlýsing er gefin samkvæmt ákvæðum í XI. viðauka við tilskipun 98/14/EB.

.....

(Staður) (Undirskrift) (Dagsetning)\*\*

\_\_\_\_\_

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/02**

**nr. 17/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og**  
**IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

**2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 11d. (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB) í IV. viðauka við samninginn:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

„11e. **398 L 0011:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar lampa til heimilisnota (Stjtið. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1).“

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/98 frá 31. mars 1998<sup>(1)</sup>.

**3. gr.**

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/98 frá 31. mars 1998<sup>(2)</sup>.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar lampa til heimilisnota<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**4. gr.**

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**1. gr.**

**5. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4d (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB) í IV. kafla II. viðauka við samninginn:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

„4e. **398 L 0011:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar lampa til heimilisnota (Stjtið. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1).“

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 342, 17.12.1998, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 52, 17.12.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 342, 17.12.1998, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 52, 17.12.1998, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/11/EB****frá 27. janúar 1998****um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar  
lampa til heimilisnota(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá  
22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á  
heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum  
aðföngum<sup>(1)</sup>, einkum 9. og 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt tilskipun 92/75/EBE ber framkvæmdastjórninni að  
samþykkja framkvæmdartilskipanir fyrir heimilistæki, meðal  
annars ljósastæði (lampa).

Raforkunotkun lampa er verulegur hluti af heildarorkuþörf  
bandalagsins. Mjög miklir möguleikar eru á að draga úr orkunotkun  
þessara tækja.

Bandalagið staðfestir áhuga sinn á því að tekið verði upp al-  
þjóðlegt staðlakerfi sem gerir kleift að setja staðla, sem verða í  
raun notaðir af öllum aðilum í alþjóðlegum viðskiptum, í samræmi  
við kröfur sem eru gerðar með hliðsjón af stefnu bandalagsins, og  
fer þess á leit við evrópsk staðlasamtök að þau haldi áfram  
samvinnu við alþjóðleg staðlasamtök.

Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu  
(Cenelec) eru þær stofnanir sem eru lögbærar til að samþykkja  
samhæfða staðla í samræmi við almennar viðmiðunarreglur um  
samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja  
stofnana, undirritaðar 13. nóvember 1984. Í skilningi þessarar  
tilskipunar er samhæfður staðall tækniforskrift (Evrópustaðall  
eða samhæfingarskjal) sem er samþykkt af Rafstaðlasamtökum  
Evrópu (Cenelec) á grundvelli umboðs frá framkvæmdastjórninni  
í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá  
28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta  
vegna tæknilegra staðla og reglugerða<sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast  
breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/139/EB<sup>(3)</sup>,  
og á grundvelli þessara almennu viðmiðunarreglna.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1, var nefnd í  
ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/1999 frá 26. febrúar 1999  
um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af  
EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

(1) Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

(2) Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8.

(3) Stjtið. EB L 32, 10.2.1996, bls. 31.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í  
samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 10. gr.  
tilskipunar 92/75/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um rafmagnslampa til heimilisnota  
sem tengjast almennri rafmagnsveitu beint (glóðarþráðalampa og  
innbyggða samþjappaða flúrlampa) og flúrlampa til heimilisnota  
(einnig aflanga og samþjappaða flúrlampa sem eru ekki  
innbyggðir), jafnvel þótt þeir séu settir á markað fyrir annað en  
heimili.

Ef notendur geta tekið búnað í sundur skal hugtakið „lampi“ í  
þessari tilskipun merkja þann hluta eða þá hluta sem gefa frá sér  
ljós.

2. Eftirtaldir lampar falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar:

- lampar með meira en 6 500 lúmena ljósstreymi;
- lampar með minna orkuinntak en 4 vött;
- kastlampar;
- lampar sem eru fyrst og fremst markaðssettir eða seldir til  
notkunar með öðrum orkugjöfum, til að mynda rafhlöðum;
- lampar sem eru ekki fyrst og fremst markaðssettir eða seldir  
með það í huga að framleiða sýnilegt ljós (með 400 til 800  
nm bylgjulengd);
- lampar sem eru markaðssettir eða seldir sem hluti vöru sem  
er ætlað annað grunnhlutverk en að vera ljósgjafi. Lampi,  
sem er boðinn til sölu, leigu eða kaupleigu eða sýndur einn  
og sér, t.d. sem varahlutur, fellur þó undir tilskipunina.

3. Lömpum, sem um getur í 2. mgr., mega fylgja merkimiðar  
og upplýsingar í samræmi við þessa tilskipun, að því tilskildu  
að samhæfðir mælistaðlar, sem gilda um slíka lampa, hafi verið  
samþykktir og birtir í samræmi við 4. mgr.

4. Upplýsingarnar, sem er krafist samkvæmt þessari tilskipun, skulu vera í samræmi við samhæfða staðla en tilvísunarnúmer staðlanna verða að hafa verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og verða aðildarríkin að hafa birt tilvísunarnúmer landsstaðlanna sem eru til framkvæmdar samhæfðu stöðlunum.

5. Samhæfðu staðlarnir, sem um getur í 4. mgr., skulu samdir samkvæmt umboði frá framkvæmdastjórninni í samræmi við tilskipun 83/189/EBE.

6. Hugtök í þessari tilskipun hafa sömu merkingu og í tilskipun 92/75/EBE nema samhengi kalli á annað.

2. gr.

1. Tækniskjölín, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skulu hafa að geyma:

- a) nafn, vörumerki og heimilisfang birgis;
- b) almenna lýsingu á lampanum sem nægir til að unnt sé að bera ótvíráð kennsl á hann;
- c) upplýsingar, þar með taldar teikningar ef við á, um helstu hönnunareinkenni gerðarinnar, einkum þau atriði sem hafa greinileg áhrif á orkunotkun hennar;
- d) skýrslur um viðeigandi mælingarprófanir sem gerðar hafa verið samkvæmt samhæfðu stöðlunum sem um getur í 4. mgr. 1. gr.;
- e) leiðbeiningar um notkun ef þær eru fyrir hendi.

2. Merkimíðinn, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa tilskipun. Honum skal komið fyrir eða hann prentaður eða festur utan á umbúðir sjálfs lampans. Ekkert annað, sem er komið fyrir eða prentað eða fest á umbúðir sjálfs lampans, má skyggja á hann. Í I. viðauka er tilgreint hvernig festa skuli merkimíðann á mjög litlar umbúðir.

3. Upplýsingablaðið, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera í samræmi við það sem tilgreint er í II. viðauka við þessa tilskipun.

4. Við þær aðstæður sem lýst er í 5. gr. tilskipunar 92/75/EBE og þegar tilboði um sölu, leigu eða kaupleigu er komið á framfæri í prentaðri orðsendingu, svo sem í póströntunarlista, skal prentaða orðsendingin innihalda allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka við þessa tilskipun.

5. Orkunýtniflokkur lampa, sem tilgreindur er á merkimiða og á upplýsingablaði, skal ákveðinn í samræmi við IV. viðauka.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir birgjar og seljendur með staðfestu á yferráðasvæði þeirra uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 15. júní 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 1999.

Þó skulu aðildarríkin heimila til 31. desember 2000:

- markaðssetningu, verslun með og/eða sýningu á vörum, og
- dreifingu kynningarríta, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 92/75/EBE, um vöruna og prentaðra orðsendinga sem um getur í 4. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar,

sem eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Christos PAPOUTSIS

framkvæmdastjóri.




I. VIÐAUKI

MERKIMIÐINN

Hönnun merkimiða



- Nota skal aðra af eftirfarandi teikningum sem fyrirmynd að merkimiðanum. Ef merkimiðinn er ekki prentaður á umbúðirnar, en sérstakur merkimiði settur eða festur á þær, þer að nota litadán merkimiða. Ef „svart á hvítu“ útgáfan er notuð má letur og bakgrunnur vera í hverjum þeim lit sem dregur ekki úr læsileika merkimiðans.



- Í eftirfarandi athugasemdum er tilgreint hvaða upplýsingar skuli koma fram:



Athugasemdir:

- Orkunýtniflokkur lampa, ákvarðaður í samræmi við IV. viðauka. Viðeigandi bókstafur skal settur í sömu hæð og viðeigandi ör.
  - Ljósstreymi lampans, gefið upp í lúmenum og mælt í samræmi við prófunaraðferðir samhæfðu staðlanna sem um getur í 4. mgr. 1. gr.
  - Orkuinntak (vött) lampans, mælt í samræmi við prófunaraðferðir samhæfðu staðlanna sem um getur í 4. mgr. 1. gr.
  - Meðalendingartími lampans, mældur í klukkustundum í samræmi við prófunaraðferðirnar sem um getur í 4. mgr. 1. gr. Fylgi aðrar upplýsingar um endingu lampans ekki í umbúðunum er heimilt að sleppa þessu atriði.
- Ef þær upplýsingar, sem eru tilgreindar í II., III. og, ef við á, IV. aths. 2. liðar, er að finna annars staðar á umbúðum lampans má sleppa þeim á merkimiðanum sem og reitnum þar sem þær eiga að birtast. Í því tilviki skal nota aðra af eftirfarandi teikningum sem fyrirmynd að merkimiða:



**Prentun**

4. Hér á eftir eru tilteknir þættir merkimiðans skilgreindir:



Eins og sýnt er á teikningunni skal vera að minnsta kosti 5 mm auður kantur umhverfis merkimiðann. Ef engin hlið umbúðanna er nógu stór fyrir merkimiðann og auða kantinn eða þeki þau meira en 50% af yfirborði stærstu hliðarinnar er heimilt að minnka merkimiðann og kantinn en ekki meira en nauðsynlegt er til að uppfylla bæði þessi skilyrði. Engu að síður má merkimiðinn aldrei vera minni en 40% (á lengd) af staðlaðri stærð hans. Séu umbúðir of litlar fyrir þá stærð skal festa merkimiðann á lampann eða umbúðirnar. Þó er heimilt að sleppa merkimiðanum ef hann er sýndur í fullri stærð með lampanum (svo sem á hillu þar sem hann er til sýnis).

**Litir**

Lituð útgáfa:

CMYB — blátt (cyan), blárætt (magenta), gult, svart.

Dæmi: 07X0: 0% blátt (cyan), 70% blárætt (magenta), 100% gult, 0% svart.

Örvar:

A: X0X0

B: 70X0

C: 30X0

D: 00X0

E: 03X0

F: 07X0

G: 0XX0

Rammalitur: X070

Allur textinn er svartur. Bakgrunnur er hvítur.

*II. VIÐAUKI***UPPLÝSINGABLAÐIÐ**

Á upplýsingablaðinu skulu vera þær upplýsingar sem eru tilgreindar fyrir merkimiðann <sup>(1)</sup>

---

<sup>(1)</sup> Ef engin kynningarrit fylgja með vörinni má einnig lita á merkimiðann sem upplýsingablað.

*III. VIÐAUKI***PÓSTVERSLUN OG ÖNNUR FJARSALA**

Póstpöntunarlistar og aðrar prentaðar orðsendingar, sem um getur í 4. mgr. 2. gr., skulu annaðhvort innihalda afrit af merkimiðanum eða eftirtaldar upplýsingar í þeirri röð sem tilgreind er:

1. Orkunýtniflokkur (I. athugasemd í I. viðauka)

Tilgreindur sem „Orkunýtniflokkur . . . á kvarðanum A (hámarksnýtni) til G (lakasta nýtni)“. Ef þessar upplýsingar eru gefnar í töflu má tilgreina þær með öðrum hætti að því tilskildu að ljóst sé að kvarðinn sé frá A (hámarksnýtni) til G (lakasta nýtni).

2. Ljósstreymi lampans (II. athugasemd í I. viðauka)
3. Orkuinntak (III. athugasemd í I. viðauka)
4. Meðalendingartími lampans (IV. athugasemd í I. viðauka)

(Heimilt er að sleppa þessu ef engar aðrar upplýsingar um endingartíma lampans er að finna í bæklingnum).

---

## IV. VÞAUKI

Orkunýtniflokkur lampans skal ákvarðaður með eftirfarandi hætti:

Lampar sem skulu tilheyra flokki A:

- Flúrlampar án innbyggðs straumfestis  
(lampar sem þarfnast straumfestis og/eða annars stýribúnaðar til að tengjast almennu rafveitukerfi)

$$W \leq 0,15 \sqrt{\Phi} + 0,0097 \Phi$$

- Aðrir lampar  
 $W \leq 0,24 \sqrt{\Phi} + 0,0103 \Phi$

þar sem  $\Phi$  táknar lúmenúttak lampans  
og  $W$  táknar orkuinntak lampans í vöttum.

Ef lampi tilheyrir ekki flokki A skal reikna viðmiðunarvött  $W_R$  út með eftirfarandi hætti:

$$W_R = \begin{cases} 0,88 \sqrt{\Phi} + 0,049 \Phi & \text{þegar } \Phi > 34 \text{ lúmen} \\ 0,2 \Phi & \text{þegar } \Phi \leq 34 \text{ lúmen,} \end{cases}$$

þar sem  $\Phi$  táknar lúmenúttak lampans.

Orkunýtnistuðullinn  $E_1$  er þá reiknaður sem:

$$E_1 = \frac{W}{W_R}$$

þar sem  $W$  táknar orkuinntak lampans í vöttum.

Orkunýtniflokkar eru þá ákvarðaðir í samræmi við eftirfarandi töflu:

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull $E_1$
B	$E_1 < 60 \%$
C	$60 \% \leq E_1 < 80 \%$
D	$80 \% \leq E_1 < 95 \%$
E	$95 \% \leq E_1 < 110 \%$
F	$110 \% \leq E_1 < 130 \%$
G	$E_1 \geq 130 \%$

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/03**

**nr. 18/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/98 frá 30. október 1998<sup>(1)</sup>.

Tuttugustu og fyrsta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/45/EB frá 14. júlí 1997 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur<sup>(2)</sup> og tuttugasta og önnur tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/16/EB frá 5. mars 1998 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur<sup>(3)</sup> skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0045:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/45/EB frá 14. júlí 1997 (Stjtið. EB L 196, 24.7.1997, bls. 77),

- **398 L 0016:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/16/EB frá 5. mars 1998 (Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 44).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 97/45/EB og 98/16/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

(1) Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 10.

(2) Stjtið. EB L 196, 24.7.1997, bls. 77.

(3) Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 44.

## TUTTUGASTA OG FYRSTA TILSKIPUN FRAMKVÆMDA- STJÓRNARINNAR 97/45/EB

frá 14. júlí 1997

### um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um fegrunarfræði,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt fyrirliggjandi vísindagögnum er magn fjölarómatískra kolvetna (PAHs) í hreinsaðri koltjöru svipað og magn fjölarómatískra kolvetna í hrárrí koltjöru. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að fjölarómatísk kolvetni síast inn í húð sem verður fyrir áhrifum af koltjöru og kann það að valda húðkrabba eða leiða til kerfistengdrar krabbamyndunar. Mörg fjölarómatísk kolvetni eru krabbavaldandi erfðaeitur og þar sem ekki er auðhlaupið að því að fastsetja öryggisstig ber að banna notkun hrárrar og hreinsaðrar koltjöru í snyrtivörur.

Aftur á móti hefur eiturefnafræðilegt mat á bensoníumklóríði, byggt á nýjum gögnum úr iðnaði, leitt í ljós að hægt er að setja viðunandi öryggismörk svo framarlega sem notkun efnisins takmarkast við rotvarnarefni, styrkur þess er takmarkaður og sömuleiðis sá tími sem snertingin við húðina varir.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna er heimilt að nota oktylmetoxýsinnamat sem útfjólublátt geislasíuefni í snyrtivörur.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 76/768/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, að því er varðar efnin sem um getur í viðaukanum, til að tryggja að hvorki framleiðendur né innflytjendur með staðfestu innan bandalagsins geti, frá 1. júlí 1998, markaðssett vörur sem standast ekki kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftir 30. júní 1999 verði hvorki hægt að selja né láta af hendi við neytendur vörurnar sem um getur í 1. mgr. ef þær innihalda efnin sem um getur í viðaukanum.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 196, 24.7.1997, bls. 77, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/1999 frá 26. febrúar 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

(1) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

(2) Stjtið. EB nr. L 16, 18. 1. 1997, bls. 85.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 1997.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

---



## VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

## 1. II. viðauki:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer 420 bætist við:

„420.Hrá og hreinsuð koltjara“

Eftirfarandi tilvísunarnúmer 415 falli niður:

„415.Díísóbútýl-fenoxý-etoxy-etylímetylbensýl-ammóníumklóríð (bensetoníumklóríð)“

## 2. VI. viðauki:

## a) 1. hluti:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer bætist við:

a	b	c	d	e
„53	Bensetoníumklóríð	0,1%	Má aðeins nota í vörur sem skola á burt eftir notkun“	

## b) 2. hluti:

Við tilvísunarnúmer 16, 21 og 29 komi „30. 6. 1998“ í stað „30. 6. 1997“.

## 3. VII. viðauki:

## a) 1. hluti:

Eftirfarandi tilvísunarnúmer bætist við:

a	b	c	d	e
„12	Oktýlmetoxýsinnamat	10%“		

## b) 2. hluti:

- Tilvísunarnúmer 13 falli niður.
- Við tilvísunarnúmer 2, 5, 6, 12, 17, 25, 26, 29 og 32 komi „30. 6. 1998“ í stað „30. 6. 1997“.

## TUTTUGASTA OG ÖNNUR TILSKIPUN FRAMKVÆMDA- STJÓRNARINNAR 98/16/EB

frá 5. mars 1998

### um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 (1) um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/45/EB (2), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB (3) er í varúðarskyni lagt tímabundið bann við notkun vefja og vökva úr heila, mænu og augum nautgripa, sauðfjár og geita, og efna sem eru unnin úr þeim. Þessa tilskipun átti að endurskoða í kjölfar rannsókna á þeim atriðum sem hún var byggð á og aðlaga með hliðsjón af framförum í vísindum.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/534/EB frá 30. júlí 1997 um bann við notkun áhættusamra efna hvað varðar smitandi heilahrörnun (4) er skilgreint hvað átt er við með sérstökum áhættuefnum, kveðið á um hvernig þeim skuli eytt við upptök sín og lagt bann við innflutningi slíkra efna til bandalagsins.

Samkvæmt tilskipun 76/768/EBE skulu aðildarríkin tryggja að innan Evrópusambandsins séu einungis markaðssettar þær snyrtivörur sem samræmast ákvæðum þeirrar tilskipunar, og sér í lagi skulu aðildarríkin banna markaðssetningu snyrtivara sem innihalda efnin sem talin eru upp í II. viðauka.

Þessi ákvæði gilda um allar snyrtivörur sem eru markaðssettar í bandalaginu, án tillits til þess hvar vörurnar, eða hráefnin sem þær innihalda, eru upprunnar. Því ber að fylgjast með því og gera athugasemir á því að snyrtivörur, grunnefni og hálfunnar vörur, sem flutt er inn í bandalagið og ætlað til framleiðslu snyrtivara, séu í samræmi við lög bandalagsins.

Breyta ber tilskipun 76/768/EBE í því skyni að laga skrána um þau efni úr dýrum, sem bannað er að nota, að skránni yfir sérstök áhættuefni í ákvörðun 97/534/EB.

Í álitni vísindanefndarinnar um februnarfærð frá 24. júní 1997 kom fram að tólgarafleiður á borð við fitusýrur, glýserín, fitusýruester og sápu, sem eru notaðar til framleiðslu snyrtivara, teljist öruggar að því tilskildu að þær séu að minnsta kosti fengnar með aðferðum sem hafa verið tryggilega vottaðar og að aðrar tólgarafleiður á borð við fitualkóhól og fituamíð, sem eru framleiddar úr áðurnefndum afleiðum og fara í frekari vinnslu, teljist vera öruggar.

Í samræmi við þetta vísindalega álit er mögulegt að veita undanþágur fyrir tólgarafleiður. Undanþágan gildir einnig um aðrar tólgarafleiður á borð við fitualkóhól, fituamín og fituamíð og efni úr áðurnefndum afleiðum sem eru framleidd í samræmi við aðferðirnar sem um getur í viðaukanum og hljóta þar að auki frekari meðhöndlun.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

Aðildarríkin eiga rétt á að láta þær ráðstafanir, sem eru samþykktar í samræmi við tilskipun 97/1/EB, gilda til 1. apríl 1998.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 76/768/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 1. apríl 1998 sé ekki hægt að markaðssetja snyrtivörur sem innihalda efnin sem um getur í viðaukanum. Þetta ákvæði gildir ekki um vörur sem eru framleiddar fyrir 1. apríl 1998. Aðildarríkin mega láta þær ráðstafanir, sem eru samþykktar í samræmi við tilskipun 97/1/EB, gilda til 1. apríl 1998.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 44, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/1999 frá 26. febrúar 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

(2) Stjtið. EB L 196, 24. 7. 1997, bls. 77.

(3) Stjtið. EB L 16, 18. 1. 1997, bls. 85.

(4) Stjtið. EB L 216, 8. 8. 1997, bls. 95.

## 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. apríl 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

## 4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

## 5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. mars 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

*VÍÐAUKI*

Tilvísunarnúmeri 419 í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

- „419. a) Hauskúpa, þar með talið heili og augu, hálskirtlar og mæna, af:
- 12 mánaða nautgripum,
  - sauðfé og geitum sem eru eldri en 12 mánaða eða eru komin með framtönn.
- b) Miltu úr sauðfé og geitum og innihaldsefni unnin úr þeim.

Samt sem áður er heimilt að nota tólgafrleiður svo framarlega sem eftirfarandi aðferðir hafa verið notaðar og framleiðandinn hefur fylgt kröfunum dyggilega:

- transesterun eða vatnsrof (hydrolysis) við minnst: 200 °C, 40 bör (40,000 hPa) í 20 mínútur (glýseról, fitusýrur og fituesterar),
  - sápumyndun (saponification) með NaOH 12M (glýseról og sápa):
    - lotuvinnsla: við 95°C í þrjár klukkustundir
    - eða
    - samfelld vinnsla: við 140°C, tvö bör (2000 hPa) í átta mínútur eða samsvarandi.“
-

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 00/EES/28/04**

**nr. 19/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/1999 frá 29. janúar 1999<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/571/EB frá 22. júlí 1997 um almenna fyrirmynd að evrópsku tæknisamþykki fyrir byggingarvörur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 2. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„2a. **397 D 0571**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/571/EB frá 22. júlí 1997 um almenna fyrirmynd að evrópsku tæknisamþykki fyrir byggingarvörur (Stjtið. EB L 236, 27.8.1998, bls. 7).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/571/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 236, 27.8.1997, bls. 7.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 22. júlí 1997

**um almenna fyrirmynd að evrópsku tæknisamþykki fyrir byggingarvörur(\*)****(97/571/EB)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember  
1988 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum  
aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt  
með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum II. viðauka,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í 8. gr. tilskipunar 89/106/EBE er kveðið á um að heimilt sé að  
veita evrópskt tæknisamþykki fyrir tilteknar vörur, einkum þegar  
hvorki er til samhæfður staðall né viðurkenndur landsstaðall fyrir  
vörurnar og ei heldur umboð til gerðar samhæfðs staðals, og fyrir  
vörur sem vikja að verulegu leyti frá samhæfðum eða  
viðurkenndum landsstöðlum.Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB <sup>(3)</sup> eru settar  
sameiginlegar verklagsreglur um umsóknir, gerð og veitingu  
evrópsks tæknisamþykkis.Í viðaukanum við þá ákvörðun er kveðið á um að inntak og form  
evrópska tæknisamþykkisins skuli samsvara „almennri  
fyrirmynd“ sem framkvæmdastjórn EB samþykkir.Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í  
samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*Stök grein*Samkvæmt tilskipun 89/106/EBE skulu evrópsk tæknisamþykki  
samsvara þeirri almennu fyrirmynd sem sett er fram í viðaukanum  
við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 22. júlí 1997.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 236, 27.8.1997, bls. 7, var nefnd  
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/1999 frá 26. febrúar 1999  
um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við  
Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 17, 20. 1. 1994, bls. 34.

*VÍÐAUKI***ALMENN FYRIRMYNDAÐ EVRÓPSKU TÆKNISAMÞYKKI***Athugasemd*

Markmiðið með þessari „almennu fyrirmynd að evrópsku tæknisamþykki“ er að tryggja að fyrirmynd að evrópsku tæknisamþykkis sé ætíð sú sama í meginatriðum, án tillits til þess um hvaða byggingarvörur er að ræða eða hvaða EOTA-stofa gefur tæknisamþykkið út.

Þess vegna er kveðið á um eftirfarandi í almennu fyrirmyndinni:

- almennt inntak, sameiginlega þætti og númeraröð þeirra,
- orðalag almennra fyrirsagna,
- orðalag sameiginlegra ákvæða.

Auk þess veitir hún almennar upplýsingar (skáletraðar) um hvernig setja skuli fram hina ýmsu þætti og sérákvæði evrópska tæknisamþykkisins.

... Heiti, heimilisfang og merki samþykktarstofu sem gefur út evrópska tæknisamþykkið

Heimilað og tilkynnt samkvæmt 10. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur.

## AÐILI AÐ EOTA

(sýnt með EOTA-merki)

### EVROPUSAMTÖK UM TÆKNISAMÞYKKI

... Tilgreinið fullt heiti EOTA á ensku og, í nýrri línu, á opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum samþykktarstofunnar sem gefur út evrópska tæknisamþykkið

**EVROPUSKT TÆKNISAMÞYKKI (ETA) - .. (númer samkvæmt númerakerfi EOTA)**

**Viðskiptaheiti:** ... Tilgreinið viðskiptaheiti, ef til er, eða önnur vöruheiti eins og þau eru notuð þegar varan er markaðssett í bandalaginu (og öðrum EES-löndum). Viðskiptaheiti eða önnur vöruheiti mega ekki valda misskilningi hvað varðar nothæfi eða áformuð not vörunnar.

**Handhafi samþykkis:** ... Tilgreinið nafn og heimilisfang framleiðanda eða tilnefnds umboðsmanns hans með staðfestu í bandalaginu sem er handhafi evrópska tæknisamþykkisins (3. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE, hér á eftir nefnd „byggingarvörutilskipunin“; liður 2.1 í sameiginlegu verklagsreglunum í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB).

**Byggingarvörutegund og notkun byggingarvöru (byggingarvara):**

... Tilgreinið byggingarvörutegund og áformuð not viðkomandi vöru eða vara sem falla undir evrópska tæknisamþykkið, og, ef við á, helstu nothæfisstig/-flokka (í samræmi við 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 6. gr. byggingarvörutilskipunarinnar) á opinberu tungumáli EOTA-stofunnar sem gefur út evrópska tæknisamþykkið og því næst í enskri þýðingu.

**Gildir frá:** ...

**til:** ... (Sjá 4. mgr. 8. gr. byggingarvörutilskipunarinnar)

**Framleiðslustöð eða -stöðvar<sup>(1)</sup>:**

... Tilgreinið framleiðslustöð eða -stöðvar. Ef um margar framleiðslustöðvar eða -staði er að ræða ber að tilgreina heiti þeirra í viðauka, sem vísa ber til hér.

Þetta evrópska tæknisamþykki inniheldur ... síður, þar með talið ... viðauka, sem eru óaðskiljanlegur hluti af skjalinu. (Gefið upp heildarsíðufjölda (bæði texta og teikningar, ef einhverjar eru, í skjalinu sjálfu og viðaukum) og fjölda viðauka.)

#### I. LAGAGRUNDVÖLLUR OG ALMENN SKILYRÐI

1. Þetta evrópska tæknisamþykki er útgefið af ... (heiti samþykktarstofu) í samræmi við:

— Tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur<sup>(2)</sup>,

(<sup>1</sup>) Framleiðslustöð eða -stöðvar ber aðeins að tilgreina ef nauðsyn ber til af tæknilegum ástæðum, til dæmis með tilliti til liðar II.4.1 „Framleiðsla“. Ef hagkvæmnisástæður leyfa, eða ef handhafi evrópsks tæknisamþykkis æskir þess, er heimilt að tiltaka framleiðslustöðina (eða -stöðvarnar) í viðbæti við evrópskt tæknisamþykki sem ekki hefur verið gefinn út en útgáfusamþykktarstofan varðveitir og einungis er afhentur þeim samþykktu aðilum sem koma að samræmisvottunarferlinu.

(<sup>2</sup>) Stjótið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.



- *tilgreinið innlend lög sem hafa verið sett til framkvæmdar byggingarvöruútlagsreglugerðinni, þó aðeins ef þess er krafist samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem útgáfusamþykktarstofan hefur aðsetur,*
  - *sameiginlegar verklagsreglur um umsóknir, gerð og veitingu evrópska tæknisamþykkisins, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB<sup>(9)</sup>,*
  - *viðmiðunarregla ... tilgreinið yfirskrift og númer ETA-viðmiðunarreglu sem er grundvöllur fyrir útgáfu tæknisamþykkisins, nema tæknisamþykkið sé gefið út í samræmi við lið 3.2 í sameiginlegu verklagsreglunum án viðmiðunarreglu um evrópskt tæknisamþykki, samanber 2. mgr. 9. gr. byggingarvöruútlagsreglugerðarinnar.*
2. *... (heiti útgáfusamþykktarstofu) hefur heimild til að kanna hvort ákvæðum þessa evrópska tæknisamþykkis er fullnægt. Eftirlitið getur farið fram á framleiðslustöð (framleiðslustöðvum) (til dæmis með því hvort forsendur þessa evrópska tæknisamþykkis eru virtar að því er framleiðsluna varðar.) Ábyrgð á því að vörurnar séu í samræmi við evrópska tæknisamþykkið og henti til áformaðra nota hvílir samt sem áður á handhafa evrópska tæknisamþykkisins.*
  3. Þetta evrópska tæknisamþykki má ekki yfirfæra á aðra framleiðendur eða umboðsmenn framleiðenda en þá sem eru tilgreindir á síðu 1, eða á aðrar framleiðslustöðvar en þær sem eru tilgreindar á síðu 1 / mælt er fyrir um í tengslum við þetta evrópska tæknisamþykki (*strikið út eftir því sem við á*).
  4. *... (heiti útgáfusamþykktarstofu) getur afturkallað þetta evrópska tæknisamþykki samkvæmt 1. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE.*
  5. Þetta evrópska tæknisamþykki má einungis endurrita í heild sinni; hið sama gildir þegar það er sent á tölvutæku formi. Þó má endurrita hluta þess með skriflegu samþykki ... (*heiti útgáfusamþykktarstofu*). Þegar svo ber undir verður að tilgreina á endurritinu að um útdrátt sé að ræða. Í texta og teikningum í auglýsingabæklingum mega ekki koma fram misvísanir eða misbeiting á evrópska tæknisamþykkinu.
  6. Samþykktarstofa gefur evrópska tæknisamþykkið út á opinberu tungumáli sínu. Þessar útgáfur skulu að öllu leyti samsvara þeirri útgáfu sem EOTA notar til dreifingar. Þýðingar á önnur tungumál ber að merkja sem slíkar.

## II. SÉRSTÖK SKILYRÐI VEGNA EVRÓPSKA TÆKNISAMÞYKKISINS

### 1. Skilgreining á vöru (vörum) og áformuð not

*Gefið tæknilytingu á vörunni (vörunum) og tilgreinið áformuð not*

- *ein síða (eða minna) með texta og ein eða fleiri teikningar, saman á einni síðu, bættist við sem 1. viðauki sem vísað er til í lið II.1.*
- *eða*
- *tvær síður af texta.*

*Lýsið tegund og lögun vörunnar (varanna) (eimmig viðkomandi nothæfisstigum), smíðaeefni, iðlutum og samsetningaraðferðum og gerið jafnframt grein fyrir því í hvers konar byggingarframkvæmdir áformað er að nota vöruna (vörunar) sem heyrir undir evrópska tæknisamþykkið.*

*Tilgreinið áætlaðan endingartíma vörunnar (varanna) með tilliti til áformaðra nota í skilningi byggingarvöruútlagsreglugerðarinnar.*

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB nr. L 17, 20. 1. 1994, bls. 34.

## 2. Eiginleikar vörunnar (varanna) og sannprófunaraðferðir

*Tilgreinið nákvæma og mælanlega eiginleika og færibreytur vörunnar (varanna) og efnisþátta og ihluta hennar (þeirra), að teknu tilhlýðilegu tilliti til, eftir því sem við á, umboðs til samningar viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi vöruhóp, sem framkvæmdastjórnin veitir, eða, þegar um er að ræða vöru (vörur) sem er meðhöndluð samkvæmt í 2. mgr. 9. gr. byggingarvörutílskipunarinnar, vísið beint til viðeigandi grunnskjalna (I. viðauki við byggingarvörutílskipunina), grunnskjala og nothæfisstiga eða -flokka í samræmi við lið 1.2 í grunnskjölnum, að svo miklu leyti sem við á. Einnig ber að taka tillit til frekari krafna, ef einhverjar eru (til dæmis í sambandi við aðrar tílskipanir bandalagsins). Tilgreinið aðra þætti sem varða notkunareiginleika, þar með talið sérstaka eiginleika til að auðkenna vöruna (vörurnar) ef svo ber undir.*

*Ef samsetning vöru eða færibreytur hennar eru þess eðlis að gæta verður trúnaðar (til dæmis hvað varðar tiltekna efnasamsetningu) skal ekki tilgreina slíkt í sjálfu evrópska tæknisamþykkinu heldur skulu upplýsingar þar að lútandi varðveittar hjá útgáfusamþykktarstofu ásamt tækniskjölnum og einungis sendar samþykktum aðilum sem koma að samræmisvottunarferlinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt með tilliti til prófana, skoðana og vottana sem þeir framkvæma.*

*Lýsið í stuttu máli þeim aðferðum sem eru notaðar til að meta endingartíma, eiginleika og nothæfi vöru. Vísið til viðmiðunarreglna evrópsks tæknisamþykkis og/eda samræmdra, viðurkenndra landsstaðla eða annarra staðla (prófunaraðferða, útreikningsaðferða o.fl.) og tilgreinið viðkomandi gildi og færibreytur sem leiða af niðurstöðum og útreikningum, eftir því sem með þarf og gagnlegt telst vegna notkunar á vörunni og hönnunar á byggingarmannvirki, eða hluta þess, sem varan er notuð í. Gerið einnig stutta grein fyrir sérstökum prófunaraðferðum eða matsaðferðum og tilgreinið viðkomandi gildi og færibreytur sem leiða af niðurstöðum og útreikningum, eftir því sem með þarf og gagnlegt telst vegna notkunar á vörunni og hönnunar á byggingarmannvirki, eða hluta þess, sem varan er notuð í. Eftir því sem með þarf og við á skal vísað til viðaukans (viðaukanna) við evrópska tæknisamþykkið.*

## 3. Mat á samræmi og CE-merkingu

### 3.1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

*Tilgreinið kerfi til staðfestingar á samræmi (III. viðauki við byggingarvörutílskipunina) sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um. Ef evrópska tæknisamþykkið tekur til margra vara ber að tilgreina viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi fyrir hverja vöru um sig.*

### 3.2. Ábyrgðarsvið

#### 3.2.1. Verksvið framleiðanda

##### 3.2.1.1. Framleiðslustýring í verksmiðju

*Tilgreinið aðferðir og umfang á varanlegu innra eftirliti framleiðandans með framleiðslunni, þar með talið tegund og lágmarkstíðni prófana. Ef evrópska tæknisamþykkið tekur til margra vara ber að fjalla um hverja þeirra um sig.*

##### 3.2.1.2. Önnur verksvið framleiðanda (einungis ef við á)

*Tilgreinið önnur verksvið sem framleiðandi hefur með höndum eftir því hvaða kerfi er notað til staðfestingar á samræmi, til dæmis frumgerðarprófun. Ef evrópska tæknisamþykkið tekur til margra vara ber að fjalla um hverja þeirra um sig.*

### 3.2.2. Verksvið samþykktra aðila

*Tilgreinið verksvið samþykktra aðila eftir því hvaða kerfi er notað til staðfestingar á samræmi, þar með talið eftir atvikum tegund og tíðni prófana, skoðana og eftirlits. Ef evrópska tæknisamþykkið tekur til margra vara ber að fjalla um hverja þeirra um sig.*

### 3.3. CE-merking

CE-merkingu skal festa á ... (vöruna sjálfa - tilgreinið ef með þarf hvar á vöruna - eða merkimiðann sem er festur á hana; umbúðirnar; viðskiptafylgiskjöl). CE-merkingunni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

*Tilgreinið, í samræmi við almenn ákvæði framkvæmdastjórnarinnar um CE-merkingu, hvaða upplýsingar eiga að fylgja CE-merkingunni, til dæmis:*

- *Nafn eða auðkenni framleiðanda og framleiðslustöðvar.*
- *Númer hlutaðeigandi samþykks aðila.*
- *Auðkenning vörunnar (verslunarheiti).*
- *Númer evrópsks tæknisamþykkis.*
- *Viðkomandi eiginleikar/nothæfi og nothæfisstig/-flokkar vöru (allar vörur með sama heiti, án tillits til þess hvar þær eru framleiddar, verða að uppfylla viðkomandi kröfur um eiginleika og nothæfisgildi).*
- *Framleiðsluár og, ef nauðsyn ber til, framleiðslutími og framleiðslunúmer.*

## 4. Forsendur þess að varan (vörunar) er talin henta til áformaðra nota

### 4.1. Framleiðsla

Tilgreinið sérstakar aðferðir við framleiðslu og samsetningu í verksmiðju, hvaða hæfniskröfur eru gerðar til starfsmanna og hvaða kröfur eru gerðar um tæknibúnað framleiðslustöðvarinnar (til dæmis um límd og soðin burðarvirki), að svo miklu leyti sem það varðar eiginleika vörunnar (varanna) með tilliti til áformaðra nota þegar hún (þær) er felld inn í byggingarmannvirkið og að svo miklu leyti sem það snertir grunnkröfurnar.

*Ef framleiðslukröfur eru þess eðlis að gæta verður trúnaðar skulu þær ekki tilgreindar í evrópska tæknisamþykkinu sjálfu heldur skulu upplýsingar þar að lútandi varðveittar hjá útgáfusamþykktarstofnunni ásamt tækniskjölunum og einungis sendar samþykktum aðilum sem koma að samræmisvottunarferlinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt með tilliti til prófana, skoðana og vottana sem þeir framkvæma.*

### 4.2. Uppsetning

*Tilgreinið ákvæði varðandi uppsetningu/samsetningu vörunnar (varanna) á byggingarstaðnum. Sérstakar leiðbeiningar skulu veittar þeim sem sjá um að framkvæma þessi verk og um vinnubrögð, að svo miklu leyti sem viðkemur því hvort varan (vörunar) nái að henta til áformaðra nota þegar hún (þær) hefur verið felld inn í byggingarmannvirkið. Að auki skulu veittar upplýsingar um færðbreytur (hönnunargildi o.fl.) og aðferðir, að svo miklu leyti sem þörf er á með tilliti til hönnunar á byggingarmannvirki eða hluta byggingarmannvirkis sem áformað er að nota vöruna í. Eftir atvikum ber að vísa til staðla, viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki eða viðauka við evrópska tæknisamþykkið. Látið koma skýrt fram að framleiðanda vörunnar (varanna) beri að sjá til þess að hlutaðeigandi aðilum sé gerð grein fyrir þessum ákvæðum.*

5. **Tilmæli til framleiðanda**

5.1. Tilmæli um umbúðir, flutning og geymslu

*Tilgreinið ákvæði að svo miklu leyti sem viðkemur því hvort varan (vörunar) nái að henta til áformaðra nota þegar hún (þær) hefur verið felld inn í byggingarmannvirkið. Látið koma skýrt fram að framleiðanda vörunnar (varanna) beri að sjá til þess að hlutaðeigandi aðilum sé gerð grein fyrir þessum ákvæðum.*

5.2. Tilmæli um notkun, viðhald og viðgerðir

*Tilgreinið ákvæði sem snerta notkun vörunnar, viðhald, viðgerðir og viðvaranir að svo miklu leyti sem viðkemur því hvort varan (vörunar) nái að henta til áformaðra nota þegar hún (þær) hefur verið felld inn í byggingarmannvirkið. Látið koma skýrt fram að framleiðanda vörunnar (varanna) beri að sjá til þess að hlutaðeigandi aðilum sé gerð grein fyrir þessum ákvæðum.*

## 1. viðauki

## LÝSING Á VÖRUNNI (VÖRUNUM)

... Teikning (teikningar) á einni síðu, ef við á, sem er almenn lýsing á vörunni (vörunum) (sjá einnig athugasemd um inntak þáttar II.1).

## 2. viðauki til viðauka n

Fleiri viðaukar, eftir því sem við á, til dæmis:

- Nánari lýsing á vörunni (vörunum) og efnisþáttum hennar (þeirra), atriðum sem varða framleiðslu, flutning, meðhöndlun, geymslu, uppsetningu (ásamt, eftir atvikum, teikningum).
- Aðferðir til að ákvarða eiginleika vöru (prófun, útreikningur eða aðrar aðferðir að svo miklu leyti sem ekki er unnt að vísa til viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki eða staðla).
- Aðferðir við að hanna hluta byggingarmannvirkja sem áformað er að fella vöruna (vörunar) inn í að svo miklu leyti sem viðkemur því hvort varan (vörunar) nái að henta til áformaðra nota þegar hún (þær) hefur verið felld inn í byggingarmannvirkið og ef ekki er hægt að vísa til viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki eða staðla.
- Leiðbeiningar um uppsetningu/vinnslu að svo miklu leyti sem viðkemur því hvort varan (vörunar) nái að henta til áformaðra nota þegar hún (þær) hefur verið felld inn í byggingarmannvirkið og ef ekki er hægt að vísa til viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki eða staðla.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/05**

**nr. 20/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/98 frá 30. október 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 97/11/EB frá 3. mars 1997 um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 85/337/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0011:** Tilskipun ráðsins 97/11/EB frá 3. mars 1997 (Stjtið. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/11/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 36.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 97/11/EB

frá 3. mars 1997

**um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið(\*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(4)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Markmiðið með tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið <sup>(5)</sup> er að lögbær yfirvöld fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvörðun um tiltekið verkefni með fullri vitneskju um hvaða líkur eru á því að verkefnið hafi veruleg áhrif á umhverfið. Málsmeðferðin við umhverfismat er grundvallaratriði umhverfismálastefnunnar eins og hún er skilgreind í 130. gr. r í sáttmálanum og í fimmtu stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun.
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. r í sáttmálanum er stefna bandalagsins í umhverfismálum grundvöllur á varúðarreglunni og þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda lögð á þann sem mengun veldur.
- 3) Samhæfa ber meginreglur um mat á umhverfisáhrifum og geta aðildarríkin sett strangari reglur til verndar umhverfinu.

4) Reynslan af mati á umhverfisáhrifum, samkvæmt skýrslu um framkvæmd tilskipunar 85/337/EBE sem framkvæmdastjórnin samþykkti 2. apríl 1993, sýnir að nauðsynlegt er að setja nánari ákvæði til að skýra, auka við og bæta reglur um málsmeðferð við umhverfismat til þess að tryggja að tilskipuninni verði beitt með æ samhæfðari og skilvirkari hætti.

5) Gera ber kröfu um að framkvæmdir, sem krafist er mats á, séu einnig háðar leyfi til framkvæmda. Rétt er að matið fari fram áður en slíkt leyfi er veitt.

6) Bæta þarf við skrána yfir framkvæmdir sem hafa veruleg áhrif á umhverfið og því er rétt að sú meginregla gildi að fram fari kerfisbundið mat á þeim.

7) Vera kann að í sumum tilvikum hafi annars konar framkvæmdir ekki veruleg áhrif á umhverfið. Slíkar framkvæmdir skulu metnar þegar aðildarríkin telja að þær séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið.

8) Aðildarríkin geta sett mörk eða viðmiðanir til þess að ákvarða hvaða framkvæmdir af þessu tagi skuli háðar umhverfismati á grundvelli þess hve mikil áhrif þær hafa á umhverfið. Ekki ber að krefjast þess að aðildarríkin taki til athugunar einstakar framkvæmdir sem eru undir þeim mörkum eða viðmiðunum.

9) Við setningu slíkra marka eða viðmiðana eða við athugun á einstökum framkvæmdum, í þeim tilgangi að ákvarða hvaða framkvæmdir skuli háðar umhverfismati á grundvelli þess hve mikil áhrif þær hafa á umhverfið, ber aðildarríkjnum að taka tillit til viðeigandi valviðmiðana í þessari tilskipun. Í samræmi við dreifræðisregluna eru aðildarríkin sjálf best til þess fallin að beita þessum viðmiðunum í einstökum tilvikum.

10) Þótt til séu staðarviðmiðanir í tengslum við sérstök verndarsvæði, sem aðildarríkin hafa tilnefnt samkvæmt tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla <sup>(6)</sup> og tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um verndun náttúrulegra heimkynna og villtra dýra og plantna <sup>(7)</sup>, þarf það ekki endilega að fela í sér að

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/1999 frá 26. febrúar 1999 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 130, 12. 5. 1994, bls. 8 og Stjtið. EB nr. C 81, 19. 3. 1996, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 393, 31. 12. 1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 210, 14. 8. 1995, bls. 78.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 11. október 1995 (Stjtið. EB nr. C 287, 30. 10. 1995, bls. 101), sameiginleg afstaða ráðsins frá 25. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 248, 26. 8. 1996, bls. 75) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. nóvember 1996 (Stjtið. EB nr. C 362, 2. 12. 1996, bls. 103).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 175, 5. 7. 1985, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 103, 25. 4. 1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 206, 22. 7. 1992, bls. 7.

framkvæmdir á þessum svæðum séu sjálfkrafa háðar umhverfismati samkvæmt þessari tilskipun.

- 11) Rétt er að koma á málsmeðferð sem geri framkvæmdaraðilanum kleift að fá umsögn lögbærra yfirvalda um það hvert skuli vera inntak og umfang þeirra upplýsinga sem taka á saman og leggja fram við umhverfismat. Aðildarríkin geta innan ramma þessara málsmeðferðar meðal annars farið fram á að framkvæmdaraðilinn leggi fram aðrar tillögur vegna framkvæmdanna sem hann hyggst sækja um leyfi fyrir.
- 12) Æskilegt er að herða ákvæði um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri til að taka mið af þróuninni á alþjóðavettvangi.
- 13) Bandalagið undirritaði samning um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri hinn 25. febrúar 1991.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Tilskipun 85/337/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að áður en leyfi er veitt sé þess krafist að framkvæmdir, sem geta haft í för með sér veruleg áhrif á umhverfið, meðal annars vegna eðlis þeirra, umfangs eða staðsetningar, séu háðar kröfum um leyfi til framkvæmda og mati á áhrifum þeirra. Þessar framkvæmdir eru skilgreindar í 4. gr.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr.:

„2.a Aðildarríkin geta kveðið á um eina sameiginlega málsmeðferð til þess að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og kröfur tilskipunar ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun<sup>(1)</sup>.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 257, 10. 10. 1996, bls. 26.“

3. Fyrsti undirliður 3. mgr. 2. gr. verði svohljóðandi:

„3. Með fyrirvara um ákvæði 7. gr. geta aðildarríkin í undantekningartilvikum heimilað að tiltekna framkvæmdir séu með öllu eða hluta undanþegnar ákvæðum þessarar tilskipunar.“

4. Ákvæði c-liðar 3. mgr. 2. gr. hljóði svo: „c) að gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því, áður en leyfið er veitt, á hvaða forsendum undanþágan er veitt og eftir atvikum

láta fylgja þær upplýsingar sem ríkisborgarar þeirra hafa aðgang að.“

5. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Í mati á umhverfisáhrifum skal í hverju einstöku tilviki tilgreina, lýsa og meta á viðhlitandi hátt, í samræmi við 4. til 11. gr., bæði bein og óbein áhrif framkvæmda á eftirfarandi þætti:

- menn, dýr og plöntur,
- jarðveg, vatn, loft, loftslag og landslag,
- efnisleg verðmæti og menningararfleifð,
- samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í fyrsta, öðrum og þriðja undirlið.“

6. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 2. gr. skulu framkvæmdir, sem taldar eru upp í I. viðauka, vera háðar mati í samræmi við 5. til 10. gr.

2. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 2. gr. skulu aðildarríkin, þegar um ræðir framkvæmdir sem eru taldar upp í II. viðauka, ákveða:

- a) með því að skoða hvert tilvik um sig,

eða

- b) taka mið af þeim mörkum eða viðmiðunum sem aðildarríkið hefur sett

hvert framkvæmd skuli háð mati í samræmi við 5. til 10. gr.

Aðildarríkin geta ákveðið að beita báðum aðferðunum sem um getur í a- og b-lið.

3. Þegar einstök tilvik eru skoðuð eða mörk eða viðmiðanir ákveðin vegna 2. mgr. ber að taka tillit til viðeigandi valviðmiðana í III. viðauka.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um ákvörðun lögbærra yfirvalda samkvæmt 2. mgr.“

7. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:



„5. gr:

1. Þegar um er að ræða framkvæmdir, sem samkvæmt 4. gr. fást aðeins samþykktar að undangengnu mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 5. til 10. gr., skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdaraðilinn leggi fram á viðhlítandi hátt þær upplýsingar sem tilgreindar eru í IV. viðauka að því marki sem:

- a) aðildarríkin telja að upplýsingarnar eigi sérstaklega við þegar leyfismæðferðin er komin á tiltekið stig og gildi einkum um einstök atriði í sérstakri framkvæmd eða sérstökum tegundum framkvæmda og um þá umhverfisþætti sem líklegt er að verði fyrir áhrifum;
- b) aðildarríkin telja sanngjarnt að gera þá kröfu til framkvæmdaraðilans að hann taki saman umræddar upplýsingar meðal annars í ljósi nútímaþekkingar og nýjustu matsaðferða.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, fari framkvæmdaraðilinn fram á það áður en hann leggur fram umsókn um leyfi til framkvæmda, að lögbært yfirvald segi til um hvaða upplýsingar framkvæmdaraðilinn skuli veita í samræmi við 1. mgr. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við framkvæmdaraðilann og yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., áður en það gefur umsögnina. Enda þótt yfirvaldið hafi gefið umsögn samkvæmt þessari málsgrein getur það eigi að síður krafist þess að framkvæmdaraðilinn veiti nánari upplýsingar síðar.

Aðildarríkin geta krafist þess að lögbær yfirvöld veiti slíka umsögn, hvort sem framkvæmdaraðilinn fer fram á það eður ei.

3. Í upplýsingum þeim, sem framkvæmdaraðila er skylt að leggja fram samkvæmt 1. mgr., komi fram að minnsta kosti eftirfarandi atriði:

- lýsing á framkvæmdinni ásamt upplýsingum um stað, hönnun og umfang framkvæmdanna,
- lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, draga úr og, ef hægt er, ráða bót á verulegum skaðlegum áhrifum,
- öll gögn sem nauðsynleg eru til þess að greina og meta helstu áhrif sem framkvæmdirnar eru líklegar til að hafa á umhverfið,
- yfirlit yfir aðra kosti sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað ásamt helstu forsendum fyrir vali hans, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa,

— almenn samantekt um upplýsingarnar í undirliðunum hér að framan.

4. Ef þörf krefur skulu aðildarríkin sjá til þess að yfirvöld, sem kunna að búa yfir upplýsingum er varða málið sérstaklega, einkum með tilliti til 3. gr., láti þær framkvæmdaraðilanum í té.“

8. Í stað 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirvöld, sem líklegt er að framkvæmdirnar verði sökum þess að umhverfismál heyrna að einhverju leyti undir þau, fái tækifæri til að láta í ljós álit á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili leggur fram og á umsókn hans um leyfi til framkvæmda. Í þessu skyni tilnefna aðildarríkin yfirvöld sem séu ráðgefandi um þessi mál, hvort heldur er almennt eða í hverju tilviki fyrir sig. Upplýsingar, sem teknar eru saman samkvæmt 5. gr., skulu sendar þessum yfirvöldum. Aðildarríkin mæla ítarlega fyrir um framkvæmd ráðgjafarinnar.“

Í stað 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að umsóknir um leyfi til framkvæmda og allar upplýsingar, sem teknar eru saman samkvæmt 5. gr., verði aðgengilegar almenningi innan hæfilegs frests til þess að þeir, sem málið varðar, eigi þess kost að tjá sig um það áður en leyfi til framkvæmda er veitt.“

9. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr:

1. Þegar aðildarríki er kunnugt um að framkvæmdir muni líklega hafa veruleg áhrif á umhverfi annars aðildarríkis eða ef aðildarríki, sem telur líklegt að umhverfi þess verði fyrir verulegum áhrifum, æskir þess ber aðildarríkinu, þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram, að senda hinu aðildarríkinu meðal annars eftirfarandi upplýsingar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en um leið og almenningur heima fyrir fær þær:

- a) lýsingu á framkvæmdunum ásamt öllum fánlegum upplýsingum um hugsanleg áhrif þeirra yfir landamæri;
- b) upplýsingar um eðli hugsanlegrar ákvörðunar,

og skal það gefa hinu aðildarríkinu hæfilegan frest til að tilkynna hvort það vilji taka þátt í málsmeðferðinni við mat á umhverfisáhrifum og má láta upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., fylgja.

2. Ef aðildarríki, sem fær upplýsingar samkvæmt 1. mgr., tilkynnir að það hafi hug á að taka þátt í málsmeðferðinni

við mat á umhverfisáhrifum skal aðildarríkið, þar sem framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar, senda aðildarríkinu sem framkvæmdirnar kunna að hafa áhrif á, hafi það ekki þegar verið gert, upplýsingarnar sem teknar hafa verið saman samkvæmt 5. gr. og allar upplýsingar sem varða umrædda málsmeðferð, að meðtalinni umsókninni um leyfi til framkvæmda.

3. Að því marki sem málið varðar einstök aðildarríki skulu þau einnig:

- a) sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., séu, innan hæfilegs frests, tiltækar yfirvöldunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr. og almenningi sem málið varðar á yferráðasvæði aðildarríkisins sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum; og
- b) tryggja að yfirvöld og almenningur, sem málið varðar, eigi þess kost, áður en leyfi til framkvæmdanna er veitt, að láta í ljós skoðanir sínar á veittum upplýsingum innan hæfilegs frests við lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu hefja viðræður, meðal annars um hugsanleg áhrif framkvæmdanna yfir landamæri og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir slík áhrif, og skulu þau koma sér saman um hæfilegan frest til þeirra viðræðna.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki geta ákveðið nánar hvernig framkvæmd ákvæða þessarar greinar skuli hagað.“

10. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr:

Í tengslum við leyfismeðferðina ber að taka mið af niðurstöðum samráðs og þeim upplýsingum sem teknar hafa verið saman samkvæmt 5., 6. og 7. gr.“

11. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr:

1. Þegar ákveðið hefur verið að veita leyfi til framkvæmda eða sýna um það skal lögbært yfirvald eða yfirvöld tilkynna almenningi um það í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega:

— inntak ákvörðunarinnar og hvaða skilyrðum hún er háð,

— helstu ástæður og athuganir sem ákvörðunin byggist á,

— ef þörf krefur, lýsingu á helstu ráðstöfunum til þess að komast hjá, draga úr og, eftir því sem unnt er, bæta upp helstu skaðlegu áhrifin.

2. Lögbært yfirvald eða yfirvöld skulu senda aðildarríki, sem það hefur haft samráð við samkvæmt 7. gr., upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.“

12. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„ 10. gr:

Ákvæði tilskipunar þessarar skulu ekki hafa áhrif á skyldur lögbærra yfirvalda til að virða þær takmarkanir sem landslög og önnur stjórnsýslufyrirmæli, svo og viðteknar lagavenjur, setja um iðnaðar- og viðskiptaleynd, þar með talinn hugverkarétt, eða til að tryggja almannahæill.

Þar sem 7. gr. á við skulu upplýsingar, sem eru sendar frá einu aðildarríki til annars, vera háðar þeim takmörkunum sem gilda í aðildarríkinu þar sem framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar.“

13. Í stað 2. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu einkum gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þeim viðmiðunum og/eða mörkum sem miðað er við þegar framkvæmdir eru valdar samkvæmt 2. mgr. 4. gr.“

14. Ákvæði 13. gr. falli brott.

15. Í stað I., II. og III. viðauka komi I., II., III. og IV. viðauki í viðauka við þessa tilskipun.

2. gr:

Fimm árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu tilskipunar 85/337/EEB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, og reynsluna af henni. Skýrslan skal byggð á upplýsingaskiptunum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 11. gr.

Á grundvelli þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fyrir ráðið viðbótartillögur til þess að tryggja frekari samræmingu í beitingu þessarar tilskipunar.

3. gr:

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. mars 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Eflögð er fram umsókn um leyfi til framkvæmda hjá lögbæru yfirvaldi áður en liðinn er fresturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., gilda fyrri ákvæði tilskipunar 85/337/EBE áfram.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. mars 1997.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. DE BOER

*forseti.*

## VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

## FRAMKVÆMDIR SEM FALLA UNDIR 1. MGR. 4. GR.

1. Oliuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smuroliur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr minnst 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
2. — Varmaorkuver og önnur brennsluver með minnst 300 megavatta hitaafköst, og  
— kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (\*) eru rifnir niður eða teknir úr notkun (nema rannsóknarstöðvar með yfir 1 kilóvatt heildarhitaafköst þar sem fram fer framleiðsla og umbreyting á kjarnakleyfum efnnum og tímgunarefnum).
3. a) Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunin.  
b) Stöðvar:
  - til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna,
  - til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs,
  - til endanlegrar förgunar á geisluðum kjarnakleyfum efnnum,
  - eingöngu til endanlegrar förgunar á geislavirkum úrgangi
  - eingöngu til geymslu (til meira en 10 ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.
4. — Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli.  
— Stöðvar þar sem framleiðsla hrámálm, sem inniheldur ekki járn, úr grýti, kirmi eða afleiddu hráefni, fer fram með málmvinnslu aðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum.
5. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu á asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20 000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.
6. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu, þ.e. stöðvar sem gerðar eru til umfangsmikillar iðnaðarframleiðslu með efnaumbreytingu, eru samliggjandi og hafa sameiginlega starfsemi og framleiða:
  - i) lífrænt hráefni,
  - ii) ólífrænt hráefni,
  - iii) áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),
  - iv) grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða,
  - v) grunnlyfjavörur með efnafræðilegum og líffræðilegum aðferðum,
  - vi) sprengiefni.
7. a) Lagning járnbrauta yfir langar vegalengdir, svo og flugvalla (1) með 2 100 m langa meginflugbraut eða lengri.  
b) Lagning vega og hraðbrauta (2).  
c) Lagning nýrra vega með fjórum akreinum eða fleiri eða lagfæring á veglínu og/eða breikkun vegar með tveimur akreinum eða færri til þess að fjölga akreinum í minnst fjórar ef nýi vegurinn eða lagfærð veglína og/eða breikkun er á 10 km löngum samfelldum kafla.

(\*) Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnakleyf efni og önnur geislaönguð efni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum.

(1) Í þessari tilskipun merkir „flugvöllur“ flugvelli samkvæmt skilgreiningunni í Chicago-samþykktinni frá 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).

(2) Í þessari tilskipun merkir „hraðbraut“ hraðbraut samkvæmt skilgreiningunni í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

8. a) Skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1 350 tonn komast um.
- b) Viðskiptahafnir, bryggjur til útskipunar og uppskipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöldum ferjubryggjum) sem skip stærri en 1 350 tonn geta lagst að.
9. Förgunarstöðvar þar sem hættulegur úrgangur er brenndur, efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið D9 í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE<sup>(1)</sup>, eða urðaður (þ.e. úrgangur sem tilskipun 91/689/EBE<sup>(2)</sup> gildir um).
10. Förgunarstöðvar þar sem hættulaus úrgangur er brenndur eða efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið D9 í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE, og afkastageta er yfir 100 tonn á dag.
11. Kerfi til að vinna grunnvatn eða veita því á svæði ef árlegt magn vatns, sem unnið er eða veitt á, er 10 milljónir rúmmetra eða meira.
12. a) Mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasvæða á ef flutningurinn miðar að því að koma í veg fyrir vatnsskort og magn vatnsins, sem er flutt, er yfir 100 milljónir rúmmetra á ári.
- b) Í öllum öðrum tilvikum, mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasvæða á ef meðalstreymi um svæðið, sem safnað er af, er yfir 2 000 milljónir rúmmetra á ári og magnið, sem er flutt, er yfir 5% af því streymi.
- Í báðum tilvikum er flutningur á drykkjarvatni í leiðslum undanskilinn.
13. Skólphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til þarfa 150 000 íbúa samkvæmt skilgreiningu í 6. lið 2. gr. tilskipunar 91/271/EBE<sup>(3)</sup>.
14. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500 000 rúmmetrum af jarðgasi á dag.
15. Gerð stiflna og annarra mannvirkja til að henna vatn eða geyma það til langs tíma ef vatnsmagnið, sem hamið er eða geymt, er meira en 10 milljónir rúmmetra.
16. Leiðslur, sem eru meira en 800 mm í þvermál og meira en 40 km langar, til flutnings á gasi, olíu eða efnun.
17. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla eða svína með meira en:
- a) 85 000 stæði fyrir kjúklinga, 60 000 stæði fyrir hænur;
- b) 3 000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg); eða
- c) 900 stæði fyrir gyltur.
18. Verksmiðjur
- a) sem framleiða pappírseig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum;
- b) sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.
19. Grjótnámur og opnar námur sem ná yfir meira en 25 hektara ofanjarðar eða mótekja sem nær yfir meira en 150 hektara.

(1) Stjtið. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 94/3/EB (Stjtið. EB nr. L 5, 7. 1. 1994, bls. 15).

(2) Stjtið. EB nr L 377, 31. 12. 1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtið. EB nr. L 168, 2. 7. 1994, bls. 28).

(3) Stjtið. EB nr. L 135, 30. 5. 1991, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

20. Lagning loftlína sem eru gerðar til flutnings á raforku með að minnsta kosti 220 kV spennu og eru lengri en 15 km.
  21. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur, með 200 000 tonna geymslugetu eða meira.
-

## II. VIÐAUKI

## FRAMKVÆMDIR SEM FALLA UNDIR 2. MGR. 4. GR.

## 1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi

- a) Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli.
- b) Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða litt snert svæði undir þaulnýtt landbúnað.
- c) Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir.
- d) Skógrækt og skógarruðningur til að breyta nýtingu lands.
- e) Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár (framkvæmdir sem eru ekki í I. viðauka).
- f) Þauleldi á fiski.
- g) Endurheimt lands frá hafi.

## 2. Námuíðnaður

- a) Grjótnámur, opnar námur og mótekja (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- b) Neðanjarðarnámur.
- c) Steinefnanám af hafs- eða árbotni.
- d) Djúpbörun, einkum:
  - borun eftir jarðhita,
  - borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,
  - borun eftir vatni,að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.
- e) Iðjuver ofanjarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.

## 3. Orkuíðnaður

- a) Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- b) Iðnaðarmannvirki til að flytja gas, gufu eða heitt vatn; flutningur á raforku með loftlínunum (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- c) Geymsla jarðgass ofanjarðar.
- d) Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi.
- e) Geymsla jarðefnaeldsneytis ofanjarðar.
- f) Gerð tafna úr kolum og brúnkolum.
- g) Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi (nema það sem fram kemur í I. viðauka).
- h) Vatnsaflsstöðvar.
- i) Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú).

## 4. Framleiðsla og vinnsla málma

- a) Stöðvar til framleiðslu á steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.
- b) Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málum:
  - i) heitvölsunarstöðvar,
  - ii) smiðjur með hömrum,
  - iii) varnarhúðun með bræddum málum.
- c) Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.
- d) Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málum öðrum en góðmálum, einnig endurnýttum vörum (hreinun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv).
- e) Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofanjarðar með rafgreiningar- eða efnaaðferð.
- f) Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.
- g) Skipasmiðastöðvar.
- h) Stöðvar til smíða og viðgerða á loftförum.

- i) Framleiðsla á járnbrautarbúnaði.
- j) Málmátun með sprengiefnum.
- k) Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

#### 5. **Steinefnaíðnaður**

- a) Koxofnar (þurreiming kola).
- b) Sementsverksmiðjur.
- c) Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- d) Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjagleri.
- e) Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.
- f) Framleiðsla á leirvörum með brenslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni.

#### 6. **Efnaíðnaður (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka)**

- a) Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemiskra efna.
- b) Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmilíki og peroxíðum.
- c) Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemisk efni.

#### 7. **Matvælaíðnaður**

- a) Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
- b) Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum.
- c) Framleiðsla á mjólkurvörum.
- d) Öl- og maltgerð.
- e) Framleiðsla á sætindum og sírópi.
- f) Sláturhús.
- g) Stöðvar til sterkjuframleiðslu.
- h) Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur.
- i) Sykurverksmiðjur.

#### 8. **Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður**

- a) Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- b) Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun trefja eða textílefna.
- c) Stöðvar þar sem fram fer sýtun á húðum og skinum.
- d) Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á beðmi.

#### 9. **Gúmmííðnaður**

Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmilíki.

#### 10. **Grunnvirkjaf framkvæmdir**

- a) Framkvæmdir á iðnaðarhúsnaði.
- b) Byggingarframkvæmdir í þéttbýli, að meðtalinni byggingu verslunarmiðstöðva og bilageymslna.
- c) Lagning járnbrauta og bygging aðstöðu fyrir samþætta flutninga og bygging samþættra samgöngumiðstöðva (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- d) Bygging flugvalla (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- e) Vegagerð, bygging hafna og hafnarmannvirkja, einnig fiskihafna (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- f) Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir, sem ekki eru í I. viðauka, gerð skipaskurða og fráveituskurða.
- g) Stíflur og önnur mannvirki til að hemja eða geyma vatn til langs tíma (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).



- h) Sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.
- i) Olíu- og gaspípumannvirki (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- j) Vatnsleiðslumannvirki um langan veg.
- k) Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum og mannvirki við haf sem geta breytt strandlengju, til dæmis með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.
- l) Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns sem ekki er í I. viðauka.
- m) Mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasvæða áa sem ekki eru í I. viðauka.

#### 11. Aðrar framkvæmdir

- a) Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.
- b) Stöðvar til úrgangslausunar (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- c) Vatnshreinsistöðvar (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).
- d) Geymslustaðir fyrir seyru.
- e) Geymsla brotajárns, einnig aflóga ökutækja.
- f) Prófunarbeckkir fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.
- g) Stöðvar sem framleiða steinullartrefjar.
- h) Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.
- i) Sláturhús.

#### 12. Ferðalög og tómstundir

- a) Skíðabrekkur, skíðalyftur og kláfar og skyldar framkvæmdir.
- b) Smábátahafnir.
- c) Orlofshverfi og hótelpyrpingar utan þéttbýlissvæða og framkvæmdir sem tengjast þeim.
- d) Varanleg tjaldstæði og hjólhýsastæði.
- e) Skemmtigarðar.

13. — Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir í I. eða II. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið.
- Framkvæmdir í I. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

*III. VIÐAUKI***VALVIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR.****1. Eiginleikar framkvæmda**

Athuga þarf eiginleika framkvæmda einkum með tilliti til:

- umfangs framkvæmdanna,
- samlagningaráhrifa við aðrar framkvæmdir,
- nýtingar náttúruauðlinda,
- framleiðslu úrgangs,
- mengunar og ónæðis,
- slyshættu, einkum með tilliti til efna eða tækni sem notuð er.

**2. Staðsetning framkvæmda**

Athuga þarf hversu viðkvæmt umhverfi þeirra landsvæða er, sem líklegt er að framkvæmdir hafi áhrif á, einkum með tilliti til:

- landnýtingar sem fyrir er,
- hlutfallslegrar nægtar, gæða og endurnýjunargetu náttúruauðlinda á svæðinu,
- mótstöðuafli náttúrulega umhverfisins, með sérstöku tilliti til eftirtalinnna svæða:
  - a) votlendissvæða,
  - b) strandsvæða,
  - c) fjall- og skóglendis,
  - d) friðlanda og þjóðgarða,
  - e) svæða sem eru skráð eða friðuð samkvæmt lögum aðildarríkja; sérstakra verndarsvæða sem aðildarríkin tilgreina samkvæmt tilskipun 79/409/EBE og 92/43/EBE,
  - f) svæða þar sem þegar hefur verið farið fram úr umhverfisgæðastöðlum sem kveðið er á um í bandalagslöggjöf,
  - g) þéttbýlissvæða,
  - h) staða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi.

**3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa**

Athuga þarf hugsanleg veruleg áhrif framkvæmda í tengslum við viðmiðanirnar í 1. og 2. lið hér að framan, einkum með tilliti til:

- umfangs áhrifanna (landsvæðis og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum),
- áhrifa yfir landamæri,
- vægis og víxlverkunar áhrifanna,
- hversu líkleg áhrifin eru,
- hve lengi áhrifin vara, tíðni þeirra og hvort þau eru afturkallanleg.

*IV. VIÐAUKI***UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 5. GR.**

1. Lýsing á framkvæmdunum, hér er einkum átt við:
  - lýsingu á ytri eiginleikum framkvæmdanna í heild og landrýmisþörfum meðan á byggingu og rekstri standur,
  - lýsingu á helstu eiginleikum framleiðsluferla, til dæmis eðli og magni þeirra hráefna sem notuð eru,
  - áætlun, eftir gerð og magni, um efnaleifar og útblástur (mengun vatns, lofts og jarðvegs, hávaða, titring, ljós, hita, geislun o.s.frv.).
2. Yfirlit um helstu valkosti sem byggingaraðili hefur kannað og ábending um helstu ástæður fyrir valinu, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.
3. Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum, einkum byggð, dýralífi, jurtalífi, jarðvegi, vatni, lofti, loftslagsþáttum, eignum, þar með töldum byggingarsögulegum og fornleifafræðilegum minjum, landslagi og hvernig samspili fyrrgreindra þátta er háttáð.
4. Lýsing<sup>(1)</sup> á líklegum verulegum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið vegna:
  - tilurðar framkvæmdanna,
  - nýtingar náttúruauðlinda,
  - útblásturs mengunarvalda, ónæðis og úrgangslösuunar,og lýsing byggingaraðila á aðferðum sem notaðar eru til að segja fyrir um áhrif á umhverfið.
5. Lýsing á ráðstöfunum sem fyrirhugað er að gera til að koma í veg fyrir, draga úr og, ef hægt er, vega á móti alvarlegri umhverfisröskun.
6. Almennt yfirlit um upplýsingarnar sem eru veittar um ofantalin atriði.
7. Visbending um þá erfiðleika (tæknilega annmarka eða skort á verkunnáttu) sem framkvæmdaraðili hefur staðið frammi fyrir við söfnun upplýsinganna sem krafist er.

<sup>(1)</sup> Lýsingin skal ná til beinna áhrifa framkvæmdanna, svo og óbeinna áhrifa, annars stigs áhrifa, samlagningaráhrifa, skammtíma- meðaltíma- og langtímaáhrifa, varanlegra og tímabundinna, jákvæðra og neikvæðra.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/06**

**nr. 21/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/98 frá 30. október 1998<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/483/EB frá 20. júlí 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 2d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/431/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„- **398 D 0483:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/483/EB frá 20. júlí 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar (Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 12).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/483/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 36.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 12.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 20. júlí 1998

**um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar(\*)**

(tilkynnt með númeri C(1998) 2102)

(98/483/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að skilyrði fyrir veitingu umhverfismerkis bandalagsins skuli ákveðin fyrir hvern vöruflokk.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að meta beri áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir vöruflokk.

Með ákvörðun 93/431/EBE <sup>(2)</sup> setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar en samkvæmt 3. gr. þeirrar ákvörðunar féllu þær úr gildi 30. júní 1996.

Rétt er að samþykka nýja ákvörðun um vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk, sem gilda í þrjú ár eftir að gildistími fyrri viðmiðana rennur út, svo að framleiðendur og innflytjendur uppþvottavéla geti haldið áfram að taka þátt í kerfinu um veitingu umhverfismerkis bandalagsins.

Rétt er að endurskoða viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun 93/431/EBE, svo að hægt sé að greina frá prófunaraðferðum og flokkun á orkunotkun og uppþvotta- og þurrkhæfni með þeim hætti að samræmist tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB <sup>(3)</sup> um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE <sup>(4)</sup>, að því er varðar orkumerkingar

uppþvottavéla til heimilisnota og svo að hægt sé að laga kröfur um orku- og vatnsnotkun að tækninýjungum og markaðsþróun.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila á sérstökum samráðsfundum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „uppþvottavélar“ (sem hér á eftir kallast „vöruflokkurinn“) er skilgreindur þannig:

— uppþvottavélar til heimilisnota sem nota rafmagn og eru seldar almenningi. Vélar, sem ganga einnig fyrir öðrum orkuberum, eins og rafhlöðum, eða eru án innri hitagjafa, eru undanþegnar.

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif og notagildi vöruflokksins með hliðsjón af þeim sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og hinar sérstöku vistfræðilegu viðmiðanir fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að viðmiðanirnar eru samþykktar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/1999 frá 26. febrúar 1999 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 198, 7. 8. 1993, bls. 38.

(3) Stjtið. EB L 118, 7. 5. 1997, bls. 1.

(4) Stjtið. EB L 297, 13. 10. 1992, bls. 16.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „002“ notað fyrir vöruflokkinn.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júlí 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ritt BJERREGAARD

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

## RAMMI

Til að hægt sé að veita umhverfismerki fyrir uppþvottavél verður hún að uppfylla viðmiðanirnar í þessum viðauka en markmiðið með þeim er að ýta undir að:

- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri orkunotkun (almennri hækkun hitastigs, súrnun, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda) með því að draga úr orkunotkun,
- dregið verði úr umhverfisspjöllum tengdum notkun náttúrulegra auðlinda með því að draga úr vatnsnotkun,
- dregið verði úr vatnsmengun með því að nota minna þvottaefni.

Þar fyrir utan er viðmiðununum ætlað að stuðla að bestu framkvæmd og að efla umhverfisvitund neytenda.

Enn fremur er ýtt undir endurnýtingu tækisins með því að merkja plastihluta.

## LYKILVIÐMIÐANIR

## 1. Orkusparnaður

Uppþvottavélar fyrir borðbúnað fyrir 10 eða fleiri verða að hafa lægri orkunýtnistuðul en 0,76, eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB, með því að nota sömu prófunaraðferð EN 50242 og sama uppþvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.

Vélin fellur þannig undir orkunýtniflokk A eða B, eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB.

Uppþvottavélar fyrir borðbúnað fyrir færri en 10 verða að hafa lægri orkunýtnistuðul en 0,88, eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB, með því að nota sömu prófunaraðferð EN 50242 og sama uppþvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.

Vélin fellur þannig undir orkunýtniflokka A, B eða C, eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB.

## 2. Vatnssparnaður

Vatnsnotkun uppþvottavélarinnar (gefið upp sem  $W_{(mælt)}$ ) skal vera lægri en eða jöfn og viðmiðunarmörkin sem eru skilgreind með jöfnunni hér á eftir:

$$W_{(mælt)} \leq 0,6 s + 11,2$$

þar sem:

$$W_{(mælt)} = \text{mæld vatnsnotkun uppþvottavélarinnar í lítrum í einum þvotti, gefið upp með einum aukastaf,}$$

$s$  = fjöldi borðbúnaðareininga af staðalstærð sem uppþvottavélin getur tekið.

Vatnsnotkunina skal mæla með því að nota sömu prófunaraðferð EN 50242 og sama uppþvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.

### 3. **Komið í veg fyrir óhóflega notkun þvottaefnis**

Á sápuhólfi vélarinnar skulu vera greinilegar rúmmálsmerkingar svo að notandanum sé gert kleift að miða magn þvottaefnisins við tegund og magn þeirra hluta sem fara í vélina og það hversu óhreinir þeir eru (sjá einnig viðmiðanir 5.1.g).

## **VIÐMIÐANIR FYRIR BESTU FRAMKVÆMD**

### 4. **Hönnun vélarinnar**

1. Vélín skal vera þannig að gert sé ráð fyrir því að notandinn geti valið kerfi fyrir staðlaðan uppþvott með þvottaefni sem gefur bestan árangur við hita sem er lægri en 65°C, þ.e. 55°C eða 50°C.
2. Á vélinni skulu öll uppþvottakerfi vera greinilega merkt (til dæmis staðlaður uppþvottur, lágur hiti, hálfvull vél, lítið eða mjög óhreint o.s.frv.).
3. Á vélinni skal eftir atvikum vera hægt að stilla saltskömmtunina eftir hörku vatnsins á viðkomandi stað og á vélinni skal vera saltáfyllingarmælir.

### 5. **Notendaleiðbeiningar**

Selja skal vélina með notendahandbók sem veitir ráðleggingar um rétta notkun með tilliti til umhverfissjónarmiða, hér er einkum átt við:

1. Ráðleggingar um hagstæðustu orkunotkun, vatnsnotkun og notkun aukefna (þvottaefni, salt o.s.frv.) þegar vélín er notuð, þar á meðal:
  - a) Ráðleggingar um rétta uppsetningu uppþvottavélarinnar og, ef hægt er að taka heitt vatn inn á vélina, ráðleggingar um eldsneyti sem er notað til að hita neysluvatn.
  - b) Ráðleggingar um að miða saltskammt við hörku vatnsins á viðkomandi stað, ef við á.
  - c) Ráðleggingar um að þvo fulla vél eftir því sem kostur er.
  - d) Ráðleggingar um að ekki þurfi að skola hluti áður en þeir eru settir í uppþvottavélina.
  - e) Ráðleggingar um heppilegustu notkun á skol- og hlé-valmöguleikum, ef um slíkt er að ræða.
  - f) Ráðleggingar um fánleg þvottaefni sem gefa bestan árangur við hita sem er lægri en 65°C og eru orkusparandi.
  - g) Ráðleggingar um að miða þvottaefnisskammtinn við tegund og magn þeirra hluta sem eru settir í vélina og það hversu óhreinir þeir eru (til dæmis: í hálfvulla vél þarf minna þvottaefni). Hafa ber hliðsjón af merkingunum í sápuhólfinu.
  - h) Upplýsingar um orkunýtingu og vatnsnotkun uppþvottavélarinnar eftir uppþvottakerfum, til að notandinn geti valið kerfi sem nýtir best bæði orku og vatn.
  - i) Ráðleggingar um að hafa ekki straum á uppþvottavélinni að uppþvotti loknum, því við það kann orka að tapast. Í notendahandbókinni ber að tiltaka þann tíma sem þarf til að ljúka hverju uppþvottakerfi.



- j) Upplýsingar um uppþvotta- og þurrkhæfni uppþvottavélarinnar, með tilliti til orkumerkjaflokka.
  - k) Ráðleggingar um viðeigandi viðhald uppþvottavélarinnar, þar með talið að hreinsa síur reglulega og fjarlægja útfellingu.
  - l) Upplýsingar þess efnis að sé framangreindum ráðum ekki fylgt aukist notkun orku, vatns og/eða þvottaefnis sem getur leitt til þess að rekstrarkostnaðurinn verður hærri og árangurinn lélegri.
2. Upplýsingar þess efnis að uppþvottavélin sé samsett af hlutum og eignum sem eru endurnýtanleg og/eða endurvinnanleg,
3. Ráðleggingar um að þegar neytandinn losar sig við uppþvottavélina skuli hann afla sér upplýsinga um og fylgja gildandi ákvæðum um ráðstöfun úrgangs.

#### 6. Endurvinnsla

Á plasthlutum sem veða meira en 50 g verður að vera varanleg merking sem sýnir um hvaða efni er að ræða, í samræmi við ISO 1043.

Undantekningar frá þessari viðmiðun eru útblásnar plastvörur.

### NOTHÆFISVIÐMIÐANIR

#### 7. Uppþvottahæfni

Uppþvottavélin verður að lágmarki að fá uppþvottahæfniseinkunnina 0,88, eins og skilgreint er í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB, í EN 50242-pröfun þar sem uppþvottakerfið sem um getur í tilskipun 97/17/EB er notað.

Uppþvottavélin fellur þannig undir uppþvottahæfnisflokk A, B eða C eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB.

#### 8. Þurrkhæfni

Uppþvottavélin verður að lágmarki að fá þurrkhæfniseinkunnina 0,78, eins og skilgreint er í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB, í EN 50242-pröfun þar sem uppþvottakerfið sem um getur í tilskipun 97/17/EB er notað.

Uppþvottavélin fellur þannig undir uppþvottahæfnisflokk A, B eða C eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB.

#### 9. Hávaðamengun

Hávaði, sem berst í lofti frá tækinu, reiknaður sem hljóðafli, skal ekki fara yfir 55 dB(A) fyrir gerðir sem eru ekki innbyggðar og ekki yfir 51 dB (A) fyrir gerðir sem eru innbyggðar.

Mæling á hávaðastigi skal vera í samræmi við tilskipun ráðsins 86/594/EBE<sup>(1)</sup>, samkvæmt stöðlunum sem mælt er fyrir um í staðli EN 50242.

#### 10. Upplýsingar um hávaða

Upplýsingar um hávaðastig tækisins skulu standa þar sem neytandinn fær auðveldlega komið auga á þær. Þetta skal gert með því að koma þessum upplýsingum fyrir á orkumerkimiðanum fyrir uppþvottavélar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 344, 6. 12. 1986, bls. 24.

Upplýsingarnar um hávaðastig skulu vera í samræmi við tilskipun ráðsins 86/594/EBE, samkvæmt stöðlunum sem mælt er fyrir um í staðli EN 50242.

### PRÓFUN

#### 11. Prófunarstofur

Prófun skal fara fram á kostnað umsækjanda á prófunarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar sem lögð er áhersla á í EN 45001 stöðlunum og sem hafa reynslu af að prófa uppþvottavélar.

### NEYTENDAUPLÝSINGAR

Eftirfarandi texta skal komið fyrir þar sem neytendur fá auðveldlega komið auga á hann (við hliðina á merkimiðanum, sé þess kostur):

- Þessi vara uppfyllir þær kröfur sem eru gerðar vegna umhverfismerkis Evrópusambandsins þar sem hún er orku- og vatnsnýtin.
  - Frekari upplýsingar um hvernig má draga úr umhverfisáhrifum er að finna í notendahandbókinni.
-

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

00/EES/28/07

nr. 22/1999  
frá 26. febrúar 1999

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/98 frá 3. júní 1998<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til aðgerðaáætlunar bandalagsins „Evrópsk sjálfboðaðþjónusta fyrir ungt fólk“ (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1686/98/EB)<sup>(2)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn þannig að þessi aukna samvinna geti hafist frá 1. ágúst 1998.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

4. gr. í bókun 31 við samninginn breytist sem hér segir:

Eftirfarandi ný málsgrein komi aftan við málsgrein 2a:

„2b. EFTA-ríkin skulu frá 1. ágúst 1998 taka þátt í eftirfarandi áætlun bandalagsins:

- **398 D 1686:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1686/98/EB frá 20. júlí 1998 um að koma á fót aðgerðaáætlun bandalagsins „Evrópsk sjálfboðaðþjónusta fyrir ungt fólk“ (Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 1).“

2. í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í málsgreinum 1, 2, 2a og 2b í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. EES-samningsins.“

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. ágúst 1998.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 279.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 1.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/08**

**nr. 23/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/98 frá 3. júní 1998<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til áætlunar til margra ára um að efla endurnýjanlega orkugjafa í bandalaginu (ALTENER II) (ákvörðun ráðsins 98/352/EB)<sup>(2)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn þannig að þessi aukna samvinna geti hafist frá 1. janúar 1998.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

14. gr. í bókun 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi ný málsgrein komi aftan við 2. mgr.:

„2a. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1998 taka þátt í áætlun bandalagsins sem um getur í c-lið 5. mgr. og aðgerðum henni tengdum.“,

2. Eftirfarandi bætist við í 5. mgr.:

„c) **398 D 0352**: Ákvörðun ráðsins 98/352 frá 18. maí 1998 varðandi áætlun til margra ára um að efla endurnýjanlega orkugjafa í bandalaginu (ALTENER II)(Stjtið. EB L 159, 3.6.1998, bls. 53).“,

3. Í stað orðanna „a- og b-liður 5. mgr.“ í 3. og 4. mgr. komi „a-, b- og c-liður 5. mgr.“.

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. janúar 1998.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 279.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 159, 3.6.1998, bls. 53.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/09**

**nr. 24/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/98 frá 3. júní 1998<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til þeirra hluta sem varða EES í aðgerðaáætlun um skipti milli stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna á embættismönnum sem eiga að sjá um framkvæmd bandalagslöggjafar sem er nauðsynleg til þess að innri markaðurinn komist á (ákvörðun ráðsins 92/481/EB<sup>(2)</sup>), eins og henni var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 889/98/EB (Karolus-áætlunin)<sup>(3)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn þannig að þessi aukna samvinna geti hafist frá 1. janúar 1999.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

Eftirfarandi grein bætist við í bókun 31 við samninginn:

„18. gr.

**Skipti milli stjórnsýslustofnana á embættismönnum**

„1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1999 taka þátt í þeim hlutum er varða EES í aðgerðaáætlun bandalagsins og áætluninni sem um getur í 4. mgr.

2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til aðgerðaáætlunar bandalagsins og áætlunarinnar sem um getur í 4. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.

3. EFTA-ríkin skulu frá upphafi samstarfs í aðgerðaáætluninni og áætluninni sem um getur í 4. mgr. taka fullan þátt í nefnd EB sem aðstoðar framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun aðgerðaáætlunarinnar og áætlunarinnar að svo miklu leyti sem nefndinni er falið að fjalla um málefni sem falla undir gildissvið samningsins.

4. Eftirfarandi gerðir bandalagsins svo og gerðir sem af þeim leiða falla undir þessa grein:

- **392 D 0481:** Ákvörðun ráðsins 92/481/EBE frá 22. september 1992 um samþykkt aðgerðaáætlunar um skipti milli stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna á embættismönnum sem eiga að sjá um framkvæmd bandalagslöggjafar sem er nauðsynleg til þess að innri markaðurinn komist á (Stjtið. EB L 286, 1.10. 1992, bls. 65), eins og henni var breytt með:

- **398 D 0889:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 889/98/EB frá 7. apríl 1998 (Stjtið. EB L 126, 28.4.1998, bls. 6).“

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. janúar 1999.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 279.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 286, 1.10.1992, bls. 65.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 126, 28.4.1998, bls. 6.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/10**

**nr. 25/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn**  
**um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

**2. gr:**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 42d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1128/96) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

„42e. **398 R 0881:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/98 frá 24. apríl 1998 um nákvæmar reglur um verndun frekari hefðbundinna heita sem eru notuð á tiltekna tegundir gæðavíns sem eru framleiddar í tilgreindum héruðum (gæðavín fth) (Stjtið. EB L 124, 25.4.1998, bls. 22).“

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/98 frá 25. september 1998<sup>(1)</sup>.

**3. gr:**

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/98 frá 22. apríl 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/98 og (EB) nr. 881/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr:**

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/98 frá 24. apríl 1998 um nákvæmar reglur um verndun frekari hefðbundinna heita sem eru notuð á tiltekna tegundir gæðavíns sem eru framleiddar í tilgreindum héruðum (gæðavín fth)<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr:**

**5. gr:**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

„- **398 R 0847:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/98 frá 22. apríl 1998 (Stjtið. EB L 120, 23.4.1998, bls. 14).“

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 192.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 120, 23.4.1998, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 124, 25.4.1998, bls. 22.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 847/98****frá 22. apríl 1998****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vinnuáætlunarinnar<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2087/97<sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 72. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1427/96<sup>(4)</sup>, er kveðið á um almennar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa.Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90<sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2543/97<sup>(6)</sup>, er kveðið á um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa.

Slóvenía hefur óskað eftir breytingum á I. og IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90 að því er varðar hugtök sem lýsa afburðagæðum og heiti vinnuáætlunarfríðna og samheiti þeirra sem eru notuð til að lýsa slóvensku víni. Rétt er að fallast á þessa beiðni.

Kanada hefur óskað eftir að verða sett á skrána, sem um getur í a-lið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89, sem þriðja land sem notar landfræðilegar lýsingar í samræmi við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPs-samninginn) og á skrá yfir þriðju lönd sem er heimilt að setja heiti vinnuáætlunarfríðna á merkimiða. Rétt er að fallast á þessa beiðni og bæta Kanada við í hluta A. I í II. viðauka og í IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EBE) nr. 3201/90 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 17. liðar (SLÓVENÍA) í I. viðauka:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 120, 23.4.1998, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/1999 frá 26. febrúar 1998 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginum afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

(1) Stjtið. EB L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 292, 25. 10. 1997, bls. 1.

(3) Stjtið. EB L 232, 9. 8. 1989, bls. 13.

(4) Stjtið. EB L 184, 24. 7. 1996, bls. 3.

(5) Stjtið. EB L 309, 8. 11. 1990, bls. 1.

(6) Stjtið. EB L 347, 18. 12. 1997, bls. 24.

## „17. SLÓVENÍA

- Kakovostno vino z geografskim poreklom / kakovostno vino ZGP
- Kakovostno vino s kontroliranim in zascitenim geografskim poreklom
- Vrhunsko vino z geografskim poreklom / vrhunsko vino ZGP
- Trgatev v polni zrelosti
- Pozna trgatev
- Izbor
- Izbor grozdov
- Jagodni izbor
- Trgatev suhij jagod
- Suhi jagodni izbor
- Ledeno vino
- Staro vino
- Arhivsko vino
- Kontrolirano poreklo
- Slamnato vino, slamno vino
- Penina
- Kakovostno penece vino z geografskim poreklom
- Mlado vino
- Vino iz sušenega grozdja
- Teran
- Cvček“.

## 2. Eftirfarandi bætist við í hluta A.1 í II. viðauka:

„12. KANADA“.

## 3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka:

## a) Eftirfarandi komi í stað 33. liðar (SLÓVENÍA):

Skrá yfir viðurkennd afbrigði í bandalaginu	Viðurkennd samheiti
„33. SLÓVENÍA	
Laški rizling	Italijanski rizling, Laski rizling, Laski riesling, Welschriesling
Renski rizling	Riesling, White Riesling, Weißer Riesling
Sauvignon	Sauvignon blanc, Weißsauvignon, Weißer Sauvignon, Fumé blanc
Beli pinot	Beli burgunder, Pinot blanc, White pinot, Weißburgunder, Weißer Burgunder, Pinot bianco
Sivi pinot	Pinot gris, Pinot grigio
Chardonnay	—
Rumeni muškát	Yellow muscat, Muskateller, Gelber Muskateller
Traminec	Rdeci traminec, Di šeci traminec, Gewürztraminer
Zeleni silvanec	Silvanec, Green Sylvaner, Grüner Sylvaner, Sylvaner, Silvaner, Green silvaner
Šipon	Mosler, Furmint
Muškat Ottonel	Muscat-Ottonel, Muskat-Ottonel
Ranina	Bouvier, Bouviejeva ranina, Radgonska ranina, Bouviertraube, Bouvier ranina, Bouviejeva rana
Rizvanac	Rizvaner, Müller-Thurgau, Rivaner
Modri pinot	Pinot noir, Spätburgunder, Blauer Spätburgunder, Pinot nero
Frankinja	Modra frankinja, Frankovka, Blaufränkisch
Portugalka	Modra portugalka, Portugieser, Blauer Portugieser, Portugais bleu



Skrá yfir viðurkennd afbrigði í bandalaginu	Viðurkennd samheiti
Kraljevina Zametovka	Rdeca kraljevina Zametna crnina, Modra kaucina, Modra kavcina, Kavcina, Kaucina, Zametasta crnina, Crnina
Zlahtnina Kerner	Chasselas, Gutedel
Ranfol Gamay	Belina, Štajerska belina Game, Gamay noir
Šentlovenka Zweigelt	St. Laurent, Saint Laurent —
Rumeni plavec Rebula	— Ribolla, Rebolla, Rumena rebula, Zlata rebula
Malvazija Cabernet sauvignon	Istrska bela malvazija, Istrska malvazija Kabernet, Cabernet, Kabernet sauvignon
Prosecco Refošk	Glera Refoško, Refosco, Refosko, Mondeuse
Cabernet franc Pinela	— Pinella
Zelen Pikolit	— —
Merlot Barbera	— Barbera nera
Malocrn	Piccola nera <sup>44</sup>

## b) Eftirfarandi liður bætist við:

Skrá yfir viðurkennd afbrigði í bandalaginu	Viðurkennd samheiti
„34. KANADA	
Agria	
Aligoté	
Auxerrois	
Blauburger	
Bacchus	
Baco Noir	
Cabernet Franc	Cabernet
Cabernet Sauvignon	Cabernet
Chardonnay	Pinot Chardonnay
Chardonnay Musqué	
Chasselas	Chasselas Doré, Gutedel, Weißer Gutedel
Chenin Blanc	
Colombard	Colombar
Corvina	
Dolcetto	
Dornfelder	
Dunkelfelder	
Ehrenfelser	
Faberrebe	
Furmint	
Gamay Noir	Gamay
Garganega	
Gewürztraminer	

Skrá yfir viðurkennd afbrigði í bandalaginu	Viðurkennd samheiti
Goldburger Grüner Veltliner Helfensteiner Heroldrebe Kerner	Veltliner
Lemberger Madeleine Angevine Madeleine Sylvaner	Limberger, Blaufränkisch, Kékfrankos
Malbec Malvasia	Malbeck Malvasia Bianca
Melon	
Merlot	
Morio-Muskat	Muscat
Müller-Thurgau	Rivaner
Mtsvane	Matsvani
Muscat Blanc	Muskateller, Gelber Muskateller, Muscat, Yellow Muscat, Muskotaly
Muscat-Ottonel	
Optima	
Oraniensteiner	
Ortega	
Perle of C'saba	Pearl of C'saba
Petite Sirah	
Petit Verdot	
Pinot Blanc	Weißburgunder, Pinot Bianco
Pinot Gris	Ruländer, Pinot Grigio, Grauer Burgunder
Pinot Meunier	Meunier, Müllerrebe, Schwarzriesling
Pinot Noir	Blauer Spätburgunder, Spätburgunder, Blauburgunder, Pinot Nero
Pinotage	
Refosco	
Riesling	White Riesling
Riesling italico	Welschriesling
Rkatsiteli	
Rotberger	
St. Laurent	
Samtrot	
Sangiovese	
Sauvignon Blanc	Fumé Blanc
Savagnin	
Scheurebe	
Schiava Grossa	Großvernatsch
Schönburger	
Sémillon	Sémillon Blanc
Sereksia Chornaya	
Siegerrebe	
Sylvaner	Silvaner
Syrah	Shiraz, Sirah
Trebiano	Ugni Blanc
Trollinger	
Vidal Blanc	Vidal
Zefir	
Zengo	
Zinfandel	
Zweigelt	Blauer Zweigelt, Zweigeltrebe
Viognier	

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 881/98****frá 24. apríl 1998****um nákvæmar reglur um verndun frekari hefðbundinna heita sem eru notuð á tiltekna tegundir gæðavíns sem eru framleiddar í tilgreindum héruðum (gæðavín fth)(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87 frá 16. mars 1987 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum (gæðavín fth) <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1426/96 <sup>(2)</sup>, einkum 8. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 1. og 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87 er kveðið á um verndun heita sem hefð er fyrir að nota til að merkja gæðavín fth. Bandalagsheitin og hefðbundnu sérheitin, sem eru leyfð samkvæmt lögum aðildarríkjanna og um getur í 1. og 2. mgr. 15. gr., eru talin upp í greininni en það tryggir að þau séu þekkt og vernduð í bandalaginu. Aftur á móti hefur enn ekki verið gerð tæmandi skrá yfir þau frekari hefðbundnu heiti sem eru leyfð samkvæmt lögum framleiðsluríkjanna og um getur í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87. Rétt er að taka saman skrá yfir þessi heiti til að tryggja að þau séu þekkt og til að auka vernd þeirra í bandalaginu.

Til að frekari hefðbundin heiti njóti verndar í öllum aðildarríkjunum er rétt að skrá þau á vettvangi bandalagsins þannig að unnt sé að veita vínframleiðendum og neytendum upplýsingar um þau.

Sum hinna hefðbundnu heita, sem eru notuð til að merkja vín sem freyða ekki og hálfreyðandi vín, hafa þegar verið skráð í reglugerðir bandalagsins um merkingar slíkra vína.

Fyrir nokkra flokka vína, einkum hálfreyðandi vín og vínlikjöra, hafa frekari hefðbundin heiti, sem eru leyfð samkvæmt landslögum, ekki enn verið skráð í löggjöf bandalagsins. Hins vegar hafa aðildarríkin sent framkvæmdastjórninni skrá yfir hefðbundin heiti, sem eru viðurkennd fyrir vínlikjöra og hálfreyðandi vín, þar sem vísað er til viðeigandi ákvæða í landslögum fyrir hvert þeirra. Í viðaukanum við þessa reglugerð ætti að vera skrá yfir hefðbundin

heiti sem eru nægilega tengd einni eða fleiri tegundum gæðavínlikjöra, sem eru framleiddar í tilgreindu héraði (gæðavínlikjöra fth), eða hálfreyðandi vína, sem eru framleiddar í tilgreindum héruðum (hálfreyðandi gæðavín fth), til að réttlæta megi sérstaka vernd þeirra á grundvelli þess hversu þekkt eða sérstök þau eru.

Þó eru til frekari hefðbundin heiti sem nota má fyrir flokk gæðavínlikjöra eða hálfreyðandi gæðavína fth í einu eða fleiri aðildarríkjum og sem eru notuð að sambærilegum skilyrðum uppfylltum, heiðarlega og að jafnaði fyrir tiltekin vín sem eru merkt með landfræðilegu heiti þriðja lands. Rétt er að setja ákvæði um að nota megi þau heiti á þessi vín í bandalaginu að uppfylltum vissum skilyrðum.

Frekari hefðbundin heiti geta einungis notið verndar að uppfylltum vissum skilyrðum.

Til að skapa skilyrði fyrir heiðarlega samkeppni á milli hinna ýmsu vintegunda er rétt að vernda þau frekari hefðbundnu heiti, sem eru talin upp í viðaukanum, til að koma í veg fyrir annars vegar að þau séu notuð í lýsingu og kynningu á vínnum sem mega ekki bera þau og hins vegar að koma í veg fyrir að aðrir geti hagnýtt sér heitin og villt um fyrir almenningi. Til þess að koma á skilvirkri vernd heita, sem eru notuð til að merkja gæðavínlikjöra eða hálfreyðandi gæðavín fth, er mikilvægt að banna notkun tegundarheita sem í eru sömu orð og í hefðbundnum heitunum í viðaukanum við þessa reglugerð. Þó er nauðsynlegt að standa vörð um réttmætar væntingar eigenda tegundarheita sem voru skráð fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

Fyrir suma gæðavínlikjöra og hálfreyðandi gæðavín fth eru notuð frekari hefðbundin heiti til að greina þau vel frá öðrum vörum á grundvelli sérstakra eiginleika þeirra. Hafa verður eftirlit með notkun þessara heita til að tryggja vernd neytenda.

Vernduð notkun þeirra heita, sem fjallað er um í þessari reglugerð, á aðeins við um vín en ekki aðra drykki. Með „vín“ er átt við vörur sem falla undir SAT-númer 2204.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 124, 25.4.1998, bls. 22, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/1999 frá 26. febrúar 1998 um breytingu á bókun 47 við EES-samningnum afhám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 84, 27. 3. 1987, bls. 59.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 24. 7. 1996, bls. 1.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur um verndun frekari hefðbundinna heita fyrir gæðavinlíkjöra og hálfreyðandi gæðavin fth sem eru leyfð samkvæmt landslögum í framleiðsluríkjunum og sem um getur í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87.

Þessi reglugerð kemur þó ekki í veg fyrir að notað sé heiti til að merkja og kynna vín eða þrúgusafa ef slík notkun er leyfð samkvæmt reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 2392/89 <sup>(1)</sup>, (EBE) nr. 3201/90 <sup>(2)</sup>, (EBE) nr. 2333/92 <sup>(3)</sup> eða (EB) nr. 554/95 <sup>(4)</sup>.

2. Í þessari reglugerð merkir hugtakið „frekara hefðbundið heiti“ heiti sem hefð er fyrir að nota til að merkja gæðavin fth í framleiðsluríkjunum og sem vísar öðru fremur til framleiðsluáðferðar, lögunar- eða geymsluáðferðar eða til gæða vínsins, litar eða vintegundar og er viðurkennt samkvæmt lögum framleiðsluríkjanna til merkingar og kynningar á gæðavinum fth sem eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra.

## 2. gr.

Til að njóta þeirrar verndar, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., verður frekara hefðbundið heiti, sem er notað til að merkja gæðavinlíkjöra eða hálfreyðandi gæðavin fth, að:

- vera sértækt og nákvæmlega skilgreint í löggjöf aðildarríkisins,
- vera nægilega sérkennandi og/eða vel þekkt,
- hafa verið notað samkvæmt hefð og samfleytt í að minnsta kosti fimm ár áður en það öðlast opinbera viðurkenningu til notkunar í aðildarríkinu,
- vera tengt einni eða fleiri tegundum gæðavinlíkjöra eða hálfreyðandi gæðavína fth, eftir því sem við á, eða flokkum gæðavinlíkjöra eða hálfreyðandi gæðavína fth.

## 3. gr.

1. Þau frekari hefðbundnu heiti, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru leyfð í framleiðsluríkjunum, og sem einungis má nota á gæðavinlíkjöra eða hálfreyðandi gæðavin fth, enda hafi þau verið viðurkennd sem slík, og til að merkja þau vín sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87, eru talin upp í viðaukanum við þessa reglugerð.

Þó má, þrátt fyrir fyrstu undirgrein og eftir því sem við á, leyfa notkun sumra frekari hefðbundinna heita, sem eru talin upp í viðaukanum, á tungumáli þriðja lands, sem er upprunaland, fyrir

vínlíkjöra og hálfreyðandi vín sem eru merkt með landfræðilegu heiti er nýtur verndar í þriðju löndum, að því tilskildu að löndin:

- uppfylli skilyrði sem eru jafngild skilyrðunum sem koma fram í 2. gr.,
- hafi lagt inn umsókn hjá framkvæmdastjórninni og sent henni viðeigandi lög.

Í viðaukanum við þessa reglugerð er að finna skrá yfir þriðju lönd og þau hefðbundnu heiti sem er heimilt að nota við merkingu vínlíkjöra og hálfreyðandi vína í bandalaginu.

2. Aðildarríkin skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir:

- hefðbundnum heitum sem eru leyfð í lögum þeirra fyrir gæðavinlíkjöra og hálfreyðandi gæðavin fth,
- ef við á, hefðbundnum heitum sem njóta ekki lengur verndar í upprunalandi sínu.

## 4. gr.

1. Vernda skal frekari hefðbundin heiti, sem eru talin upp í viðaukanum, með því að koma í veg fyrir:

- a) að þau verði notuð til að merkja vín, sem eru ekki tunduð þar, í beinum eða óbeinum viðskiptum, og þau talin sambærileg vörum sem eru skráðar undir heitinu eða að notkun þeirra feli í sér að aðrir hagnýti sér það góða orð sem fer af verndaða heitinu;
- b) misnotkun, eftirlíkingu eða hugrenningatengsl, einnig ef verndaða heitinu fylgja orðasambönd á borð við „líki“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“ eða þess háttar;
- c) hvers konar aðrar óréttmætar, rangar eða villandi upplýsingar um eðli eða grundvallareiginleika vínsins, á innri eða ytri umbúðum, í auglýsingaefni eða skjölum er varða viðkomandi vöru;
- d) hvers konar athafnir, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir almenningi, einkum þær sem gefa til kynna að verndaða hefðbundna heitið geti átt við um vínið.

2. Í tegundarheitum, sem eru notuð á merkimiðum víns, skal ekki vera neitt þeirra hefðbundnu heita sem eru talin upp í viðaukanum nema heimilt sé að nota þá merkingu fyrir vínið.

Þó á fyrri undirgrein ekki við um tegundarheiti sem eru skráð fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og hafa verið í notkun frá skráningu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 232, 9. 8. 1989, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 309, 8. 11. 1990, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 231, 13. 8. 1992, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 56, 14. 3. 1995, bls. 3.

*5. gr.*

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með þeim frekari hefðbundnu heitum, sem eru talin upp í viðaukanum, og veita þeim þá vernd sem um getur í 4. gr.

*6. gr.*

Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að heitum, sem eru notuð á landsvísu, verði ekki ruglað saman við þau heiti sem eru talin upp í viðaukanum og frátekin samkvæmt 1. mgr. 3. gr.

*7. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. október 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

---

## VIDAUKI

Skrá yfir frekari hefðbundin heiti sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

## Frekari hefðbundin heiti

## ÍTALÍA

— *Gæðavinlíkjörar fth:*

Ambra	DOC Marsala
Ambrato	DOC Malvasia delle Lipari og DOC Vernaccia di Oristano
Extra	DOC Moscato Passito di Pantelleria
Fine	DOC Marsala
Lacryma Christi	DOC Vesuvio
Oro	DOC Marsala
Passito	DOC Moscato Passito di Pantelleria
Riserva	DOC Marsala DOC Girò di Cagliari, DOC Malvasia di Cagliari, DOC Monica di Cagliari, DOC Moscato di Cagliari, DOC Nasco di Cagliari
Rubino	DOC Marsala
Soleras	DOC Marsala
Stravecchio	DOC Marsala
Vergine	DOC Marsala

— *Hálffreyðandi gæðavinlíkjörar fth:*

Buttafuoco	DOC Oltrepò Pavese
Gutturnio	DOC Colli Piacentini
Pagadebit	DOC Pagadebit di Romagna
Sangue di Giuda	DOC Oltrepò Pavese
Vivace	DOC Oltrepò Pavese, DOC Colli Bolognesi og DOC Colli Piacentini

## SPÁNN

— *Gæðavinlíkjörar fth:*

Amontillado	DDOO Jerez-Xérès-Sherry y Manzanilla Sanlúcar de Barrameda og DO Montilla-Moriles
Criadera	DDOO Jerez-Xérès-Sherry y Manzanilla Sanlúcar de Barrameda, DO Montilla-Moriles, Málaga og DO Condado de Huelva
Dorado	DO Rueda
Fino	DDOO Jerez-Xérès-Sherry y Manzanilla Sanlúcar de Barrameda, DO Montilla-Moriles
Lágrina	DO Málaga
Vino Maestro	DO Málaga
Oloroso	DDOO Jerez-Xérès-Sherry y Manzanilla Sanlúcar de Barrameda og DO Montilla-Moriles
Pajarete	DO Málaga
Pálido	DO Condado de Huelva og DO Rueda
Palo Cortado	DDOO Jerez-Xérès-Sherry y Manzanilla Sanlúcar de Barrameda og DO Montilla-Moriles
Rancio	DO Priorato, DO Tarragona
Raya	DO Montilla-Moriles
Solera	DDOO Jerez-Xérès-Sherry y Manzanilla Sanlúcar de Barrameda, DO Montilla-Moriles, DO Málaga og DO Condado de Huelva
Soleras y criaderas	DDOO Jerez-Xérès-Sherry y Manzanilla Sanlúcar de Barrameda, DO Montilla-Moriles, DO Málaga og DO Condado de Huelva

## FRAKKLAND

— *Gæðavinlíkjörar fth:*

Ambre	AOC Rivesaltes
Hors d'âge	AOC Rivesaltes
Rancio	AOC Grand Roussillon, AOC Rasteau, AOC Maury, AOC Banyuls, AOC Rivesaltes
Tuile	AOC Rivesaltes

## GRIKKLAND

— *Gæðavinlíkjörar fth:*

Από διαλεκτούς αμπελώνες (Grand cru)	O.I.E. Σάμος (Samos) O.I.E. Μοσχάτος Λημνου (Moskhatos Limnou) O.I.E. Μοσχάτος Πατρών (Moskhatos Patron) O.I.E. Μοσχάτος Ρίου-Πατρών (Moskhatos Riou-Patron) O.I.E. Μοσχάτος Ρόδου (Moskhatos Rodou) O.I.E. Μοσχάτος Κεφαλληνίας (Moskhatos Kefallinias)
Reserve	O.I.E. Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodafni Patron) O.I.E. Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodafni Kefallinias)
Vieille Reserve	O.I.E. Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodafni Patron) O.I.E. Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodafni Kefallinias)
Grand Reserve	O.I.E. Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodafni Patron) O.I.E. Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodafni Kefallinias)

## PORTÚGAL

— *Gæðavinlíkjörar fth:*

Amadurecido	DO Madeira
Aveludado	DO Madeira
Canteiro	DO Madeira
Colheita	DO Madeira, DO Carcavelos, DO Porto, DO Setúbal
Com indicação de idade:	
5 anos de idade	DO Madeira
10 anos de idade	DO Porto, DO Madeira, DO Setúbal, DO Carcavelos
15 anos de idade	DO Madeira
20 anos de idade	DO Porto, DO Madeira, DO Setúbal, DO Carcavelos
30 anos de idade	DO Porto, DO Setúbal, DO Carcavelos
+ 40 anos de idade	DO Porto, DO Setúbal, DO Carcavelos, DO Madeira
Crusted eða Crusting	DO Porto
Escuro	DO Madeira
Frasqueira	DO Madeira
Lágrima	DO Porto
Late bottled Vintage eða LBV	DO Porto
Leve Seco	DO Porto
Roxo	DO Setúbal
Ruby	DO Porto
Solera	DO Madeira
Tawny	DO Porto
Vintage	DO Porto
VintageCharacter	DO Porto



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/11**

**nr. 26/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn**  
**um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/98 frá 25. september 1998<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2624/95 frá 10. nóvember 1995 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3220/90 um skilyrði fyrir notkun tiltekinnar aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 27. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3220/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **395 R 2624:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2624/95 frá 10. nóvember 1995 (Stjtið. EB L 269, 11.11.1995, bls. 1).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2624/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 192.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 269, 11.11.1995, bls. 1.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2624/95****frá 10. nóvember 1995****um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3220/90 um skilyrði fyrir notkun tiltekinna aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 15. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3220/90 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um skilyrði fyrir notkun tiltekinna aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87. Þeirri reglugerð ber að breyta og fella inn í hana skilyrði varðandi notkun ensímefnablandna betaglúkanasa eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 822/87.

Haft hefur verið samráð við vísindanefndina um matvæli um ákvæði sem geta haft áhrif á almannaheilbrigði.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 1995.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 269, 11.11.1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/1999 frá 26. febrúar 1998 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginum afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 308, 8. 11. 1990, bls. 22.

*VÍÐAUKI**„III. VÍÐAUKI***Reglur varðandi betaglúkanasa**

1. Alþjóðlegt númer betaglúkanasa: E.C. 3-2-1-58
  2. Hýdrólasi betaglúkans (sem brýtur niður glúkan í Botrytis cinerea)
  3. Uppruni: *Trichoderma harzianum*
  4. Notkunarvið: brýtur niður betaglúkan í víni, einkum vínnum sem eru framleidd úr þrúgum með *Botrytis cinerea*
  5. Hámarksskammtur: 3 g af ensímefnablöndu sem inniheldur 25% alls af lífrænum þurrefnum (TOS) á hvern hektólítra.“
-

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/28/12**

**nr. 27/1999**  
**frá 26. febrúar 1999**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/98 frá 3. júní 1998<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til fimmtu rammaáætlunarinnar um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1998 til 2002) (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 182/1999/EB)<sup>(2)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn þannig að þessi aukna samvinna geti hafist frá gildistöku fimmtu rammaáætlunarinnar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 1. gr. í bókun 31 við samninginn:

„- **399 D 0182:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 182/1999/EB frá 22. desember 1998 um fimmtu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1998 til 2002) (Stjtið. EB L 26, 1.2.1999, bls. 1).“

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá gildistöku fimmtu rammaáætlunarinnar.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 279.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 26, 1.2.1999, bls. 1.